



50%
afsláttur
af nammibarnum
á laugardögum



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

30. júlí 2005 - 204. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

LAUGARDAGUR

Sjökkrokkarinn Alice Cooper lofar hörku-tónleikum í Kapla-krika 13. ágúst þar sem gerviblód og spennitreyjur koma við sögu. Kappinn er 57 ára en segist aldrei hafa verið í betra formi.



TÓNLIST 32

Keflvíkingar til Þýskalands

Keflvíkingar hefðu getað verið heppnari með mótherja í 2. umferð UEFA-bikarsins í knattspyrnu en í stað þess að fara til Svíþjóðar eða Danmerkur mættir Keflavíkurlíðið þýska liðinu Mainz í næstu umferð.



ÍÞRÓTTIR 34

Traustir bræður en ólíkir

Stærstu eigendur Exista, sem verður kjölfestufjárfestir Símans, eru Ágúst og Lýður Guðmunds-synir, sem hafa leitt sigurgöngur framleiðslufyrirtækisins Bakkavarar.



MENN VIKUNNAR 16

VEÐRIÐ Í DAG



RIGNING um eða eftir hádegi um sunnan- og vestanvert landið. Dregur úr vætu í kvöld. Bjart með köflum austan jökla. Hiti 10-18 stig, hlýjast austan til.

VEÐUR 4

LANDIÐ ALLT
Lestur á
laugardögum
20-40 ára*

65%

Fréttablaðið

35%

Mbl.

*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í júní 2005. Lestur á laugardögum.

Bílainnflutningur tvöfalt meiri en síðasta metár

Vöruskiptahalli fyrstu sex mánuði ársins er nærri 35 milljarðar króna. Mestu munar um aukinn bílainnflutning, sem slær öll met. Innflutningurinn á þeim er nú tvöfalt meiri að verðmæti en á árunum 1999-2000, sem voru metár. Sjávarútvegurinn hefur tapað yfir tíu milljörðum fyrstu sex mánuði ársins vegna hás gengis.

EFNAHAGSMÁL Vöruskiptajöfnuður í tímabilinu janúar-júní var neikvæður um 34,3 milljarða á þessu ári, sem er 21 milljarði meiri halli en á sama tíma í fyrra. Í júnímánuði einum voru vöruskiptin neikvæð um 10,2 milljarða, sem er mesti vöruskiptahalli sem um getur í einum mánuði hér á landi. Mestu munar um innflutning á bílum og eldsneyti.

„Það hefði mátt búast við mun meiri halla hefði sjávarútvegur ekki verið að eflast,“ segir Snorri Jakobsson, hagfræðingur hjá greiningardeild KB banka. „Það er fátt annað sem kemur á óvart.“ Snorri segir það fyrst og fremst hátt gengi, stór-

iðjuframkvæmdir, hækkandi eldsneytisverð á heimsmarkaði og almenna bjartsýni sem valdi vöruskiptahallanum. „Við höfum séð bílainnflutning aukast mjög lengi.“ Hann segir heildarverðmæti innfluttra bíla nú tvöfalt meira en á árunum 1999-2000, sem voru metár. Snorri segir þetta þó ekki endilega vera slæmt. „Það er að koma fjármagn inn í landið á móti þessum vöruskiptum vegna stóriðjuframkvæmda og með lántökum en fyrr eða síðar mun ójafnvægi í inn- og útflutningi leiða til þess að gengi krónunnar sígi.“

Hækkandi gengi hefur valdið vandræðum í sjávarútvegi en ef

marka má hagtolurnar virðist sjávarútvegurinn standa þetta ágætlega af sér. Utflutningsverðmæti sjávarafurða er aðeins að lækka um 350 milljónir miðað við sama tíma í fyrra - hefði gengið staðið í stað hefði verðmæti hans aukist um 8,4 prósent.

„Í ársbyrjun höfðu menn væntingar um að þetta yrði gott ár,“ segir Sveinn Hjörtur Hjartarson, hagfræðingur LÍÚ. Hann segir gengið

nú vera 16 prósentum hærra en menn hafi áætlað þá. Einhverjir útgerðarmenn séu að bæta vöruskiptajöfnuð hagkerfisins með útflutningi sem skili tapi þar sem viðskiptasamningar hafi verið gerðir fram í tímann á grundvelli rangra væntinga. „Það eru vonbrigði að útflutningsverðmæti skuli standa í stað og líklega eru þetta tíu til ellefu milljarðar sem sjávarútvegurinn er að tapa vegna hás gengis.“ -grs

	Janúar-júní 2004	jan.-júní 2005	Breytingar frá fyrra ári á föstu gengi
Útflutningur	99.120,1	96.785,8	6,5%
Innflutningur	113.594,0	131.108,1	25,8%
Vöruskiptajöfnuður	-14.473,9	-34.322,3	

*Millj. kr. á gengi hvors árs / Heimild: hagstofa Íslands



ATVINNUBÍLSTJÓRAR MÓTMÆLTU OLÍUGJALDI Lögregla var með talsverðan viðbúnað vegna hópa vörubílstjóra sem óku á þrjátíu kílómetra hraða um götur Reykjavíkur síðdegis í gær. Bílstjórnarnir virtu fyrirmæli lögreglu um að stöðva hvergi bifreiðar sínar og keyra ekki í hægt, þannig að tafir urðu ekki jafn miklar og óttast hafði verið. Sjá síðu 4.

Mikill viðbúnaður lögreglunnar víða um land:

Tekinn með hundrað grömm í Herjólfí

FÍKNIEFNAMÁL Maður um sextugt var handtekinn þegar hann ætlaði sér um borð í Herjólf í fyrrakvöld en hann var með hundrað grömm af fíkniefnum innanklæda.

Þar af voru 70 grömm af hvítu efni, sem að sögn lögreglunnar á Selfossi mun líklega vera amfetamín, og 30 grömm af hassi.

Ef tekið er mið af verðkönnunum SÁÁ má áætla að götuverð fíkniefnanna sé tæpar 400 þúsund krónur.

Í framhaldi gerði lögreglan í Reykjavík húsleit í íbúð mannsins. Þar fannst lítilræði af fíkniefnum og viðurkenndi maður sem staddur var í íbúðinni að hann ætti efni.

Lögreglan á Selfossi er með mikinn viðbúnað við höfnina í Þorlákshöfn og nýtur hún liðsfylgis tollgæslunnar.

Þrjú önnur fíkniefnamál hafa komið upp við höfnina og hefur lögregla lagt hald á lítilræði af

kannabisefnum og amfetamíni.

Lögreglan í Vestmannaeyjum situr heldur ekki aðgerðalaus því hún gómaði fjóra menn í gær sem stigu til lands úr Herjólfí með eitthvert magn fíkniefna í fórum sínum. Þeir voru í haldi lögreglu þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Mikill viðbúnaður er einnig á Akureyri og þar þefa fíkniefnahundar einnig eftir fíkniefnum.

-jse

Vatnajökull:

Skaftárhlaup að hefjast

HLAUP Allt bendir til þess að vatn úr Skaftárkatli sé að brjóta sér leið undir Vatnajökli. Samkvæmt upplýsingum frá Magnúsi Tuma Guðmundssyni jarðvísindamanni er hæð í botni Skaftárkatla farið að nálgast þá stöðu sem verið hefur í byrjun fyrri hlaupa. Veðurstofan telur líkur á að vatn muni ná fram að jökulrönd snemma í dag.

Síðan á fimmtudaginn hafa óróaupúlsar sést á jarðskjálfta-mælum Veðurstofunnar á Grímsfjalli og Skrokköldu. Þessu valda svokallaðir isskjálftar í vestanverðum Vatnajökli. Óróinn kemur í hrinum sem vara í nokkra klukkutíma. Erfitt er að staðsetja þessa skjálfta nákvæmlega en allt bendir til þess að vatn úr Skaftárkatli sé að brjóta sér leið undir jöklinum. -th

TÍVOLÍ
við Smáralind

15-90%
Afsláttur

ÚTSALA
í fullum gangi

BETRI LEIÐ
TIL AÐ VERSLA



SPURNING DAGSINS

Frosti, fraustu þegar þú fékkst fréttirnar?

„Ég er alveg svellkaldur.“

Frosti Bergsson er skattakóngurinn í ár og þarf að greiða 123 milljónir króna í skatt.

Ágætis veður viðs vegar um land í upphafi verslunarmannahelgarinnar:

Búist er við tíu þúsund gestum í Eyjum

VERSLUNARMANNAHELGIN Veðurbliða lék við hátíðagesti um allt land í gær og víðast er spáð áframhaldandi góðviðri. Mikil umferð hefur verið víðast hvar um landið.

Flestir gestir voru í Vestmannaeyjum í gær. Þar hefur allt farið vel fram þótt mestur fjöldi þjóðhátíðargesta hafi mætt á svæðið í gær. Búast má við að níu þúsund gestir séu nú á Þjóðhátíð.

Á Akureyri byrjaði fólk að streyma í bænin seinnipartinn. Lögreglan bjóst við að umferðin myndi ná hámarki upp úr miðnætti. Tjaldstæðið í Þórunnarstræti var orðið fullt um áttaleytið í gær en nóg pláss var eftir

á tjaldsvæðinu í Hömrum.

Um þúsund manns voru í Galta-læk undir kvöld í gær. Ekki sást vín á nokkrum manni en rappsveitin Hæsta hendin var að fara að spila þegar Fréttablaðið talaði við lögregluna í Rangárvallasýslu.

Í Neskaupstað fór straumurinn að koma á Neistaflugíð um þrjú í gær og fór gestafjöldinn vaxandi upp úr því. Fjöldi gesta lá þó ekki fyrir þegar blaðið fór í prentun.

- grs

Á LEIÐ Á ÞJÓÐHÁTÍÐ Í EYJUM

Þessar bráðhuggulegu ungu stúlkur voru á leiðinni til Vestmannaeyja um níuleytið í gærkvöld.



FRÉTTABLAÐIÐ/WILHELM



RÁÐHERRA Á TOPPNUM Sigríður Anna Þórðardóttir ráðherra uppi á Hvannadalshnúki.

Hvannadalshnúkur:

Mælingunum er lokið

UMHVERFI Störfum mælingamanna sem vilja fá endanlega niðurstöðu á það hve hár Hvannadalshnúkur er lauk í gær stuttu eftir klukkan tvö og nú taka útreikningar við. Búist er við að niðurstaða þeirra liggi fyrir á miðvikudaginn í næstu viku.

Mælingar stóðu yfir í rúma tvo sólarhringa. Tveir voru að störfum uppi á jöklinum og þrír voru á jörðu niðri.

Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra fór upp á jökulinn í gær og lauk mælingastörfum.

- grs

Fréttablaðið:

Kemur næst út á þriðjudag

ÚTGÁFA Fréttablaðið kemur næst út þriðjudaginn 2. ágúst.

Upplýsingar vegna dreifingar blaðsins er hægt að fá í síma 550 5000 í dag frá kl. 8 til 18.

Afgreiðsla og skiptiborð Fréttablaðsins í Skaftahlíð verður lokað í dag og á morgun en opin á mánudag frá klukkan 11 til 16. ■

Meintir sprengjumenn handteknir

Breska lögreglan handtók í gær tvo af þeim fjórum mönnum sem voru eftirlýstir fyrir sprengjutilræðin 21. júlí. Alls eru nú 20 manns í haldi vegna málsins.

BRETLAND, AP Sérsvartarmenn bresku lögreglunnar, vopnaðir hríðskotabyssum og táragsasi, gerðu áhlaup á tvær íbúðarblokkir í vesturhluta Lundúna í gær og handtóku þar að minnsta kosti þrjú menn sem grunaðir eru um að hafa verið viðriðir misheppnuðu sprengjutilræðin í jarðlestum og strætisvagni í borginni hinn 21. júlí síðastliðinn.

Nöfn hinna handteknur voru ekki gefin upp að svo stöddu, en samkvæmt heimildum Sky-sjónvarpsstöðvarinnar voru þar á meðal að minnsta kosti tveir af þeim fjórum mönnum sem lögregla hafði lýst eftir, grunuðum um að hafa komið sprengjunum fyrir. Einn fjórmenn-inganna var handtekinn í Birmingham á miðvikudag.

Samkvæmt heimildum fréttavefs BBC eru þessir tveir menn þeir sem eftirlýstir voru fyrir að hafa reynt að sprengja heimatilbúnar sprengjur í strætisvagni á Hackney Road og í jarðlest við Oval-stöðina á fimmtudeginum fyrir rúmri viku.

Þá handtók lögregla einnig tvær konur á Liverpool Street-lestarstöðinni í miðborg Lundúna í gær. Stöðin var rýmd er handtökurnar fóru fram. Að sögn vitna stóð önnur konan í biðröð í lestina til Stansted-flugvallar er lögreglumenn skelltu henni í gólfíð. Ekki lá fyrir hvort talið væri að hinar handteknur tengdust sprengjutilræðunum.

Íbúðarblokkirnar þar sem hinir grunuðu voru handteknir

eru í Notting Hill-hverfinu. Í grennd við aðra þeirra er garður þar sem sprengja fannst í bakpoka um síðustu helgi. Sá fundur vakti grun um að sprengjumennirnir hefðu verið fimm en ekki fjórir.

Sky News-stöðin greindi einnig frá því að einn maður enn hefði verið handtekinn í Hackney í Austur-Lundúnum, en það var í því hverfi sem reynt var að sprengja sprengju í tveggja hæða strætisvagni 21. júlí.

Á fimmtudag handtók lögregla níu menn í áhlaupi á hús í Tooting-hverfi í suðurhluta borgarinnar. Alls eru nú 20 manns í haldi í tengslum við rannsókn sprengjuárásanna.

audunn@frettabladid.is



LEIDDUR Á BROTT Á þessari mynd úr sjónvarpi sjást lögreglumenn hylja andlit eins þeirra manna sem þeir handtóku í Notting Hill í gær.

Flytur sig um set:

Mun heita Rökkurbarinn

SKEMMTANALÍFIÐ Öldurhúsinu

Kaffi Austurstræti var lokað fyrir fullt og allt í gær en eigandi þess ætlað að flytja starfsemi yfir í Hafnarstræti.



SÍÐASTA KVÖLDIÐ Hínu alræmda Kaffi Austurstræti var lokað eftir gærkvöldið og flytur það í Hafnarstræti.

„Ég stefni að því að hafa annað yfirbragð á nýja staðnum,“ segir Óskar Örn Ólafsson. Hann vonast þó til þess að halda í flesta fastakúnnana. „Ég hef ekkert yfir þeim að kvarta.“

Óskar missti leiguhúsnæðið í Austurstræti og keypti þetta húsnæði. „Ég býst við að vera þar næstu áratugina.“

- grs

Flóð á Inlandi:

Yfir sjö-hundruð látin

BOMBAY, AP Nær 750 hafa látist í flóðum af völdum monsunrigninganna í Bombay og nágrenni á um það bil einni viku. Aldrei hafa fleiri látist á þessum slóðum í monsunflóðum, að sögn ráðamanna í héruðunum.

Björgunarmenn leita nú að líkum og þykir nær öruggt að mun fleiri fórnarlömb flóðanna muni finnast á næstu dögum. Á fimmtudaginn var rigningin svo mikil að nær metra þykkt vatnslag lagðist yfir götur Bombay. Stór hluti rigningarinnar kom á örfáum klukkutímum svo að vegir breyttust í beljandi stórfljót og skriður eyðilögðu fjöldamörg heimili. ■

Tengsl forstjóra Símons við nýja eigendur:

Ómakleg gagnrýni segir fjármálaráðherra

SÍMINN Ingibjörg Sólrún Gísladóttir formaður Samfylkingarinnar hefur gagnrýnt tengsl Brynjólfs Bjarnasonar, forstjóra Símons, við einstaka bjóðendur í fyrirtækið. Þar er átt við aðaleigendur Bakka-varar sem fara með stærsta einstaka hlutinn í Skiptum ehf.

Geir Haarde gefur lítið fyrir slíka gagnrýni og þykir hún ómakleg enda hljóti allir bjóðendur að sitja við sama borð.

Geir segir rétt að nota hluta andvirði Símons til þess að greiða niður skuldir ríkissjóðs. „Það er góð ráðstöfun og lagar stöðuna ríkissjóðs til framtíðar,“ segir Geir.

Gengið verður til samninga við Skipti ehf. sem var bauð hæsta verðið fyrir Símann eða 66,7 milljarða króna. Geir segir að sú upphæð verði að fullu greidd þegar búið verður að yfirfara öll atriði, meðal annars af Samkeppniseftirlitinu. Hann tekur undir með Hall-



GEIR HAARDE FJÁRMÁLARÁÐHERRA „Hátækisjúkrahús kostar á fjórða tug milljarða eða um helming þess sem fékkst fyrir Símann.“

dóri Ásgrímssyni og Davíð Oddssyni um að nota eigi hluta andvirðisins til samfélagslegrar uppbyggingar. „Það hefur verið nefnt hátækisjúkrahús á lóð Landspítalans. Það kostar á fjórða tug milljarða eða um helming þess sem

fékkst fyrir Símann og byggingartíminn er langur. Einnig hefur verið nefnt að ráðstafa mætti hluta fjárins til uppbyggingar á fjar-skiptakerfi landsmanna, samgöngumannvirkjum og fleira,“ segir Geir.

- jh

Kanarí
-frábær tilboð í allan vetur!

Netverð frá
27.530 kr.

á mann miðað við 2 fullorðna og 2 börn, 2ja-11 ára.
Innifalið: Flug, gisting á Paraiso í 7 nætur 4. eða 11. janúar og flugvallarskattar.
39.530 kr. á mann ef 2 ferðast saman.

Jólaferðir 17. 19. 20. 21. og 29. desember
Netverð frá: **46.199 kr.**

á mann miðað við 2 fullorðna og 2 börn, 2ja - 11 ára, ferðist saman. Innifalið er flug, gisting á Paraiso í 8 nætur 21. des. og flugvallarskattar.
53.130 kr. á mann ef 2 ferðast saman.

plús
FERÐIR

www.plusferdir.is

Hlíðasmára 15 • Sími 535 2100



...með allt fyrir útileguna

Útsalan

í fullum gangi

Lokað sunnudag og mánudag,
frídag verslunarmanna.
Opið í Kringlubíói.

Opið
10-18
í dag

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

www.kringlan.is upplýsingasími 588 7788 skrifstofusími 568 9200

ÍSLENSKA AUGUSTINGARSTÍÐAN / ÍSIAUS 181 2004 - 07/2005

	Mán. til mið.	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur	Veitingastaðir og Kringlubíó
Verslanir	10.00 til 18.30	10.00 til 21.00	10.00 til 19.00	10.00 til 18.00	13.00 til 17.00	eru með opið lengur á kvöldin.
Ævintýraland	12.00 til 18.30	12.00 til 19.00	12.00 til 19.00	11.00 til 18.00	13.00 til 17.00	

GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 29.07.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	64,65	64,95
Sterlingspund GBP	113,55	114,11
Evra EUR	78,2	78,64
Dönsk króna DKK	10,483	10,545
Norsk króna NOK	9,89	9,948
Sænsk króna SEK	8,32	8,368
Japanskt jen JPY	0,5752	0,5786
SDR	XDR	93,83 94,39

Gengisvísitala krónunnar

109,56

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Menntamálaráðherra skipar Pál Magnússon útvarpsstjóra:

Pörf á að skilgreina hlutverk RÚV

ÚTVARPSSTJÓRI Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra hefur skipað Pál Magnússon í embætti útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins til fimm ára. Hann tekur við störfum 1. september næstkomandi.

„Það væru ýkjur að segja að ég hefði mótaðar hugmyndir um fyrstu verk mín sem útvarpsstjóri,“ segir Páll. „Það er hins vegar alveg ljóst að fram undan eru talsverðar breytingar hjá Ríkisútvarpinu, sem gerir þetta verkefni spennandi og áhugavert. Það er verið að setja ný lög um Ríkisútvarpið, sem er ekki vanþörf á. Ég hef lengi verið þeirrar skoðun-

ar að það þurfi að endurskilgreina hlutverk Ríkisútvarpsins í ljósi breyttra tíma. Í öllum aðalatriðum er hlutverk þess nú skilgreint eins og gert var við stofnun þess fyrir um 75 árum. Þegar þessar breytingar verða er ágætt að þær fari saman við það að nýr karl er í brúnni.“

Páll lauk phil. cand. prófi í stjórnmála- og hagsögu frá Háskólanum í Lundi árið 1979. Hann á að baki um 25 ára starfsferil sem blaðamaður, fréttamaður, fréttastjóri og sjónvarpsstjóri Stöðvar 2 og forstjóri Íslenska útvarpsfélagsins.

- jh



PÁLL MAGNÚSSON „Þegar þessar breytingar verða er ágætt að þær fari saman við það að nýr karl er í brúnni.“

Mörður Árnason þingmaður: Losaralegt ráðningarkerfi

ÚTVARPSSTJÓRI Mörður Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar, gagnrýnir vinnubrögð menntamálaráðherra við ráðningu í embætti útvarpsstjóra í gær. „Mér er kunnugt um að menntamálaráðherra lét ekki svo lítið að boða umsækjendur í viðtal. Engar kröfur voru gerðar um hæfni og reynslu í auglýsingu. Ekkert liggur fyrir um framtíðarsýn nýs útvarpsstjóra á óvissutímum hjá Ríkisútvarpinu. Miðað við strangar kröfur og úttekt á umsækjendum í stöðu fréttastjóra fyrr á árinu verða þetta að teljast losaralegt vinnubrögð,“ segir Mörður. Hann tekur fram að hann hafi ekkert úr nýráðningu útvarpsstjóra að setja. ■



SKEMMDIR Í BIRMINGHAM Þök rifnuðu af húsum og bílar hófust á flug í hvírfilbylunum á fimmtudaginn.

Óveður á Englandi:

Hreinsað til

BIRMINGHAM, AP Hreinsunaraðgerðir eru hafnar í Birmingham í Mið-Englandi eftir að lítill hvírfilbylur skall á borginni á fimmtudaginn. Hundruð húsa skemmdust í óveðrinu.

Tuttugu slösuðust þegar bylurinn skall á borginni og meira en hundrað eyddu nóttinni í neyðarskýlum við Háskólann í Birmingham. Vindhraðinn fór yfir 160 kílómetra á klukkustund og olli milljarða króna eyðileggingu.

Á milli 30 og 50 hvírfilbylir blása á Englandi ár hvert, flestir síðsumars í austurhluta landsins. ■

Dauðaslys í Evrópu:

Flest slys á Kýpur

BRUSSEL, AP Dauðaslysum í umferðinni hefur fækkað um nær alla Evrópu. Vegir á Kýpur og í löndum Austur-Evrópu eru hættulegastir og mun hættulegri en vegir í vesturhluta álfunnar. Þetta kemur fram í skýrslu sem Evrópusambandið birti í gær.

Framkvæmdastjórn ESB segir að dauðaslysum hafi fækkað um allt að 30 prósent í vesturhlutanum frá árinu 2001. Ef tekið er tillit til allra landa sambandsins, þar á meðal þeirra sem gengu í sambandið í fyrra, hefur slysum fækkað um 13 prósent sem er undir markmiðum um að fækka dauðaslysum í sambandinu um helming fyrir árið 2010. ■



MÓTMÆLUNUM STÝRT Mikil áhersla var lögð á að atvinnubílstjórar í mótmælum stöðvuðu hvergi bifreiðar sínar og brást lögregla fljótt við ef ökumenn gerðu sig líklega til þess.

Mótmæli atvinnubílstjóra töfðu umferð úr borginni

Atvinnubílstjórar mótmæltu olúgjaldi með því að aka í hægðum sínum um götur Reykjavíkur og Suðurlandsveg síðdegis í gær. Nokkrar tafir urðu á umferð úr bænum þar sem ökumenn neyddust til þess að keyra hægar.

MÓTMÆLI Nokkrar tafir urðu á umferð þegar á þriðja tug atvinnubílstjóra mótmæltu olúgjaldi í gær. Bílstjórnir óku á um þrjátíu kílómetra hraða um götur Reykjavíkur og hægðu þannig á umferð, án þess þó að stöðva hana alveg.

Bílstjórnir byrjuðu að safnast saman á Sæmundargötu við Háskóla Íslands um klukkan tvö í gær og kom lögregla strax á staðinn, að sögn Árna Friðmundssonar, varðstjóra hjá Lögreglunni í Reykjavík.

Bílstjórnir lögðu síðan af stað um klukkan hálfjögur og lagði Sturla Jónsson, forsvarsmáður hópsins, áherslu á að ekki yrði

keyrt undir helmingi löglegs hámarkshraða, auk þess sem ekki yrði farið til Mosfellsbæjar vegna framkvæmda sem gætu skapað hættu.

Bílstjórnir skiptu sér í hópa sem keyrðu mismunandi leiðir um Reykjavík að Rauðavatni, þar sem allir mættust. Þaðan ók hópur bílstjóra Suðurlandsveg að Litlu kaffistofunni en annar hópur fór aftur inn í borgina. Mótmælaaðgerðum lauk undir klukkan sex.

Lögregla var með viðbúnað um alla borg að sögn Árna og voru menn beðnir að mæta fyrir til vinnu en aðra föstudaga. „Við fylgjumst auðvitað vel með mótmælunum en sinnum einnig hinni venjulegu verslunarmannahelgumferð,“ segir hann. Ekki kom til mikilla afskipta lögreglu af mótmælendum en þó voru bílstjórar

á Suðurlandsvegi beðnir um að víkja fyrir annarri umferð um stundarsakir.

Sturla Jónsson, forsvarsmáður atvinnubílstjóranna, var sáttur við mótmælin. „Við áttum góða samvinnu við lögregluna og allt gekk vel fyrir sig,“ segir Sturla, sem vill með aðgerðunum ná eyrum ráðamanna vegna olúgjaldsins sem komið var á hinn 1. júlí. Annars segir hann verða

gripið til frekari mótmælaaðgerða. Vegfarendur sem Fréttablaðið náði tali af við Rauðavatn kváðust ekki telja atvinnubílstjóra nota réttar leiðir til þess að vekja athygli á málstað sínum. Lýstu flestir óánægju með umferðartafirnar og sögðu aðgerðirnar ekki bitna á neinum nema fólkinu í landinu. Sumir þeyttu þó flautur sínar til þess að sýna bílstjórunum stuðning.

helgat@frettabladid.is

Lögregla sátt við mótmæli

„Hvorki slys né óhöpp áttu sér stað og það tel ég aðalatriðið,“ segir Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík, um mótmæli atvinnubílstjóra í gær. Geir Jón segist hafa átt góða samvinnu við mótmælendur og þeir hafi virt fyrir-mæli lögreglu. „Þeir keyrðu ekki of hægt og stöðvuðu bíla sína hvergi,“


segir Geir Jón, sem segir tafir á umferð ekki hafa verið mikið meiri en við væri að búast á föstudegi fyrir verslunarmannahelgi. „Umferðin í gær var minni en á síðasta ári, hugsanlega vegna þess að fólk gerði ráðstafanir um að leggja fyrir af stað vegna hinna fyrirhuguðu mótmæla.“ -ht

VEÐRIÐ Í DAG

STÆRSTA FERÐA-HELGI ÁRSINS
Já, nú er komið að henni. Þá þrjátíu menn upp hversdagsleikann, í hvaða veðri sem er, fara eitthvað, grilla, fara í leiki, skemmta sér og sínum, sýna sig og sjá aðra og stofna til nýrra vináttusambanda. Æ, er þetta ekki bara svölitið sjarmerandi? Í hvaða veðri sem er berjast menn við tjöldin sín, liggja undir teppum og drekka kakó og stundum eitthvað sterkara. En veðurspámar hafa lítið breyst. Við fáum flest sýnishorn þessa helgina. Njótið þess að vera til!!!



Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur



ÚTSALAN
HEFST Á ÞRIÐJUDAG
2. ágúst

10-40%
afsláttur

Val húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

Opið virka daga kl.10-18
laugardaga kl.11-16

ÆVNTÝR & EYLAN ÍSLAND

Frábær ferðaleikur fyrir alla fjölskylduna!

Aðalvinningur
í ferðaleik Olís
verður dreginn út
20. ágúst!



Aðalvinningur

- Afnot af jeppa í eitt ár
- Afnot af fellihýsi í 3 mánuði
- 100.000 kr. eldsneytisúttekt hjá Olís
- Glæsilegt Char-Broil-útigrill frá Olís
- Útilegubúnaður frá Ellingsen að eigin vali að verðmæti 80.000 kr.

Taktu þátt

– safnaðu stimplum hjá Olís!

olis

www.olis.is



Ferðamálaráð Íslands
www.ferdalag.is



KJÖRKASSINN

Ertu sátt(ur) við sölu á Simanum?

Niðurstöður gær dagsins á visir.is

Já	49%
Nei	51%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Verða FH-ingar Íslands-meistarar karla í fótbolta með fullt hús stiga?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun



Fuglaflensuveira sem getur borist í menn hefur breiðst út:

Skæða veiran greinist í Rússlandi

RÚSSLAND. AP Rússnesk yfirvöld greindu frá því í gær að fuglaflensuveira, sem fannst nýlega í fuglum í Síberíu, væri af þeirri skæðu gerð sem getur borist í menn. Veirusýkingin drap hundruð far- og alifugla í Síberíu fyrr í þessum mánuði, en engar fréttir hafa borist af því að hún hafi borist í menn.

Í fréttatilkynningu frá rússneska landbúnaðarráðuneytinu segir að rannsókn hafi leitt í ljós að veiran sem fannst í fuglum í Novosibirsk-héraði væri af skæða afbrigðinu A H5N1.

Fuglaflensa hefur greinst í farfuglum víða um Asíu á síðustu

mánuðum og vitað er um nokkur tilvik þar sem sýkingin hefur dregið menn til dauða. Frá því á árinu 2003 hafa að minnsta kosti 57 manns orðið veikinni að bráð í Víetnam, Taílandi, Kambódíu og Indónesíu, en tilkynnt var nú í júlí um fyrstu dauðsföllin þar í landi. Hundruðum milljóna alifugla hefur verið slátrað og eytt í sýkingavarnaskyni í þessum löndum á síðustu tveimur árum.

- aa



SÝKINGARÓTTI

Sóttþreinsunarbókva er úðað yfir kjúklinga á markaði í Yogyakarta á Jövu í Indónesíu. Nú er staðfest að fuglaflensan hefur borist til Rússlands.



FIMM GJALDAHÆSTU EINSTAKLINGAR í öllum umdæmum

REYKJAVÍK

Frosti Bergsson, Reykjavík
122.829.044 kr.
Vilhelm Róbert Wessman, Reykjavík
106.948.660 kr.
Björgólfur Guðmundsson, Reykjavík
106.863.596 kr.
Jón Ásgeir Jóhannesson, Reykjavík
99.964.726 kr.
Jón Halldórsson, Reykjavík
51.303.849 kr.

VESTURLAND

Erlingur Helgason, Snæfellsbæ
23.869.404 kr.
Ólafur Ólafsson, Eyja- og Miklaholts-hreppi 14.894.058 kr.
Kristinn Jónsson, Stykkishólmi
14.450.351 kr.
Sigríður T. Pétursdóttir, Stykkishólmi
11.520.340 kr.
Haraldur Sturlaugsson, Akranesi
11.425.065 kr.

VESTFIRÐIR

Finnbogi Jakobsson, Bolungarvík
12.749.759 kr.
Snorri Sturluson, Suðureyri
10.704.608 kr.
Jakob Ólafsson, Ísafirði
6.313.044 kr.
Kristján Haraldsson, Ísafirði
6.253.340 kr.
Þorsteinn Jóhannesson, Ísafirði
6.206.995 kr.

NORÐURLAND VESTRA

Þórolfur Gíslason, Sauðárkróki
9.890.787 kr.
Jón Eðvald Friðriksson, Sauðárkróki
6.811.373 kr.
Ómar Ragnarsson, Blönduósi
6.434.792 kr.
Gísli Ólafsson, Blönduósi
6.163.871 kr.
Ágúst Oddsson, Hvammstanga
6.115.519 kr.

Íbúar á suðvesturhorninu tekjuhæstir

Álagning gjalda bendir til mikils tekjumunar eftir landshlutum. Skattskrár eru öllum aðgengilegar til 12. ágúst næstkomandi.

ÁLAGNING Embætti skattstjóra um land allt lögðu í gær fram skrá yfir álagða skatta árið 2005. Upplýsingar um álagninguna liggja frammi hjá embættunum til 12. ágúst næstkomandi og er öllum frjálst að kynna sér þær.

Álögð gjöld í Reykjavík og Reykjanesumdæmi eru samtals um 114 milljarðar króna af um 145 milljörðum króna sem eru áætluð tekjuskattsbyrði allra landsmanna. Þannig koma nærri 80 prósent álagðra gjalda meðal einstaklinga af suðvesturhorni landsins en þar búa liðlega tveir þriðju hlutar landsmanna.

Ef aðeins er tekið mið af tíu hæstu greiðendum í öllum nýu umdæmunum eru gjöld að jafnaði langhæst í Reykjavík, liðlega 67 milljónir króna að jafnaði. Næsthæst eru gjöldin í Reykjanesumdæmi, um 40 milljónir króna að meðaltali í hópi tíu hæstu greiðenda. Í þriðja sæti eru greiðendur í embætti Skattstjóra Suðurlands með nærri 23 milljónir króna að meðaltali.

Álögð gjöld eru að jafnaði lægst á Norðurlandi vestra, á Vestfjörðum og Austurlandi, sex til sjö milljónir króna í hópi þeirra tíu hæstu í hverju umdæmanna.

Gjöldin skiptast þannig að tekjuskattur er innan við helmingur heildarálagningarinnar, en útsvar, fjármagnstekjuskattur og önnur gjöld liðlega helmingur. Þannig nemur tekjuskattur Reykjavíkinga um 30 milljörðum króna, útsvar 28 milljörðum og þeir greiða samtals um þrjá og hálfan milljarð króna í fjár-



KONUR GREIÐA JAFN MIKLA EIGNARSKATTA OG KARLAR Aðeins átta konur eru í hópi þeirra eitt hundruð einstaklinga sem greiða hæsta tekjuskattinn í landinu.

magnstekjuskatt. Samtals nema gjöld skattgreiðenda í höfuðborginni alls um 65 milljörðum króna.

Sá skattgreiðandi landsins sem mest greiðir er Frosti Bergsson kaupþýslumaður en hann greiðir alls um 123 milljónir króna í skatta. Kaupsýslu- og eignafólk er áberandi í hópi hæstu skattgreiðenda. Norðurlandsumdæmi vestra sker sig úr en þar eru sjö læknar meðal tíu hæstu skattgreiðenda.

Aðeins átta konur eru í hópi eitt hundruð gjaldahæstu einstaklinganna í landinu. Þær eru aftur á móti um helmingur þeirra sem greiða hæsta eignaskattinn. johannh@frettabladid.is

10 GJALDAHÆSTU EINSTAKLINGAR Á ÖLLU LANDINU

- 1 Frosti Bergsson
122.829.044 kr.
- 2 Vilhelm Róbert Wessman
106.948.660 kr.
- 3 Björgólfur Guðmundsson
106.863.596 kr.
- 4 Arngrímur Jóhannesson
101.894.434 kr.
- 5 Jón Ásgeir Jóhannesson
99.964.726 kr.
- 6 Jón Halldórsson
51.303.849 kr.
- 7 Nanna Renate Möller
47.337.395 kr.
- 8 Guðmundur A. Birgisson
42.653.671 kr.
- 9 Aðalsteinn Karlsson
41.875.111 kr.
- 10 Guðmundur R. Hallgrímsson
41.443.099 kr.



FIMM GJALDAHÆSTU EINSTAKLINGAR FRH.

NORÐURLAND EYSTRA

Þorsteinn Már Baldvinsson, Akureyri
17.338.072 kr.
Eiríkur S. Jóhannsson, Akureyri
16.022.644 kr.
Jóhannes Jónsson, Akureyri
14.301.844 kr.
Svavar Berg Magnússon, Ólafsfirði
9.066.643 kr.
Gunnar Sigvaldason, Ólafsfirði
8.714.661 kr.

AUSTURLAND

Kristín Guttormsson, Neskaupstað
8.957.880 kr.
Hannes Sigmarsson, Eskifirði
7.669.094 kr.
Björn Magnússon, Neskaupstað
7.374.855 kr.
Sturla Þórðarson, Neskaupstað
7.100.748 kr.
Hans Dieter Imhof, Fljótsdal
6.656.190 kr.

SUÐURLAND

Guðmundur A. Birgisson, Ölfusi
42.653.671 kr.
Óskar Magnússon, Rangárfingi eystra
25.714.888 kr.
Gunnar A. Jóhannsson, Rangárfingi ytra
22.051.156 kr.
Jón Sigurðsson, Bláskógabyggð
13.966.484 kr.
Sigurbjörn Birgisson, Hveragerði
11.921.437 kr.

VESTMANNAEYJAR

Magnús Kristinsson, Vestmannaeyjum
29.292.460 kr.
Gunnar Jónsson, Vestmannaeyjum
12.695.007 kr.
Hanna María Siggeirsdóttir, Vestm.
11.628.255 kr.
Birkir Kristinsson, Vestmannaeyjum
7.610.799 kr.
Sigurður Hjörtur Kristjánsson, Vestm.
6.829.236 kr.

REYKJANESUMDÆMI

Arngrímur Jóhannesson, Mosfellsbæ
101.894.434 kr.
Nanna Renate Möller, Mosfellsbæ
47.337.395 kr.
Guðmundur R. Hallgrímsson, Reykjanesbæ
41.443.099 kr.
Erlundur Magnússon, Seltjarnarnesi
37.029.743 kr.
Sólun Rúnar Sigurðsson, Kópavogi
32.624.432 kr.

afsláttur -1kr

Viðskiptakort einstaklinga

Nánari upplýsingar í síma:

591 3100

ATLANTSOLIA Atlantsolia - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur - Sími 591-3100 - atlantsolia.atlantsolia.is

Frosti Bergsson er skattakóngur Íslands árið 2005:

Greiðir 123 milljónir í opinber gjöld

ÁLAGNING Frosti Bergsson kaupþýslumaður er sá einstaklingur sem ber hæstu opinberu gjöldin árið 2005. Hann greiðir nærri 117 milljónir króna í tekjuskatt en liðlega þrjár milljónir króna í útsvar. Álagningin nemur alls tæpum 123 milljónum króna.

Frosti lærði rafeindatekni-fræði í Danmörku og kynntist tölvum í upphafi þróunar einkatölvunnar. Hann stofnaði fyrir um 20 árum fyrirtækið Opín kerfi, sem varð eitt stærsta og framsæknasta tölvu- og hugbúnaðarfyrirtæki landsins. Fyrirtækið varð meðal annars útibú Hewlett Packard á Íslandi.

„Ég seldi hlutabréfin mín í Opnum kerfum í fyrra og það er nú aðalástæðan fyrir svo háum gjöldum nú,“ sagði Frosti í samtali við Fréttablaðið í gær. Frosti á og rekur eigið fjár-



FROSTI BERGSSON KAUPÞÝSLUMAÐUR „Ég seldi hlutabréfin mín í Opnum kerfum í fyrra og það er nú aðalástæðan fyrir svo háum gjöldum nú.“

festingarfélag og á hlut í bílafyrirtækinu Heklu og lyfjaverksmiðju á Spáni auk þess að vera hluthafi í Verðbréfastofunni, en þar er hann stjórnarformaður.

Frosti var jafnframt meðal bjóðenda í Símann og myndaði Nýja símafélagið ehf. ásamt Atorku group og fleirum.

- jh



Slakandi

HYITA HOSID / SIA

Opið alla helgina í Bláa Lóninu – heilsulind

Dekraðu við þig og þína með heimsókn í Bláa Lónið – heilsulind þar sem spa-meðferðir, nudd, eimböð, sauna, tígulegur foss og freistandi veitingar eru meðal þess sem bíður gesta.

www.bluelagoon.is • 420 8800

 **Upplifðu**
ISLAND-SKJUM ÞAD HEIM


BLUE LAGOON
ICELAND



VEISTU SVARIÐ?

- 1 Hversu mikið jukust skuldir heimilanna í fyrra?
- 2 Hvað heitir nýr útvarpsstjóri Ríkisútvarpsins?
- 3 Hver var besti leikmaður 7.-12. umferðar Íslandsmóts karla í fótbolta?

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Umdeild lífsskjararannsókn bæjaryfirvalda á Akureyri:

Trúnaði létt af bæjarfulltrúum

LÍFSKJARARANNSÓKN Trúnaði vegna skýrslu um samanburðarrannsókn á lífsskjörum Akureyringa og Reykvíkinga, sem IMG Gallup framkvæmdi í vor að ósk bæjaryfirvalda á Akureyri, var aflétt síðastliðinn fimmtudag hvað varðar bæjarfulltrúa á Akureyri. Bæjarráð Akureyrar samþykkti samhljóma þann 7. júlí síðastliðinn að trúnaður skyldi hvíla á skýrslunni en Jakob Björnsson, formaður bæjarráðs, segir að ekkert sé að finna í skýrslunni sem ekki þoli dagsins ljós og því hafi trúnaði nú verið aflétt.

„Búið er að kynna stóran hluta

skýrslunnar og ætlunin var alltaf að opinbera fleiri niðurstöður,“ segir Jakob.

Valgerður H. Bjarnadóttir, bæjarfulltrúi Vinstri grænna, á sæti í bæjarráði fyrir hönd minnihlutans og segist hún hafa samþykkt trúnaðinn án þess að hafa fengið skýrsluna í hendur eða vitað hvað fólst í trúnaðinum. „Eftir að hafa fengið skýrsluna í hendur sé ég enga ástæðu til að trúnaður ríki um hana. Það er því bara klúður hjá bæjarráðgjafum og meirihlutunum að setja trúnað á skýrsluna,“ segir Valgerður.

- kk



FULLTRÚI VINSTRI GRÆNNA Valgerður H. Bjarnadóttir gagnrýnir trúnað sem settur var á skýrslu um lífsskjararannsókn á Akureyri. Sem fulltrúi í bæjarráði átti hún þátt í að setja trúnaðinn á en segist á þeim tíma ekki hafa vitað hvað í honum fólst.

Greiðslukort:

Velta eykst mikið

FJÁRMÁL Greiðslukortavelta Íslendinga jókst umtalsvert fyrstu sex mánuði ársins miðað við sama tíma í fyrra. Kredkortavelta jókst um tæp fjórtán prósent á tímabilinu og debetkortavelta um tæp 26 prósent, samkvæmt Hagvísí Hagstofu Íslands.

Kredkortavelta Íslendinga erlendis jókst um rúm tuttugu prósent á tímabilinu á meðan erlend greiðslukortavelta hér á landi jókst aðeins um 0,3 prósentustig. Nýskráningum bíla fjölgaði gríðarlega fyrri sex mánuði ársins, eða um 63,2 prósent.

- ht

Fjögur innbrot:

Innbrotahrina í Keflavík

INNBRÖT Lögreglan rannsakar nú innbrot í fjögur hús í Reykjanesbæ. Brotist var inn í íbúðarhús með því að spenna upp glugga en húseignendur höfðu verið fjarverandi í tvær vikur og er því ekki ljóst hvenær innbrotið átti sér stað. Þjófurinn lét greipar sópa og hvarf á braut með skartgrip, farsíma, fatnað, tölvuleiki, áfengi og 400 geisladiska.

Þá var brotist inn í Myllubakkaskóla og skjávarpa stolið. Einnig var brotist inn í Holtaskóla og í trésmíðaverkstæði í Reykjanesbæ. Þar tóku innbrotsmennirnir ekkert með sér en unnu mikil spjöll.

-jse

ESB og Marokkó:

Samið um fiskveiðar

BRUSSEL, AP Fulltrúar Evrópusambandsins og Marokkó undirrituðu á fimmtudag samning um aðgang fiskiskipa ESB-landa að fiskveiðilögsögu Marokkó í Atlantshafi. Samkomulagið, sem gildir til næstu fjögurra ára, er einkar mikilvægt fyrir sjávarútveg á Spáni og í Portúgal. Joe Borg, sem fer með sjávarútvegsráðgjafarverkið, segir að ESB myndi borga Marokkó 36 milljónir evra, andvirði hátt í 2,9 milljarða króna, á ári fyrir 60.000 tonna kvóta í marokkóskri lögsögu.



FRÁ NÝJU ÞINGHAVERFI Í KÓPAVOGI Óánægja er með úthlutun lóða í Kópavogi og hafa gagnrýnendur sett sig í samband við Fréttablaðið. Bent hefur verið á hversu hátt hlutfall þekktara og efnadre einstaklinga hafi fengið úthlutað lóð.

Óánægja með lóðaúthlutunir

Óánægja er með úthlutun lóða í nýju hverfi í Kópavogi. Bent hefur verið á hversu hátt hlutfall þeirra sem úthlutað fengu lóð eru þekktir eða efnadre einstaklingar eða tengjast bæjarmálum eða bæjarfulltrúum.

BÆJARSTJÓRNARMÁL Fjöldi óánægðra umsækjenda um lóðir í Kópavogi hefur haft samband við Fréttablaðið í kjölfar þess að bæjarráð Kópavogs tilkynnti nöfn þeirra sem úthlutað var lóðum. Einbýlishúsalóðum var úthlutað fyrir 7,5 milljónir.

Bent hefur verið á hversu hátt hlutfall þeirra einstaklinga sem fengu lóðir sé annað hvort þekktir og efnadre einstaklingar, skyldmenni bæjarráðsmanna eða fyrrverandi bæjarfulltrúar.

Dæmi um þá heppnu eru Dalla Ólafsdóttir forsetadóttir, Baltasar Kormákur leikstjóri og Lilja Pálma

dóttir athafnakona, Ragnhildur Geirsdóttir, forstjóri Flugleiða, Birgir Leifur Hafþórsson kylfingur, Valþór Hlödversson, fyrrverandi bæjarfulltrúi í Kópavogi, Ólafur Stefánsson handboltamaður, Eidur Smári Guðjohnsen knattspyrnumaður og faðir hans Arnór Guðjohnsen.

Þá fengu einnig lóðir Örn Árnason leikari, Hreggviður Jónsson, athafnamaður og fyrrverandi framkvæmdastjóri Stöðvar 2, og Jón Ágúst Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Marorku, auk foreldra og tengdaforeldra tveggja núverandi

bæjarfulltrúa. Þá fékk skipulagsstjóri Kópavogsbæjar, Birgir H. Sigurðsson, einnig úthlutað lóð.

„Ég held að þeir sem fengu úthlutað séu allir ánægðir,“ segir Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, þegar hann er spurður um þá gagnrýni sem fram hefur komið vegna lóðaúthlutunarinnar.

„Það er ljóst að við gátum ekki orðið við öllum umsóknum vegna þess hve margar þær voru. Við völdum eftir þeim reglum sem settar höfðu verið en höfðum það að leiðarljósi að veita ungu fólki forgang,“ segir Gunnar.

Spurður hvort einstaklingar sem þekktir væru í þjóðfélaginu hefðu notið forgangs varðandi lóðirnar svarar Gunnar: „Frægt eða þekkt fólk verður einhvers staðar að búa. Það gekk ekki endilega fyrir enda er búið að hafna sumu af þessu fólki áður. Við reyndum að vera eins sanngjörn og hægt er.“

Hann bendir á að á næstu mánuðum verði úthlutað hundruðum lóða í Kópavogi og vonast hann til að geta uppfyllt eftirspurnina eftir lóðum í Kópavogi að einhverju leyti með þeim.

sda@frettabladid.is

Hvernig fer hún að þessu?

3 vikur á toppnum

Móðir í hjáverkum
ALLISON PEARSON

"Hröð, myndin og átakanleg"
- The New York Times Book Review

"Ótrúlegt sýn, bæði grátleg og myndin, á líf súpermömmunar."
- The New York Times

"Ímyndið ykkur Kate Reddy sem Bridget Jones, eldri, þroskaðri, gift, útvinandi móðir tveggja stúlkna ... bráðskemmtilegt."
- Entertainment Weekly

Bók sem allar mæður í hjáverkum verða að lesa!

1. sæti

Allar bækur
Penninn Eymundsson
og Bókabúðir MM
13. júlí - 19. júlí.



edda.is

Listi Forbes yfir 100 valdamestu konur heims:

Condoleezza Rice valdamest

KONUR Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna og ráðgjafi Bush Bandaríkjaforseta, er talin valdamesta kona heims, samkvæmt tímaritinu Forbes. Þetta er annað árið í röð sem Rice trónar efst á lista 100 valdamestu kvenna heimsins.

Stjórnálmenn skipuðu sér í efstu fjögur sætin, því á eftir Rice kemur Wu Yi, aðstoðarforsætisráðherra Kína og heilbrigðisráðherra, og í þriðja sæti er Yulia Tymoshenko, forsætisráðherra Úkraínu. Í fjórða sæti er forseti Filippseyja, Gloria Arroyo.

Í næstu sex sætunum eru hins vegar konur í viðskiptalífni, svo sem forstjóri uppboðsvefjarins eBay, Margaret Whitman, sem er í fimmta sæti á listanum og því valdamesta kona viðskiptalífsins.

Sjónvarpskonan heimsfræga, Oprah Winfrey, er niunda valdamesta kona heims samkvæmt listanum.

Rithöfundurinn J.K. Rowling, sem skrifar Harry Potter-bækurnar



CONDOLEEZZA RICE Valdamesta kona heims samkvæmt tímaritinu Forbes.

ar, er í fertugasta sæti listans, en skipaði 85. sætið í fyrra. Hún er valdamesta kona Bretlands samkvæmt listanum, en hún er jafnframt auðugasta kona landsins. Elísabet Englandsdrottning er í 75. sæti listans en Cherie Booth Blair, lögmaður og eiginkona forsætisráðherra Bretlands, er í 62. sæti.

Hillary Clinton er í 26. sæti en Laura Bush, forsetafrú Bandaríkjanna, er í 46. sæti.

Valdamesta kona Norðurlandanna er samkvæmt listanum Tarja Halonen, forseti Finnlands, en hún er í 31. sæti á listanum.

- sda

Sæti	Nafn	Land	Starfsheiti a
1	Condoleezza Rice	Bandaríkin	Utanríkisráðherra
2	Wu Yi	Kína	Aðstoðarfors.ráðh. og heilbr.ráðh.
3	Yulia Tymoshenko	Úkraína	Forsætisráðherra
4	Gloria Arroyo	Filippseyjar	Forseti
5	Margaret Whitman	Bandaríkin	Forstjóri eBay
6	Anne Mulcahy	Bandaríkin	Forstjóri Xerox
7	Sallie Krawcheck	Bandaríkin	Fjármálastjóri Citigroup
8	Brenda Barnes	Bandaríkin	Forstjóri Sara Lee
9	Oprah Winfrey	Bandaríkin	Stjórnarformaður Harpo
10	Melinda Gates	Bandaríkin	Meðstofnandi The Bill & Melinda Gates Foundation

Helgarsprengja

Öll raftæki fást í Hagkaupum Smáralind. Takmarkað úrval í öðrum verslunum.

United ferðatæki

Ferðatæki með útvarpi, segulbandi og geislaspilara.



United ferðatæki

Lítið og nett ferðatæki með útvarpi og geislaspilara



United - MP5514

MP3 spilari í lyklakippustærð
Innbyggt 256mb minni
FM útvarp
Diktafónn
LCD skjár með baklýsingu
Hægt að vista tölvugögn eða MP3 lög
USB tengi fyrir gagnaflutning
Endist í 12 klukkustundir með 1 AAA rafhlöðu
Heyrnartól og rafhlöður fylgja



Dantax C12

12 lítra kæli 12/220v

12 lítra mini kæli/hitari • 1 hilla • Kæli 20-25° neðar en umhverfishita • Ljós sem sýnir hvort hann er að hita eða kæla • Haldfang • 12 og 220V • 12V kapall fylgir
• Litur: Silfur

Olympus C170 Myndavél

Digital Myndavél með 4 milljónir punkta upplausn
4 megapixel
4x digital zoom
Linsa: 6.11mm
1,5" LCD skjár
Autofocus og auto white balance
Auto exposure og þrjár manual stillingar
Hágæða hreyfimyndataka
Þrjár myndstærðir
Auto flass og red eye reduction
Tímarofi
USB tenging við tölvu
14mb innra minni
Rauf fyrir xD kort
Hugbúnaður fylgir



Olympus C480Z Myndavél

Digital Myndavél með 4 milljónir punkta upplausn
4 megapixel
3x optical og 4x digital zoom
Linsa: 6.3-18,9mm
1,5" LCD skjár
Autofocus og auto white balance
Auto exposure og þrjár manual stillingar
Hágæða hreyfimyndataka
Þrjár myndstærðir
Auto flass og red eye reduction
Tímarofi
USB tenging við tölvu
14mb innra minni
Rauf fyrir xD kort
Hugbúnaður fylgir



Dantax C24

24 lítra kæli 12/220v

24 lítra mini kæli/hitari • 1 hilla • Ljós inn í kæli • Kæli 20-25° neðar en umhverfishita • Ljós sem sýnir hvort hann er að hita eða kæla • Haldfang • 12 og 220V • 12V kapall fylgir
Litur: Silfur • Stærð í cm: (hxbxd): 46,3x37,5x41,5"

Olympus MJU500 Myndavél

Digital Myndavél með 5 milljónir punkta upplausn
5 megapixel
3x optical zoom og 4x digital zoom
Linsa: 5.8 - 17.4mm
2,5" LCD Skjár
Autofocus og auto white balance
Auto exposure og þrjár manual stillingar
Hágæða hreyfimyndataka með hljóði
Sex myndstærðir
Auto flass og red eye reduction
Tímarofi
USB tenging við tölvu
32mb xD kort fylgir
Hugbúnaður fylgir



Minolta DIMAGE E500

Lítill og nett Digital Myndavél
5 megapixel
3x optical zoom og 4x digital zoom
2" skjár
Linsa: 5,4 - 16,2mm
Autofocus og auto white balance
Auto exposure
Hágæða hreyfimyndataka með hljóði
Fjórar myndstærðir
Auto flass og red eye reduction
Tímarofi
USB 2.0 tenging við tölvu
Notar 2xAA rafhlöður og SD kort
Tekur 80 ljósmyndir á 2xAA Alkaline rafhlöðum
Hugbúnaður og kapall fylgir



Gildir til 5. ágúst eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla





ÓHÆTT AÐ BORÐA KJÚKLING Indónesískir karlmenn sjást hér borða kjúklung. Stjórnvöld hafa hleypt af stokkunum herferð til að upplýsa fólk um að óhætt sé að borða kjúklungakjöt, sé það matreitt á réttan máta, þrátt fyrir fuglaflensufaraldur.

Húseigendur við Suðurgötu skora á borgarstjóra að breyta nýja leiðakerfinu:

Íbúar mótmæla tíðum strætóferðum

SAMGÖNGUR Íbúar og húseigendur við Suðurgötu safna nú undirskriftum undir áskorun til borgarstjóra um að breyta hinu nýja leiðakerfi Strætó svo tíðum strætóferðum um götunna linni en þeir segja vagnana fara 414 ferðir um götuna á hverjum virkum degi.

Fara þeir fram á að ónæðinu, menguninni og lífskjaraskerðingunni sem af þessu hlýst verði dreift á fleiri íbúa borgarinnar.

Þeir benda einnig á að nýlega hafi gatan verið mjókkuð og á hana settar hraðahindranir með það fyrir augum að fella niður strætisvagnaferðir um götuna.

Ásgeir Eiríksson, framkvæmdastjóri Strætó, segir að tillaga um að umferð færi í báðar áttir um Skothúsveg og Fríkirkjuveg hafi verið felld í borgarstjórn. Nýtt leiðakerfi taki mið af því og það valdi því að þessi umferð beinist nú um Suðurgötu.

Enn hefur ekkert heyrst í íbúum við Hverfisgötu en glöggum vegfaranda hefur reiknast svo til að strætisvagnar fari um 880 ferðir um götuna á dag.

EKKI NÁÐIST Í borgarstjóra né formann samgöngunefndar borgarinnar vegna málsins.

-jse



STRÆTÓ FER SUÐURGÖTUNA Strætisvagn fer eina af sínum fjögurhundruð og fjórtán ferðum. Íbúar segjast vera hálf smeykir þegar þeir mæta vagninum eftir að gatan var mjókkuð.

Viðhorfskönnun í Garðabæ:

Vefsíðan best

SVEITARSTJÓRNARMÁL Rúmlega níu af hverjum tíu Garðabæingum eru ánægðir með leikskólana í bænum og tæp 94 prósent bæjarbúa eru ánægðir með að búa í bænum, samkvæmt viðhorfskönnun sem IMG Gallup stóð fyrir á vormánuðum.

Þjónusta bæjarins fékk almennt góða dóma hjá þátttakendum, sem voru eitt þúsund og tíu talsins. Þó er það vefsíða bæjarins sem skýtur öðrum þjónustuháttum ref fyrir rass en hún nýtur mestra hylli Garðabæinga samkvæmt könnuninni.

Starfsfólk íþróttahúss og bókasafns nýtur einnig mikillar hylli en rúmlega níu af hverjum tíu bæjarbúum eru ánægðir með störf þess.

-jse

LÖGREGLUFRETTIR



SPRENGIKÚLA FANNST Sprengikúla fannst við vegarkantinn skammt frá bænum Vatnsenda í Eyjafirði fyrir skömmu. Kúlan er gerð fyrir loftvarnarbyssur og hefur líklega borist með malar-efni sem tekið var úr árbotni við Melgerðiseyri en þar var herflugvöllur í heimstýrjöldinni síðari. Bóndi á Vatnsenda fann kúluna og lét lögregluna á Akureyri vita, sem kallaði til sprengjusérfræðinga Landhelgisgæslunnar sem eyddu henni.



WORLD CLASS LAUGUM Mikill erill hefur verið í barnagæslunni nú þegar leikskólarnir eru lokaðir. „Við höfum lagt áherslu á að gera gæsluna mjög góða,“ segir Þórunn Auðunsdóttir, starfsmanna- og kynningarstjóri World Class.

Fáir starfsmenn gæta tuga barna

Engar reglugerðir eru til um barnagæslu í líkamsræktarstöðvum og ekkert eftirlit er með henni, ólíkt því sem gildir um leikskóla og starfsemi dagmæðra. Mikið álag er á barnagæslum stöðvanna meðan leikskólar eru lokaðir.

BARNAGÆSLA Mikill erill hefur verið í barnagæslu hjá líkamsræktarstöðvum í Reykjavík nú þegar leikskólarnir eru lokaðir. Samkvæmt heimildum eru dæmi þess að fjórir starfsmenn hafi verið með um og yfir fimmtíu börn í gæslu á sama tíma.

Ekkert eftirlit er með barnagæslunni af hálfu hins opinbera og engar reglugerðir virðast vera til um hana. Heilbrigðiseftirlitið gerir þó reglulega úttekt á húsnæðinu.

Inga Hanna Dagbjartsdóttir hjá Barnavistun félagi dagforeldra segir dagmæður ekki mega hafa fleiri en fimm börn í gæslu yfir daginn og að vel sé fylgt með starfsemi dagmæðra. „Eftirlit með dagmæðrum í dag er háð reglugerð

og það kemur óháður aðili þrisvar á ári og í kjölfar þeirra heimsókna umsjónarfóstrur.“ Dagmæður fá því heimsóknir annan hvern mánuð og stundum oftar.

Inga furðar sig á því að ekkert eftirlit sé með gæslunni. „Það er ekki okkar að fylgjast með þessu, en mér finnst óeðlilegt hve fáir starfsmenn eru þarna með mörg börn án þess að um neitt eftirlit sé að ræða.“

Heilsuræktin World Class í Laugum er sú mest sótt á höfuðborgarsvæðinu og þar hafa yfir hundrað börn komið í gæslu yfir daginn, flest fyrir hádegi. „Við höfum lagt áherslu á að gera gæsluna mjög góða,“ segir Þórunn Auðunsdóttir, starfsmanna- og kynningar-

stjóri World Class. Hún tekur fram að þetta sé gæsla en ekki dagvistun og að foreldrar barnanna séu í húsinu. „Við köllum á þá í hátalakerfinu ef eitthvað er.“ Börnin megi lengst vera í níutíu mínútur. Hún vill taka það fram að húsrými barnagæslunnar sé yfir 200 fermetrar og þar sé allt hannað með börn í huga.

Hjá öllum þeim líkamsræktarstöðvum sem blaðið náði tali af í gær virðist það meginregla að börn megi ekki vera lengur en níutíu mínútur í gæslu. Gerðar eru kröfur til starfsmanna um reynslu af börnum og sóst eftir því að ráða mæður. Einnig eru gerðar aldurskröfur.

grs@frettabladid.is

Sáttmáli sex þjóða:

Leita nýrra orkulausna

UMHVERFISMÁL Tveir stærstu mengunarvaldar heims, Bandaríkin og Kína, hafa slegist í lið með Kyrrahafslöndunum Ástralíu, Indlandi, Japan og Suður-



MENGUN FRÁ BÍLUM Sex þjóðir hafa gert með sér sáttmála um að þróa aðferðir til framleiðslu á hreinni orku en nú þekkist svo sporna megi gegn mengun í heiminum.

Löndin sex segja að framtakið styðji Kyoto-sáttmálann, sem skyldar lönd til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Náttúruvernarsinnar segja hins vegar að sáttmálann skorti skuldbindingar og að hann muni grafa undan Kyoto-sáttmálanum. ■

CAFTA-samningurinn:

Samþykktu fríverslun

BANDARÍKIN. AP Fulltrúadeild Bandaríkjaþings samþykkti fríverslunarsamning við sex Mið-Ameríkúríki með tveggja atkvæða meirihluta.

Varaviðskiptaráðherra Bandaríkjanna, Peter Allgeier, sagði samþykkt samningsins, sem kallaður er CAFTA, styrkja stöðu Bandaríkjanna í næstu viðræðulotu Heimsviðskiptastofnunarinnar, en markmiðið með henni er ekki síst að bæta stöðu fátækra ríkja í heimsviðskiptum. ■

Deraugun

sem Stuðmenn eru með
fást aðeins hjá Olís

Stuðmenn

Stuðmannatónleikar í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum, laugardagskvöldið 30. júlí kl. 21.

Forsala á Olís-stöðvunum í Reykjavík.
Aðeins 500 kr. miðinn.

www.olis.is

FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐURINN



Vectavir á frunsuna

Handhæg vörn, þægileg í veskið.



Fæst án
lyfseðils!

Viltu losna við frunsuna?

Vectavir verkar frá byrjun einkenna.
Vectavir verkar einnig á blöðrur.
Vectavir á 2 klst. fresti í 4 daga.
Vectavir krem 2 g án lyfseðils.

Vectavir ... í veskið!

Vectavir krem er áhrifaríkt lyf til meðferðar á frunsu af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsunnar frá sting eða æðasláttar til blöðru. Í Vectavir er virka efnið penciclóvír sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frunsuvæðið á 2 klst fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofreynslu, kvef eða influensu eða í mikilli sól (t.d. á skíðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciclóvír, famciclóvír eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsan hraðar, verkir minnka og smittími styttest. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

skoðun

SJÓNARMÍÐ
KÁRI JÓNASSON

Söluverð Símans var töluvert hærra en margir bjuggust við.

Sala Símans

Þá hefur Landssími Íslands loks verið seldur, en söluferlið allt hefur tekið langan tíma, frá því fyrst var farið að ræða um að selja fyrirtækið. Verðið sem fékkst fyrir Símann - 66,7 milljarðar króna - er mjög ásættanlegt, og mun hærra en þegar fyrstu hugmyndir um sölu voru víðræddar. Landssími Íslands er eitt síðasta ríkissímafyrirtækið í Vestur-Evrópu sem er selt. Það hlýtur að vekja athygli að í lokaáfanganum í söluferlinu koma aðeins fram þrjú tilboð og það sem meira er, þau eru öll frá innlendum fyrirtækjum og fjárfestum. Mörg erlend fyrirtæki sýndu áhuga á því að gera tilboð í Símann í upphafi og sendu inn tilboð sem ekki voru bindandi. Með því fengu þau tækifæri til að kynna sér stöðu og innviði fyrirtækisins. Þessi erlendu fyrirtæki voru hins vegar ekki með á lokaspjallinu, hvað svo sem veldur. Síminn er ekki stórt fyrirtæki á erlendan mælikvarða og hér eru ekki stórkostlegir vaxtarmöguleikar á fjarskiptamarkaði, sérstaklega þegar haft er í huga að auk Símans er hér öflugt fjarskiptafyrirtæki sem stöðugt sækir í sig veðrið. Allt þetta kann að hafa valdið því að áhugi hinna erlendu fjárfesta minnkaði eftir því sem nær dró lokakafli söluferlisins. Víða í austanverðri Evrópu er þessu hins vegar öðru vísi farið, þar sem símakerfið stendur á brauðfótum og miklir vaxtarmöguleikar eru fyrir hendi.

Ríkissjóður fær drjúgan skilding til ráðstöfunar með sölu Símans, og það er mikilvægt að farið verði vel með þá fjármuni, samfélaginu til góds. Ef söluverð Símans er borið saman við sex mánaða hagnað þeirra fjármálafyrirtækja sem eru á markaði nær söluverðið ekki einu sinni þeirri upphæð, því fjármálafyrirtækin högnuðust um upp undir 80 milljarða króna á fyrstu sex mánuðum ársins. Söluverð Símans - þótt gott sé - er því ekki nema hluti af áætluðum hagnaði stærstu fjármálafyrirtækjanna hér á landi í ár.

Stjórnarliðar hafa sem von er fagnað mjög sölu Símans og því verði sem fékkst fyrir fyrirtækið. Þannig sagði Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra í viðtali við Fréttablaðið í gær að verðið sem fékkst fyrir Símann hefði verið hærra en hann hefði gert sér vonir um og salan myndi styrkja stöðu ríkissjóðs þegar til lengri tíma væri lítið. Síðan sagði hann: „Við munum ekki flýta okkur að eyða þessum peningum. Gerð verður áætlun um það fram í tímann hvernig að því verður staðið. Það liggur alveg ljóst fyrir að eftir þessa sölu getum við gert hluti sem við annars hefðum ekki getað gert á sviði samgöngumála, heilbrigðismála, á sviði atvinnuþróunar og annarra mikilvægra samfélagsmála,“ sagði forsætisráðherra.

Forystumenn hinna nýju eigenda Símans hafa á undanförunum árum verið að hasla sér völlu erlendis í atvinnurekstri og getið sér gott orð. Þeir hafa nú tekið höndum saman við innlend fjárfestinga- og fjármálafyrirtæki auk nokkurra lífeyrissjóða og þetta er árangurinn. Ekki er ástæða til að ætla annað á þessari stundu en að hinir nýju eigendur haldi áfram rekstri Símans á svipuðum nótum og verið hefur að undanförunu. Það verður að treysta því að hagnaðarsjónarmiðin komi ekki niður á notendum Símans í hinum dreifðu byggðum landsins, en vegna hins háa verðs virðist ljóst að reka verður fyrirtækið af mikilli hagsýni, svo fjárfestingin borgi sig. ■

Íslenskt
grænmeti

sérmerkt þér!

FRÁ DEGI TIL DAGS

Hæðst og hneykslast

Á vef Íslensku auglýsingastofunnar mátti í gær lesa eftirfarandi: „Icelandair og Iceland Express birta bæði heilsíðuauglýsingar um haust- og vetrarferðir sínar í síðasta sunnudagsblaði Morgunblaðsins þann 24. júlí. Uppistaðan í auglýsingu Icelandair er þokkafull kyrralífsmýnd úr setustofu og borgarlandslag New York á glugganum. „Hugurinn ber þig aðeins háfa leið“ er fyrirsögnin og neðst er tilkynning um að haust- og vetrarbæklingur fyrirtækisins sé kominn út en í honum eru kynntir fjölbreyttir ferðamöguleikar næstu missera. Á síðu nokkru aftur í blaðinu birtist síðan heilsíðuauglýsing frá Iceland Express með fyrirsögninni „Met-söluþók“ Öll framsetning þeirrar auglýsingar gerir út á að hæðast að og

hneykslast á því framtaki keppinautarins, Icelandair, að gefa út ferðabækling.“

Grimmaus árárs

Síðan segir: „Má skilja á Iceland Express-mönnum að slíkt sé eyðslusemi og: „...við viljum frekar setja upplýsingar okkar á Netið til að halda verðum í lágmarki.“ Það vekur alltaf athygli þegar menn auglýsa með þeim hætti að ráðast grímulaut á keppinauta sína. En hafa viðskiptavinir, þeir sem eru að huga að ferðalögum, áhuga á slíkum hanaslag?“

Dularfullt

Mörgum þótti einkennilegt að sjá að aðalforsíðuþyriragnir Fréttablaðsins og Morgunblaðsins í gær voru nákvæm-

lega hinar sömu: „Síminn seldur á 66,7 milljarða króna“. Það er ekki óvanalegt að frétt um sama efni sé á forsíðum beggja blaðanna, en að fyrirsagnir séu eins frá orði til orðs hefur varla gerst áður. Það mætti ætla að sami fréttastjórinn hafi verið á vakt á báðum blöðunum eða að þau hafi í hagræðingarskyldu tekið upp eitthvert samráð í fréttalutningi.

gm@frettabladid.is

Lágtekjuskattar á Íslandi

Margslungnu skatta- og bótakerfi er yfirleitt ætlað að hjálpa þeim tekjulágu og tekjulausu að taka fullan þátt í lífsgæðakapphlaupinu til jafns við þá sem hafa meðaltekjur og háar tekjur. Sjaldnast er raunin samt sú að þessi ætlun gangi eftir. Á Íslandi eru margir skattar sem koma harðast niður á þeim sem lægstar hafa tekjurnar – sannkallaðir lágtekjuskattar. Flestir þeirra njóta fulls stuðnings sjálfskipaðra talsmanna þeirra sem minnst hafa á milli handanna í samfélaginu.

Hinn blessunarlega deyjandi eignaskattur er lágtekjuskattur. Þeir sem lægstar hafa tekjurnar eiga hvað erfiðast með að koma yfir sig sómasamlegu þaki og greiðslubyrði lána, vextir, gjöld og annað slíkt vegur þyngst í pyngju þeirra sem minnst hafa fjárráðin. Eignaskattur virkar sem hrein refsing fyrir að eignast eitthvað og því finnur lágtekjufólk fyrst fyrir. Sem betur fer er nú þessi skattur að hverfa úr íslensku skattkerfi.

Hátekjuskatturinn er í raun grimmur skattur á þá sem að jafnaði hafa lágur tekjur. Fólk sem að staðaldri hefur háar tekjur getur gert ráð fyrir hátekjuskattinum ár eftir ár og einfaldlega lagt hann saman við hinn almenna tekjuskatt sem fastan útgjaldalið. Lágtekjufólk sem tekur að sér mikla vinnu í afmarkaðan tíma, t.d. í því augnamiði að koma þaki yfir höfuðið á sér, fær fullan slagkraft hátekjuskattsins í andlitið þegar hann skýtur stundum óvænt en alltaf óvægið upp kollinn. Vonandi stendur ríkisstjórnin við fyrirheit sín um að afnema þennan ófugsnúna skatt hið fyrsta.

Virðisaukaskattur er lágtekjuskattur enda hækkar hann

Í DAG SKATTAR

GEIR ÁGÚSTSSON VERKFRÆÐINGUR



vöruverð á öllu sem undir hann fellur. Þetta kemur augljóslega verst niður á þeim sem lægstar hafa tekjurnar. Ekki dugir að lækka virðisaukaskatt á sumar vörur en ekki aðrar því fyrir utan að í því sé fólgin óverjanleg neyslustynging þýðir það einfaldlega að þær vörur sem ekki fá undanþágur halda áfram að vera utan selingar fyrir þá sem lægstar hafa tekjurnar. Stjórnmalamaður getur kallað eitthvað lúxusvarning sem einhver annar kallar brýna nauðsynjavöru.

Þegar allt kemur til alls er alveg ljóst að skattkerfi sem er ætlað til að flytja peninga frá einum til annars er gallað og bitnar á þeim sem síst skyldi, eykur mismunun og stuðlar að óréttlæti.

Himinhá opinber gjöld á áfengi og tóbak eru hreinir lágtekjuskattar. Nú vita allir sem vilja að sá hópur sem reykir mest á Íslandi er sá hópur sem minnsta hefur menntunina og lægstar hefur tekjurnar. Þeim ríku er alveg sama þótt sigarrettupakkinn hækki um 50 krónur því annaðhvort reykja þeir ekki eða hafa efni á hækkingunni. Láglaunaður einstaklingur

sem reykir fær fullan slagkraft hvernar krónu hækkunar í andlitið og þegar pyngjan grynnist enn frekar er lítil von til að afslappandi hættu-áð-reykjanámskeið sé næst á dagskránni.

Skattar á eldsneyti eru lágtekjuskattar. Þeim er að nafninu til ætlað að greiða fyrir kostnað vegna vegaframkvæmda og viðhalds gatnakerfisins. Hins vegar er ljóst að þeir sem lægstar hafa tekjurnar hafa lítil not fyrir göng á Austfjörðum eða tvöfalda Reykjanesbraut. Þeir tekjulægstu kæmu best út úr kerfi sem væri fjármagnað með notkun og þar sem tekjur af vegakerfinu væru nýttar í uppbyggingu og til viðhalds þess en ekki í stórfremkvæmdir hinum megin á landinu. Allir sem vilja vita að tekjur ríkisins vegna bensínsölu eru notaðar til að niðurgreiða ótalmargt annað í hinum opinbera rekstri en bara götur og gatnaljós og slíkt kemur auðvitað verst niður á fjárhag þeirra sem þurfa að reka bíl en geta það vart.

Þegar allt kemur til alls er alveg ljóst að skattkerfi sem er ætlað til að flytja peninga frá einum til annars er gallað og bitnar á þeim sem síst skyldi, eykur mismunun og stuðlar að óréttlæti. Nær væri að einfalda skattkerfið, draga úr þyngd þess og gefa fleirum kost á að lifa af eigin launum í stað þess að þurfa sífellt að treysta á að geta náð einhverjum krónum út úr ríkiskassanum. Engum finnst gott að vera upp á eilífa miskunn kerfisins kominn og kerfi sem gerir alla þurfsandi er engum til gagns. Nær væri að hjálpa þeim sem þurfa hjálp í stað þess að hjálpa öllum að þurfa hjálp og fá hana síðan eða kannski ekki. Afnáam lágtekjuskattanna væri stórt skref í þá átt.

Atvinnubílstjórar hægðu á umferð:

Misheppnuð mótmæli?

Lögreglan hafði fullkomna stjórn

LESTU GREININA Á VISIR.IS
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA

visir

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinn Stefánsson AÐGJAFINGASTJÓRI: Þórnundur Bergsson RITSTJÓRN OG AÐGJAFINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSíMI: 550 5000 SíMBRÉF: Á FRÉTTAELD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili og höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrennu formi og í gagnabankum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

7

MILLJÓNIR Í FYRSTA VINNING


2

Nú er potturinn tvöfaldur!

Náðu þér í Lottómiða á næsta sölustað eða á lotto.is - þú gætir unnið litlar 7 milljónir króna.

Það getur allt gerst.





Ingibjörg Magnadóttir, f. 1974
Hefur leyst af í verslun foreldra sinna

Magni R. Magnússon, f. 1935
Verslunarmaður síðan 1964

N CHINA

: 7 2213 -1

: 114 -1750



Steinunn Guðlaugsdóttir, f. 1942
Verslunarmaður síðan 1979

Emma Khoury, f. 1997
Viðskiptavinur frá Ísrael

GOTT.FOLK.MCCANN

Verslunarmenn, til hamingju með frídaginn.



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

MENN VIKUNNAR

Traustir bræður en ólíkir

MENN VIKUNNAR

ÁGÚST OG LÝÐUR GUÐMUNDSSYNI, KJÖLFESTUFJÁRFESTAR Í SÍMANUM.

Vantar þig...



YFIR 150.000 ÍSLENDINGAR

LESA FRÉTTABLAÐIÐ AÐ

MEÐALTALI Á HVERJUM DEGI.

SMÁAUGLÝSING Í FRÉTTA-

BLAÐINU ER ÓDÝR OG ÁHRIFARÍK

LEIÐ SEM TRYGGIR MESTU

HUGSANLEGU ÚTBREIÐSLU

Á SKILABODUM ÞÍNUM.

AUGLÝSINGIN ER AUK ÞESS BIRT

ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU

Á VISIR.IS.

PANTAÐU SMÁAUGLÝSINGAR Í SÍMA 550 5000 EÐA Á VISIR.IS.

FRÉTTABLAÐIÐ

– SMÁAUGLÝSINGAR SEM ALLIR SJÁ

Stærstu eigendur Exista, sem verður kjölfestufjárfestir Símans, eru Ágúst og Lýður Guðmundssynir, sem hafa leitt sigurgöngu framleiðslufyrirtækisins Bakkavarar.

Ágúst er fæddur árið 1964 en Lýður bróðir hans er fæddur 1967 og standa þeir bræður sitt hvoru megin við fertugt nú þegar þeir hafa byggt upp alþjóðlega fyrirtækið Bakkavör, auk þess að vera stórir fjárfestar í KB banka, Flögu og nú síðast í Símanum.

Bakkavör byrjaði sem hrognafyrirtæki, en með kaupum á Katsouris í Bretlandi og sölu sjávarútvegshluta var stefnan tekin á framleiðslu tilbúinna rétta, sem er markaður sem þeir bræður telja munu vaxa verulega á næstu árum. Bræðurnir voru sitt hvoru megin við tvítugt þegar þeir stofnuðu fyrirtækið. Eins og fleiri íslenskir athafnamenn sóttu þeir ekki framhaldsmenntun í viðskiptum eftir framhaldsskóla, en Lýður var í Versló á sama tíma og fleiri sem hafa látið að sér kveða, svo sem Jón Ásgeir Jóhannesson og Björgólfur Thor Björgólfsson. Ágúst var ár í Frakklandi og sótti nám fyrir leiðsögumenn. Hann hefur þrátt fyrir miklar annir í fyrirtækinu, farið sem leiðsögumaður í gönguferðum um landið og er mikill áhugamaður um útivist.

Sigurganga Bakkavarar var þó ekki tóm sæluganga. Þeir bræður máttu hafa mikið fyrir því að halda því á floti í upphafi. Það hefur einkennt þá frá upphafi

að þeir hafa skýra sýn á framtíðina og stefnan var sett á að byggja fyrirtækið upp og stefna á mikinn vöxt. Sú sýn hefur gengið eftir og stefnir fyrirtækið á að verða alþjóðlegt stórfyrirtæki í matvælagæiranum. Enda þótt þeir bræður hafi haft mikla trú á framtíð Bakkavarar dugði það ekki til eitt og sér. Fleiri þurftu að hafa trú á þeim bræðrum ef draumur þeirra átti að verða að veruleika.

Tveir menn léku lykilhutverk við uppbyggingu fyrirtækisins. Sigurður Einarsson, stjórnarformaður KB banka, hafði trú á þeim bræðrum og studdi kaupþing undir forystu Sigurðar uppbyggingu félagsins. Því gleymdu þeir bræður ekki og gerðust kjölfestufjárfestar í Kaupþingi þegar þeir keyptu hlut Spron í Meiði, sem nú heitir Exista. Hinn sem reyndist þeim vel í krafti þáverandi starfs síns er Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Símans. Brynjólfur var forstjóri Granda og keypti Grandi í Bakkavör á tímamarki sem var mikilvægur fyrir framtíð félagsins. Margir telja að kaup Exista á Símanum nú séu líkt og þegar þeir keyptu í Kaupþingi leið þeirra bræðra til að þakka fyrir sig. Hitt er annað að þótt þakkarhugur kunni að fylgja kaupunum eru þeir bræður sjáðir rekstrarmenn og kaupin í KB banka hafa skapað þeim mikinn auð. Það mætti því allt eins líta svo á að reynsla þeirra af samstarfi við Brynjólf og Sigurð

ráði því að þeir telji fjármunum sínum vel varið undir þeirra stjórn.

Bræðurnir eru ólkar persónur. Ágúst er opinn og afar laginn við samskipti, en Lýður er hægari, talnaglögur og mikill rekstrarmaður. Við stjórn Bakkavarar hafa þeir reynst sterk eining, þar sem styrkur hvors um sig hefur notið sín við uppbyggingu fyrirtækisins. Mikil umsvif í viðskiptalífi kalla oft á átök og að andstæðingar hafi uppi lítt fögur orð hver um annan. Þeir bræður láta lítið yfir sér í þeim efnum og þeir sem hafa átt við þá viðskipti og samskipti tala einkar vel um þá. Þeir þykja traustir og heiðarlegir en væru vart þar sem þeir eru í dag ef þeir væru ekki jafnframt fylgnir sér.

Í viðskiptum Bakkavarar í Bretlandi hefur þeim tekist að byggja upp traust viðskiptasambönd við stærstu matvæla-keðjurnar, svo sem Tesco, sem er sú matvöruverslanakeða í Bretlandi sem hefur vaxið mest og er í mestum útrásarhug. Þeir bræður hafa átt góð samskipti við lykilmenn fyrirtækisins og eru í persónulegum venskap við marga lykilstjórnendur Tesco. Það sterka samband hefur reynst þeim farsælt fram til þessa og mun leiða til þess að Bakkavör mun fylgja Tesco sem framleiðandi við uppbyggingu Tesco sem alþjóðlegs verslunarfyrirtækis. ■



TEKNING: HELGI SIGURÐSSON – HUGVERNAIS

Já, skoðun mín er óbreytt

Illugi Jökulsson gerir það að umtalsefni í blaðagrein í Fréttablaðinu sl. þriðjudag að ég undirrituð, Arna Schram, blaðamaður á Morgunblaðinu og formaður Bláamannafélags Íslands, hafi haft skoðun á því sem hann kallar „hitamál stéttarinnar“, sem sé því hversu langt eigi að ganga í

nafn- og myndbirtingum. Illugi spyr hvort ég sé enn sama sinnis. Já, skoðun mín er óbreytt. Fjölmíðlar eiga að fara varlega í mynd- og nafnbirtingum eða að kveða upp „dóma“ um fólk áður en sekt þess er sönnuð fyrir dómstólum, þ.e. þar til bærur yfirvöldum. Fjölmíðlar eiga að taka

UMRÆÐAN

NAFN- OG MYNDBIRTINGAR Í FJÖLMÍÐLUM

ARNA SCHRAM
BLAÐAMAÐUR

tillit til m.a. laga, dóma og almenningsálits. ■

KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

ICEX-15 4.307,11 +0,08%

Fjöldi viðskipta: 283
Velta: 2.215 milljónir

MESTA HÆKKUN

Össur +1,17%
Straumur +0,80%
Flaga +0,42%

MESTA LÆKKUN

Vinnslustöðin -1,90%
SÍF -1,04%
Mosaic Fashions -0,76%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVISITÖLU: Actavis 41,70 +0,24% ... Bakkavör 38,80 +0,26%... Burðarás 16,40 +0,00%... FL Group 14,70 +0,68% ... Flaga 4,74 +0,42% ... HB Grandi 8,50 +0,00% ... Íslandsbanki 13,90 -0,36% ... Jarðboranir 21,60 +0,00% ... KB banki 558,00 -0,18% ... Kögun 58,50 +0,00% ... Landsbankinn 19,20 +1,05% ... Marel 58,50 +0,17% ... SÍF 4,78 -1,04 ... Straumur 12,60 +0,80% ... Össur 86,50 +1,17%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nagnar.is

Blómleg vopnasala

Hagnaður bandaríska vopnaframleiðandans Lockheed Martin jókst um 56 prósent á öðrum ársfjórðungi miðað við sama tímabil í fyrra.

Hagnaður fyrirtækisins á fjórðungnum var tæpir 30 milljarðar króna og munaði þar mestu um aukna sölu á vörum tengdum upplýsingatekni. Sala minnkaði á frægustu afurð fyrirtækisins, F16-orrustubotunni.

„Það er eðlilegt að við seljum minna af F16-þotunum þar sem skref fyrir skref er verið að skipta þeim út fyrir nýrri módel,“ sagði Christopher Kubaski, fjármálastjóri Lockheed Martin.



BANDARÍSKIR HERMENN Lockheed Martin framleiðir mikið af vörum fyrir bandaríska herinn, meðal annars F16-orrustubotuna. Hagnaður fyrirtækisins á öðrum ársfjórðungi var þrjátíu milljarðar króna.

MARKAÐSFRETTIR...

Lýsing hagnaðist um 275 milljónir króna á fyrstu sex mánuðum ársins. Útlán jukust um 14,5 prósent og voru 34 milljarðar í lok tímabilsins.

Íbúðalánasjóður áætla að ný útlán sjóðsins verði alls 75 milljarðar króna á árinu.Ý

Hagnaður af rekstri **Fiskmarkaðs Íslands** á fyrstu sex mánuðum ársins var 46 milljónir króna og var velta félagsins 264,5 milljónir króna.

Jón Sigurðsson, forstjóri **Össurar**, nýtti kauprétt sinn á tveimur milljónum bréfa í félaginu á genginu 73,7 krónur á hlut en kaupréttarsamningurinn var síðan í mars 2000.

Tólfta keðjan í eigu Baugs

Baugur hefur keypt bresku verslanakeðjuna Jane Norman fyrir 13,5 milljarða. Sem fyrr eru stjórnendur og KB banki með í kaupunum.

Baugur Group og nýstofnuð fjárfestingardeild innan KB banka hafa fest kaup á bresku tískuverslunarkerðjunni Jane Norman fyrir 117 milljónir punda um 13,5 milljarða króna. Hlutur hvors aðila verður um 40 prósent. Stjórnendur fyrirtækisins verða áfram í hópi eigenda þess með um fimmtungshlut. „Þetta er spennandi fyrirtæki og fellur að því sem við erum almennt að leita eftir í fjárfestingum,“ segir Gunnar Sigurðsson, framkvæmdastjóri fjárfestinga Baugs í Bretlandi. „Gott vörumerki með mikla vaxtarmögu-leika, traustur rekstur og góðir stjórnendur sem verða með okkur áfram.“

Jane Norman sérhæfir sig í sölu á fatnaði til ungra kvenna á aldrinum 15 til 25 ára. Undir merkjum félagsins eru reknar 39 verslanir og 56 sérleyfisverslanir. Fyrirtækið, sem var stofnað árið 1952, hefur vaxið hratt frá árinu 1994 þegar Saj Shah, forstjóri félagsins, tók við stjórnar- taunumum.

Gunnar segist sjá mikil vaxt- artækifæri bæði innan Bretlandseyja sem á öðrum svæðum í Evrópu meðal annars á Norður- löndum, þar sem Baugur hefur einnig verið umsvifamikill í fjárfestingum. Á síðasta rekstrarári nam rekstrarhagnaður Jane Norman 14,3 milljónum punda eða um 1,6 milljarði króna og

þykir hagnaður sem hlutfall af veltu vera mikill á breskan mæli- kvarða.

Gunnar segir umræðu um ákærur á hendur stærstu eigenda Baugs ekki hafa haft áhrif á kaupin á Jane Norman. „Við höfum verið að vinna í þrjú ár í skugga þessarar rannsóknar, en stjórn- endur Jane Norman hafa lýst mikilli ánægju með að vinna með Baugi í ljósi þess sem við höfum verið að gera hér í Bretlandi.“

Seljandinn er fjárfestingar- félagið Graphite Capital sem keypti Jane Norman fyrir 70 milljónir punda fyrir tveimur árum og hefur verið mikill vöxt- ur í starfseminni síðan. Keðjan hefur opnað 48 verslanir á und-



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON, FORSTJÓRI BAUGS Baugur, KB banki og stjórnend- ur hafa keypt Jane Norman fyrir um 13,5 milljarða króna.

anförnum tveimur árum og velt- an aukist um 230 prósent á fimm árum.

Gunnar segir Jane Norman sjálfstæða fjárfestingu og ekki hugmyndir uppi um að sameina keðjuna öðrum rekstri sem fyrir- tækið er með á sínum snærum.

KB banki sá um alla fjárhags- lega ráðgjöf og fjármagnar kaupin. eggert@frettabladid.is

Eignir Baugs Group í Bretlandi

Big Food Group
Booker
Coast *
Goldsmith's
Hamley's
Julian Graves
Karen Millen *
MK One
Oasis *
Shoe Studio Group
Whistles *

* Verslunarkerðjurnar innan Mosaic Fashions hf.



PARTÝ Í HÚSDÝRAGARÐINUM

Látum okkur ekki vanta á **fjölskylduhátíð VR í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum** á fridegi verslunarmanna, mánudaginn **1. ágúst**. Garðurinn er öllum opin frá kl. **10:00-18:00**.

Aðgangur ókeypis.

Það verður margt til skemmtunar og sannkölld karnivalstemning. Boðið verður upp á hoppukastala og leiktæki frá Skátalandi, andlitsmálun og fjársjóðsleit.

Við hlökkum til að sjá ykkur!

Starf okkar
eflir
þitt starf

VR

OTTO VON BISMARCK (1815-1889)
lést þennan dag.



„Lög eru eins og pylsur, það er betra að sjá ekki hvernig þau eru búin til.“

Otto von Bismarck var fyrsti kanslari Þýskalands.

tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST

Vansköpuð börn fá skaðabætur

Lyfjafyrirtækin sem settu lyfið Talidómíð á markað í Bretlandi samþykktu þennan dag árið 1973 að borga yfir tuttugu milljón punda í skaðabætur til þeirra sem hlutu fæðingargalla vegna lyfsins. Baráttan við fyrirtækin hafði þá staðið í ellefu ár. Yfir 400 börn breskra mæðra sem tóku lyfið á meðgöngu áttu að njóta bótanna frá fyrirtækinu Distillers Company sem markaðssetti þetta þýskframlidda lyf.

Talidómíð var upphaflega svefnlyf, róandi lyf og kvíðastillandi lyf, sem byrjað var að nota árið 1955. Það þótti hafa lítill eituráhrif og blíða verkun. Talidómíð var í raun illa rannsakað lyf bæði í dýratilraunum og til lækninga, en var engu að síð-



30. JÚLÍ 1973

ur auglýst af mikilli áfergju. Til dæmis var mælt með því handa þunguðum konum sem lyfi gegn meðgönguogleði. Talidómíð náði því ótrúlegri útbreiðslu en árið 1961 varð ljóst að lyfið gat í venjulegum skömmtum valdið alvarlegum skemmdum í úttaugakerfi og hörmulegum fósturskemmdum. Þúsundir barna víða um heim fæddust á þessum árum með vanskapaða útlími.

Talidómíð var því víðast tekið af markaði og notkun þess bönnuð. Síðan þá hefur lyfið verið rannsakað betur og er nú notað á ný í öðrum tilgangi en það þýkir gefa góða raun hjá ýmsum sjúklingum með krabbamein.

MERKISATBURÐIR

- 1797** Biskup er vígður í fyrsta sinn hér á landi í 120 ár. Geir Vídalín er vígður biskup í Skálholtsbiskupsumdæmi.
- 1874** Kristján níundi Danakonungur stígur á land í Reykjavík. Þetta er í fyrsta sinn sem ríkjandi konungur sækir Ísland heim.
- 1951** Örn Clausen setur Norðurlandamet í tugþraut.
- 1966** Englendingar verða heimsmeistarar í knattspyrnu.
- 1991** Luciano Pavarotti fagnar 30 ára óperuferli sínum með tónleikum í Hyde Park í London.
- 1998** Hús Nýja bíós við Lækjargötu eyðileggst í bruna.
- 2000** Haraldur Noregskonungur vígir stafkirkju í Vestmannaeyjum.

ANDLÁT

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

Guðlaug Stefánsdóttir, Hrafnistu, áður til heimilis í Búðargerði 3, Reykjavík, lést miðvikudaginn 20. júlí. Útförin hefur farið fram í kyrriþey.

Elsa Kristín Guðlaugsdóttir frá Vestmannaeyjum, lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ fimmtudaginn 28. júlí.

JARÐARFARIR

10.30 **Pormóður Birgisson** stýrimaður, Laugavegi 5, Siglufirði, verður jarðsungi frá Siglufjarðarkirkju.



Þökkum samhygd og vinarhug vegna andláts

Ástu Kristín Erlingsdóttir grasalæknis.

Baldvin Einarsson, Ásthildur Einarsdóttir, Einar Logi Einarsson, Ólöf Einarsdóttir, Jón Einarsson, tengdabörn, barnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,

Sigríður Elísabet Tryggvadóttir Skúlagötu 72, Reykjavík,

andaðist á Landspítala Háskólasjúkrahúsi, Fossvogi, 19. júlí. Útförin hefur farið fram í kyrriþey að ósk hinnar látnu. Starfsfólki Landspítala Háskólasjúkrahúss, Fossvogi, deild B-2, þökkum við yndislega umönnun. Þeim sem vildu minnst hennar er bent á Rauða kross Íslands.

Tryggvi Þórisson
Þóra Guðrún Þórisdóttir
Sigríður Kristín Þórisdóttir
Elísabet Jónína Þórisdóttir
Ömmubörn og systur

Hólmfríður Jóhanna Steinþórsdóttir
Símon Þór Bjarnason
Hafsteinn Viðar Hafsteinsson
Alfred Júlíus Styrkársson



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, dóttir, systir og mágkona,

Sigurbjörg Ámundadóttir Kristnibraut 77, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi, mánudaginn 25. júlí. Hún verður jarðsungi frá Dómkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 2. ágúst kl. 13.00. Þeim, sem vilja minnst hennar, er bent á Krabbameinsfélagið.

Gunnar Þorsteinsson
Ingi Þór Hauksson
Þorsteinn Gunnarsson
Einar Gunnarsson
Ísak Örn Ingason
Lovísa Ósk Ingadóttir
Ámundi Reynir Gíslason
Guðlaug Anna Ámundadóttir
Ásdís Ámundadóttir
Guðmundur Ámundason
Ámundi Ingi Ámundason
Reynir Ámundason

Hugrún Ösp Egilsdóttir
Inga Lilly Brynjólfssdóttir

Inga Lovísa Guðmundsdóttir
Snorri Böðvarsson
Kjartan H. Bjarnason
Elisabet Siemsen
Hanna Guðrún Danielsdóttir
Guðrún Halldóra Sigurðardóttir



KOLBRÚN HALLDÓRSDÓTTIR Hefur aldrei verið komið jafn mikið á óvart og á brúnni yfir Jökulsá á Fjöllum árið 1984.

KOLBRÚN HALLDÓRSDÓTTIR ALÞINGISMAÐUR FIMMTUG Á MORGUN

Er í rauninni bara 29 ára

„Ég ætla að kalla saman vini mína og fjölskyldu, lyfta með þeim glasi og gefa þeim jarðarber og súkkulaði,“ segir Kolbrún Halldórsdóttir, alþingismaður og leikstjóri, sem verður fimmtug á morgun. „Mér finnst þessi tímamót þess virði að halda upp á þau.“

Eftirminnilegasta afmælið sitt segir Kolbrún hafa verið þegar hún varð 29 ára árið 1984, en þá var hún á leið til Atlavíkur að skemmta með leikhópnum sínum Svart og sykurlaust. „Við vorum að keyra að norðan til Atlavíkur aðfaranótt 31. júlí,“ rifjar hún

upp. Við vorum á ferlega myndnum bíl, 20 ára gömlum Volvo sem var blanda af rútu og mjólkurbíl og var málaður gulur og svartur. Rétt eftir miðnætti ókum við yfir brúna yfir Jökulsá á Fjöllum í miðnætursól og gullfallegu veðri. Þá var bíllinn skyndilega stöðvaður úti á miðri brú, út úr bílnum dregin ferðataska sem í leyndist silkíteppi, dýrindis kampavín og góðir vindlar og það var slegið upp kampavínsveislu á miðri brúnni.

Mér hefur aldrei verið komið jafn mikið á óvart og afmælið mitt hefur aldrei verið jafn dramat-

ískt,“ segir Kolbrún. „Mér hefur alltaf fundist ég vera að endurtaka þennan afmælisdag og er því í rauninni bara 29 ára,“ bætir hún hlæjandi við.

Kolbrún er í óðaönn þessa dagana við að setja söngleikinn Kabarett á fjalirnar en verkið verður frumsýnt í næstu viku. Hún hefur þó ekki hugsað sér að setja það upp í Atlavík í ár. „Felix Bergsson, einn af aðalleikurum mínum, verður reyndar á Neistaflugi og hver veit hverju hann tekur upp,“ segir Kolbrún, sem ætlar að njóta lífsins í höfuðborginni þessa verslunarmannahelgi. ■

AFMÆLI



Auður Sveinsdóttir Laxness er 87 ára.



Árni Sigfússon bæjarstjóri er 49 ára.

Séra Þórhallur Heimisson er 44 ára.



Sigurður Pálsson skáld er 57 ára.



Árni Þór Sigurðsson borgarfulltrúi er 45 ára.



Björg Melsted myndlistarkona er 33 ára.



Tryggvi Guðmundsson knattspyrnumaður er 31 ár.

Emil Gunnar Guðmundsson leikari er 51 ár.



Arnór Guðjohnsen er 44 ára.



Anna Ingibjörg Eiðsdóttir

Syðstabæ, Hrísey,

verður áttæð

mánudaginn 1. ágúst.

Hún tekur á móti gestum á heimili sínu sunnudaginn 31. júlí frá kl. 14:00.

LEGSTEINAR

S.HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is

Stórútsala

í Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri

40-75% afsláttur

af völdum vörum

TAKMARKAÐ MAGN, FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ



Hægindastóll leður



Kommóður og náttborð
- NOKKRAR TEGUNDIR



Rúm án dýnu - NOKKRAR TEGUNDIR



Svefnstóll



Gestarúm/sófi



Nuddstóll TS-804F
- NOKKRAR TEGUNDIR



Leðursófasett 3+1+1 3171
- NOKKRAR TEGUNDIR



Leðursófasett 3+2+1 601
- NOKKRAR TEGUNDIR



Leðursófasett 3+1+1
- NOKKRAR TEGUNDIR

Gildir til 9. ágúst eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmitilegast að versla

*Fæst í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri.

**Ódýrar
DVD myndir**



**Rugl
verð**

899

Hver mynd

BT

Opið



**80GB
HARÐUR DISKUR**

**512MB
VINNSLUMINNI**

MEDION C6

MD95280

MEDION C6 CENTRINO W1

- Intel® Pentium® M processor 735 (1.7GHz)
- Intel® Extreme Graphics 2 technology
- 512 MB DDRAM 333MHz
- 80 GB Harður diskur
- DVD Skrifari
- Wi-Fi® Wireless (802.11g)



**FYRSTA
GREIÐSLA
1.0KT**

Elki láta hugbúnaðinn vanta!
Verð kr. 9.999 með fartöku

4.161*

2,2 kg

*Ótrúlega
lett aðeins
2,2 kg*

DVD skrifari

Auðvelt er að afrita DVD. Skrifanlegir DVD diskur rúma allt að 7 falt gagnamagn miðað við eldri geisladiskana



Þráðlaust net

Vélin er með innbyggðu þráðlausu neti sem er nauðsynlegt í ferðavélum í dag. Nýjasti 54Mbps staðallinn að sjálfsgögu.



4.161*

Tölvukaupalaun 48 mán.

11.999**


Vaxtalaust 12 mán.

Dotan örgjörvi


Ný útgáfa af Centrino örgjörvanum sem afkastar allt að 22% meira



80 GB Harður diskur

Geymdu öll gögnin þín og gott betur á stórum hörðum disk! 

14,1 breiðtjaldsskjár

Sjáðu alla myndina í góðum 14.1" breiðtjaldsskjá. Frábær þegar horft er á DVD eða spilað tölvuleiki! 

143.988

Staðgreitt

DVD tilboð



Meistaraverk

1.299

Hver mynd

Ferða DVD spilarari

*Auðvelt
að tengja!*

**Tveir
skjáir**



Hentugt í bústaðinn eða bílinn, auðvelt að tengja ýmist í 12 volta tengi eða í rafmagn. Auðvelt að tengja leikatölvur við.



MEDION

MD80401

Medion ferða DVD spilarari

- DVD ferðaspilarari
- Tveir 7" LCD skjáir
- Spilar tónlistardiska og MP3 diska
- Innbyggðir víðöma hátalarar
- Fjarstýring
- Taska og tvö vönduð heymatöl fylgja
- Biltengi - 12 volt

3.499**

Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

41.988

STADGREITT

**Ódýrir
PC leikir**



Ódýrt

999

Hver leikur

**Ódýrir
Playstation2 leikir**



**Frábært
tilboð**

1.799

Hver leikur

Ótrúlegur GSM sími

– MP3 spilar, 2 Mega pixla stafræn myndavél, útlarp og fullkominn farsími.

Sony Ericsson K750

**2
MEGA
PIXEL**

Um myndavélina: Myndavél: 2.0 Megapixel, með auto focus, mest 1632x1224 punkta upplausn, með ljósi. Tekur upp hreyfimyndir í upplausninni 176x144 punktar, lengdin fer eftir lausu minni.

**98
MB**

Minni: 34 Megabyte innbyggð í símann, 64 MB Minniskort fylgir (Mesta stærð: 2GB)

**FM
RDS**

Fullkominn tónlistarspilarari

með lagalistum (spilar MP3, AAC og M4U). Valmyndakerfi á Íslensku.

Útlarp FM útlarp með RDS

2.999**

Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST


35.988

STADGREITT

BT

Opið á morgun í BT Skeifunni kl. 13-17 • BT Smáralind kl.

Í dag



Tónlist á tilboði

FYRSTA GREIÐSLA 1. OKT

MEDION

- Medion V6 CLAWHAMMER SE4**
- AMD Athlon64 3000+
 - nVidia nForce4 kubbasett
 - 512MB vinnsluminni - DDR 400 MHz
 - nVidia Geforce 6600 PCI Express 128MB
 - 160 GB diskur 7200RPM SATA 8MB
 - DVD Brennari, 16 hraða, Dual Layer, + og -
 - Öflug 8 rása hjóðstýring
 - Gigabit Ethernet, Firewire
 - Media Bay tengistöð
 - Svart íslenskt lykklaborð og mús
 - Windows XP Home
 - Home Cinema, Nero Burning Rom
 - Nero Recode, CA eTrust Antivirus

MediaBay tengistöð
Les allar gerðir minniskorta í dag, USB, Firewire hjóð og video tengi aðgengileg beint að framan.

AMD Athlon 64 örgjörvi
Frábær örgjörvi í alla þunga vinnslu og sérstaklega leikna. Fullur 64 bita stuðningur

High Definition 8 rása hjóð
Besta hjóð í leikna, stýður öll stærri hjóðkerfi fyrir tölvur.



VERDLAUNATÖLVUR FRA ÞYSKALANDI

Gullna Tólvan
Medion tölvur eru framleiddar samkvæmt ströngustu gæðastöðlum í Þýskalandi. Þá hafa Medion tölvur unnið til ótal verðlauna s.s. Gullnu Tólunnar og Red Dot hönnunarverðlauna.



HD Audio



BATTLEFIELD2 CERTIFIED

3.523*

3.523*
Tölvukaupálan 48 mán.

9.999**
Vaxtalaust 12 mán.

119.988
Staðgreitt



FYLGIR



*Meðalmánaþengsla á 48 mánaða tölvukaupálan VÍS. Umsókn er afgreidd á staðnum á innan við mínútu.
**Máað við jafnar vaxtalasor greiðsur á Visa eða Mastercard skuldbætur 0,5% stimpageldi bestur við samninggjafið og greiðst með jafnum greiðslum yfir samningstíman.



Rugl verð

1.799
Hver diskur

MP3 spilari

aigo
U-WATCH AIGO ARMBANDSÚR
• Úr með MP3 spilara
• 256MB innbyggt minni

7.999

9.999

Fyrir töffarana

MP3 spilari

aigo
E808A-512MB
AIGO E808A 512MB MP3

12.999

14.999

Mössuð græja

GSM sími

NOKIA
NOKIA1100
GSM NOKIA 1100
• Dual band 900/1800
• Ending rafhlöðu allt að 400 klst.
• í biðstöðu og allt að 4 klst í tali
• 250 númera minni titrari
• Innbyggt vasaljós
• Stærð: 106x46x20 mm
• Þyngd: 86 gr.
• ATH: Án Íslensks Stýrkerfis

6.999

Enn öflugra skjákerfi!

GeForce 6610 XXL

Enn hraðvirkara kort í 6600 seríunni frá nVidia. Öll nýjasta tækni s.s. Direct X 9.0, PureVideo™, PCI-Express, CineFX 3.0, UltraShadow II o.fl. tryggir þér bestu spilun í nýjustu leikjunum

Sláðu í gegn í útilegunni

Frábær gítarpakki

Fallegur Fender gítar fánalegur í 3 litum Natural, Sunburst og svörtum Pakkinn inniheldur: Gítarstíli, strengi neglur og axlaról

Slá í gegn, slá í gegn, ég vild ég væri að slá í gegn!

Fender lærðu á kassagítarinn!

ACUSTIC GUITAR

14.999

2.999

FYLGIR

Ég er flottastur með Fender

Stafrænar myndir

SONY
Sony CyberShot 4.1 MI DSC-S80

2.499
Á MÁNUDI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

29.988
STADGREITT

Risa skjár
4.1 megapíxlir

SONY GÆÐI

Bestu kaupin

Hleðslurafhloður
Með STAMINA tækninni eða allt að 440 myndir á hverri hleðslu.

2" litaskjár
Stór og vandaður 2.0" litaskjár og þú sérð vel allar myndir sem eru teknar á DSC-S80.

MPEG Movie
Það er ekkert mál að taka videomyndir eins lengi eins og minni leyfir.

Carl Zeiss linsa
Með 3x optical Carl Zeiss Vario Tessar linsunni í DSC-S80 eru gæðin tryggð jafnvel niður í minnstu smáatriði.

DV tengi og USB2
Miklir tenginguleikar við PC og Apple vélar

800x aðdráttur
Með 800x digital og 24x optical aðdrætti nærðu öllum smáatriðum sem þú vilt.

2.5" Litaskjár
Hágeða LCD litaskjár sem þú snúir eftir hentugleika. Allar stillingar koma á skjáinn.

NightView 0 LUX
Það skiptir ekki máli þótt birtan sé engin - þú nærð samt góðum upptökum.

Panasonic
MiniDV videóvél NVGS17B

2.999
Á MÁNUDI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

35.988
STADGREITT

Lækkað verð

FYLGIR

BT Afgreiðslutímar

Verslunarmannahelgin í BT

BT SKEIFUNNI	MÁNUDAGA - FÖSTUDAGA	11:00 - 22:00	OPÍD LAUGARDAG OG SUNNUDAG, LOKAD MÁNUDAG
	LAUGARDAGA	11:00 - 17:00	
	SUNNUDAGA	13:00 - 17:00	
BT EGLISSTÖÐUM • SELFOSSI	MÁNUDAGA - FÖSTUDAGA	11:00 - 18:30	OPÍD LAUGARDAG OG SUNNUDAG, LOKAD MÁNUDAG
	LAUGARDAGA	11:00 - 17:00	
	SUNNUDAGA	13:00 - 17:00	
BT KRINGLUNNI	MÁNUDAGA - MIÐV. DAGA	10:00 - 18:30	OPÍD LAUGARDAG LOKAD SUNNUDAG OG MÁNUDAG
	FIMMTUDAGA	10:00 - 21:00	
	FÖSTUDAGA	10:00 - 19:00	
	LAUGARDAGA	10:00 - 18:00	
	SUNNUDAGA	13:00 - 17:00	
BT SMÁRALIND	MÁNUDAGA - FÖSTUDAGA	11:00 - 19:00	OPÍD LAUGARDAG OG SUNNUDAG, LOKAD MÁNUDAG
	LAUGARDAGA	11:00 - 18:00	
	SUNNUDAGA	12:00 - 18:00	
BT HAFNARFIRDI	MÁNUDAGA - FIMMTUD.	10:00 - 18:00	LOKAD LAUGARDAG OG SUNNUDAG OG MÁNUDAG
	FÖSTUDAGA	10:00 - 19:00	
	LAUGARDAGA	10:00 - 16:00	
	SUNNUDAGA	LOKAD	
BT AKUREYRI • ÍSAFIRDI • SPÖNGINGNI	MÁNUDAGA - FÖSTUDAGA	11:00 - 18:30	OPÍD LAUGARDAG LOKAD SUNNUDAG OG MÁNUDAG
	LAUGARDAGA	11:00 - 16:00	
	SUNNUDAGA	LOKAD	

2-18 • BT Selfossi kl. 13 - 17 • BT Egilsstöðum kl. 13-17



Hinsta óskinn rætist á Íslandi

Hulda Parrish flutti fimm ára gömul til Ástralíu ásamt foreldrum sínum og bræðrum. Fyrir sex mánuðum varð henni ljóst að hún myndi lúta í lægra haldi fyrir krabbameini. Hún ákvað þá að láta hinstu ósk sína rætast, sem var að koma til Íslands og hitta ömmu sína. **Edda Jóhannsdóttir** fór og hitti Huldu og fjölskyldu hennar.

Á Hrafnistu er líf og fjör þegar mig ber að garði. Sól in skín og gamla fólkíð situr úti í blíðunni og býður glaðlega góðan daginn. Ég er með herbergisnúmerið á hreinu og held rakkleiðis þangað eftir að hafa skipst á nokkrum orðum við stúlkuna í afgreiðslunni. Það er opið inn í herbergið og þegar ég gægist inn sé ég að gömul kona, vafin inn í teppi, situr á stól rétt við dyrnar. Hún steinsefur. Ég geri ráð fyrir að þetta sé Hulda Guðjónsdóttir, amman sem Hulda yngri þráði svo heitt að hitta. Hulda Parrish staðfestir þetta þegar hún kemur skömmu síðar ásamt föður sínum, dóttur og litlum afastrák, og öll vefja þau ömmu sína örmum. Gamla konan bregst þó varla við.

„Hún er orðin svo lasburða eftir að hún tvífótbrotnaði fyrir tveimur árum. Í framhaldi af því varð hún þunglynd og nú er eiginlega enginn lífsneisti lengur. Amma, sem var alltaf svo hress og kát. Hún kom nokkrum sinnum og heimsótti okkur til Ástralíu og þá var hátíð. Hún vílaði ekki fyrir sér að labba langar leiðir og smitaði okkur með lífsgleði sinni. Nú er hún á lyfjum sem gera hana sljóa og erfitt að ná sambandi við hana,“ segir Hulda og horfir ástúðlega á ömmu sína. „Það er líka erfitt fyrir mig að nálgast hana af því hún skilur ekki enskuna mjög vel og ég tala orðið enga íslensku lengur. Ég er næstum búin að gleyma öllu sem ég lærði þegar ég kom hingað 18 ára. Samt fór ég í kvöldskóla þá til að læra íslensku,“ segir hún hlæjandi.

En Hulda skilur þó heilan helling í íslensku þó hún sé feimin að tjá sig á málinu. Og gamla konan

fylgist vel með því sem gerist í kringum hana þó hún segi ekki margt.

Hreinskilnislegur dauðadómur

Það eru aðeins fjórir dagar síðan Hulda kom með litlu fjölskylduna sína til Íslands: dóttur sína, Sue-Anne, 20 ára, og dóttursoninn Logan, fjögurra ára. Pabbi hennar, Jón Parrish, kom nokkrum dögum áður. Þegar hann heyrði að Hulda ætlaði til Íslands ákvað hann að slást í förina og sjá móður sína í síðasta sinn, en gamla konan verður 84 ára í ágúst. Jón reiknar ekki með að sjá móður sína aftur eftir að hann snýr heim til Ástralíu. Ferðalangarnir eru alsælir með ferðalagið hingað til.

„Ég var svo spennt að koma með dóttur mína og barnabarn hingað og sýna þeim það sem ég mundi best frá Íslandi,“ segir Hulda. „Ég get ekki lýst því hvernig mér leið þegar við stigum út úr flugvélinni. Ég var spennt en líka óskaplega hamingjusóm. Þetta var langt og krefjandi ferðalag og fyrsta hugsunin var auðvitað að komst í sturtu og skipta um fót. Nú erum við búin að vera hér í fjóra daga og fórum í gær að Gullfossi, Geysi og á Þingvelli og Laugarvatn með frænkum og frændum úr móðurfjölskyldunni minni. Það var alveg yndislegt.“

Ferðalög eru þó ekki bara yndisleg fyrir Huldu því hún þarf að taka á öllu sem hún á og úthaldið er lítið. Þegar við hittumst er hún þjád af verkjum en jákvæð og glöð og ber sig vel. Hún er búin að sætta sig við veikindin, fara í gegnum reiðina, sorgina og sjálfsvorkunnina. „Ég var á tímabili



HULDA PARRISH Kom til Íslands til að kveðja í hinsta sinn. Hún elskar landið og nýtur hér hvorrar mínútu með fjölskyldu sinni.



FIMM KYNSLÓÐIR Sue-Anne, dóttir Huldu, Logan, barnabarn hennar, Hulda yngri, Hulda eldri og Jón. 80 ár eru á milli þess yngsta og elsta.



ÖMMUSTRÁKUR Logan, fjögurra ára barnabarn Huldu Parrish, kom með henni alla leið til Íslands frá Ástralíu. Hann er yfir sig hrifinn af fjöllumunum á Íslandi og uppáhaldsfallið hans og ömmu er Esjan.

mjög upptekin af spurningunni af hverju ég? Svo fór ég að hugsa af hverju ekki ég? Þegar ég greindist með krabbamein í legi fyrir ári voru lækarnir bjartsýnir. Ég fór í skurðaðgerð og legið var tekið, og svo tóku við geislar og lyf. Eftir það allt saman kom í ljós að meinið hafði breiðst út og það voru komin meinvörp í lungun. Það var svo kvenlæknir sem sagði mér hreint út að ég væri að deyja. Ég yrði bara að nota vel þann stutta tíma sem eftir væri. Mér fannst þetta miskunnarlaust og ósanngjarnt fyrst, en svo ákvað ég að eyða ekki dýrmætri orku í að vera svekkt og leið yfir því sem ég gæti ekki breytt. Það var þarna sem ég fann hvað Ísland og ekki síst amma voru mikilvægir þættir í lífi mínu og ákvað að koma einu sinni heim áður en ég dæi.“

Hindranir á veginum

Þegar ákvörðunin um ferðina hafði verið tekin tók við undirbúningur en þá rakst Hulda á ótal hindranir. „Það voru náttúrulega í fyrsta lagi peningar, ég átti ekki of mikið af þeim,“ segir hún. „En pappírsmálin voru þó mesta strögglið. Ég er íslenskur ríkisborgari og kom til Ástralíu á sínum tíma á vegabréfi mömmu. Ég fékk reyndar vegabréf þegar ég kom til Íslands 18 ára, en það var útrunnið. Til að fá nýtt þurfti að finna gögn áratugi aftur í tímann, eða frá því við fluttum út, og allt þess háttar tekur tíma í Ástralíu. Þá þurfti ég líka áritun til að kom-

ast aftur inn í landið. Þegar ég var loksins búin að fá öll gögn og afhenda þau í íslenska sendiráðinu úti gekk þetta fljótt og vel fyrir sig. Þá sögðu lækarnir hins vegar að ég gæti ekki farið. Mér skildist að þeir ætluðu að hefja nýja meðferð og svo vildu þeir meina að ég þyldi ekki ferðalagið. Það varð hins vegar ekkert úr meðferðinni og ég ákvað að láta ekkert stoppa mig. Við fengum öll flensu um það leyti sem við lögðum af stað, en það var minniháttar og nú erum við hér,“ segir hún og ljómar af gleði.

Í þeim orðum töluðum mætir ljósmyndarinn og heilsar öllum með virktum, ekki síst gömlu konunni, sem hefur ekki haggast í stólnum sínum fram að þessu. Hún kann þó greinilega vel að meta hvað ljósmyndarinn er kátur og skemmtilegur og samþykkir að koma með út í sólina og sitja fyrir á mynd.

Alein á ströndinni í Sydney

Á meðan spjalla ég örlítið við Jón, sem talar enn góða íslensku þrátt fyrir rúmlega 35 ára fjarveru. Hann segist hafa verið búinn að fá sig fullsaddan af Íslandi þegar hann flutti á sínum tíma. „Ég hafði tekið lán sem áttu að gera fólk auðveldara að eignast húsnæði, en þegar til kom réð enginn neitt við neitt vegna verðbólgunnar. Ég fæ enn gæsahúð þegar ég hugsa um það,“ segir Jón, sem var einn fjölmargra Íslendinga sem tóku sig upp með fjölskyldur sínar á árunum 1968 og '69 og héldu

ýmist til Svíþjóðar eða Ástralíu í leit að betra lífi.

„Ég er prentmyndasmiður að mennt og vann við það til að byrja með. Við byggðum okkur hús og gekk bara ágætlega að aðlagast. Það var auðvitað margt sem þurfti að venjast, allt önnur menning, eða ómenning liggur mér við að segja, og þeir sem töluðu ekki ensku voru ekki vel séðir. Þeir voru kallaðir wog, sem þýðir trúlega western oriental gentleman. En krakkarnir voru fljótir að ná málinu, kannski á kostnað íslensku, og við kunnum fljótlega mjög vel við okkur. Ég var hvort sem er hundsvektur á Íslandi og saknaði til að byrja með einskis. Seinna saknaði ég matarins og nú fáum við okkur eina með öllu á hverjum degi. Ég var líka svo sæll með veðráttuna þarna og náttúruna,“ segir hann hlæjandi og rifjar upp fyrsta dag fjölskyldunnar í Sydney. „Við fórum beinustu leið á ströndina og skildum ekkert í því að við höfðum hana alveg út af fyrir okkur. Skýringin var auðvitað sú að það var hávetur og ekki nokkur Ástrali sem lætur sjá sig á ströndinni í 20 stiga hita.“

Með búgarð í Ástralíu

Myndatökunni er lokið og Huldurnar tvær komnar aftur inn í fylgd Sue-Anne og Logans. Það hefur greinilega hýrnað yfir gömlu konunni. „Við ætlum bara að slaka á herna með ömmu í dag,“ segir Hulda. „Ég þarf líka að hugsa vel um mig og ætla mér ekki um of.“

Í Ástralíu býr Hulda á búgarði

í útjaðri borgarinnar Taree og þar er hún með fjóra hesta ásamt fjölda annarra dýra. Hulda hefur alltaf átt hesta og dreymir um að komast á bak hér heima. Mamma hennar sér um dýrin í fjarveru hennar, en hún býr í 200 kílómetra fjarlægð frá búgarðinum.

„Við Sue-Anne fórum í gegnum skilnað á sama tíma svo nú búa þau Logan hjá mér,“ segir Hulda. „Hlutverkin hafa snúist við, Sue-Anne er eins og mamma og hugsar um mig. Ég ræð ekki orðið við að gera allt sem mig langar að gera en ég á samt marga góða daga. Auðvitað er ég búin að reyna alls konar óhefðbundnar lækningar og innst inni gefur maður aldrei alveg upp vonina. Fólk er líka ótrúlega duglegt að ráðleggja mér alls konar hluti og segja kraftaverkasögur. Þá má ekki gleyma pabba, sem aðhyllist slíkar lækningar og hefur af þeim góða reynslu.“

Jón brosir og segist hafa verið með magasár í tíu ár fyrir margt

löngu. „Þá dugði ekkert sem ég fékk hjá læknum en svo snarlæknaðist ég þegar ég sneri mér að óhefðbundum lækningum. Nú er ég 62 ára og kenni mér einskis meins.“

Ég hef orð á að hann sé unglegur og líti vel út en Hulda blikkar mig kankvís. „Ekki segja honum það, þá verður hann svo óþolandi montinn,“ segir hún og skellihlær.

Ég kveð þessa ljúfu fjölskyldu og óska henni alls hins besta. „Takk fyrir það,“ segir Hulda, „og takk fyrir að koma. Mig langaði svo að deila því með fólki hvað það er mikilvægt að láta óskir sínar rætast og lifa hvern dag út í æsar. Lífið er svo stutt og getur verið svo yndislegt. Það verður aldrei of oft undirstrikað hvað það er mikilvægt að njóta þess tíma sem okkur er úthlutaður.“

Á leiðinni út fylgja mér glaðvær hlátarsköll úr herbergi 102. Þó dauðinn né sannarlega nálægur er gleði fjölskyldunnar yfir samverunni fólksvalaus.



ENDURFUNDIR Hulda Parrish er dauðvona en lagði á sig langt og strangt ferðalag til að hitta Huldu ömmu sína í síðasta sinn.

395! Heiða í fyrsta sæti *Eg er í skyjunum*
 Þrjár vinkonur á amerískum sportbílum
KITLA PINNANN Í SUMAR

Hér & nú
 28. júlí 2005 - 10.000 kr. - 1. útgáfa

Femínisti giftist kvennagulli
Besti dagur lífs míns

Yngsta þingkonan komin með kærasta
 Asdís Halla á þingvöllum:
A þyrlu með steypu í sumarhúsið

HANNI Í SKÍTAMÓRAL
PRINSESSAN ER PABBA-STELPA

KEMUR ÚT ALLA FIMMTUDAGA!

Hér & nú

✿ Verslunarmannahelgin ✿ í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum

15 ára afmælishátíð garðsins um verslunarmannahelgina

<p>Laugardagurinn 30. júlí</p> <ul style="list-style-type: none"> Tilboð á dagpössum í leiktækin Nýtt tæki, þrumufleygur, opnað á torfærubrautinni Kl. 21:00 - Stuðmannatónleikar Forsala á tónleikana hjá Olís og í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum Opið til kl. 23 	<p>Sunnudagurinn 31. júlí</p> <ul style="list-style-type: none"> Tilboð á dagpössum í leiktækin Hefðbundin dagskrá garðsins 	<p>Mánudagurinn 1. ágúst</p> <ul style="list-style-type: none"> Tilboð á dagpössum í leiktækin VR-dagurinn, ókeypis inn í boði Verslunarmannafélags Reykjavíkur Skátar koma með leiktæki Kl. 14:30 Glöggur geimálfur heimsækir vísindaveröld
--	--	---

Tilboð á dagpössum í leiktækin alla helgina kr. 500 dagurinn

FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐURINN

Iceland Fashion Week er skemmdarverk

Linda Björg Árnadóttir, fatahönnuður og umsjónarmaður fatahönnunardeildar Listaháskóla Íslands, er afar ósátt við tískuviðburðinn Iceland Fashion Week. **Marta María Jónasdóttir** hitti Lindu og fékk að vita af hverju þessi óánægja stafar.

Tískuviðburðurinn Iceland Fashion Week var haldinn þarsíðustu helgi af Kolbrúnu Aðalsteinsdóttur. Sýningin er umdeild en Linda Björg Árnadóttir, umsjónarmaður fatahönnunardeildar Listaháskóla Íslands, segir sýninguna gefa skakka mynd af íslenskri hönnun og hún sé hönnuðum ekki til framdráttar. „Tískuvika í hverju landi er skipulögð af fagfólki til þess að kynna vöru viðkomandi lands fyrir tískupressunni og kaupendum. Það að ein manneskja ákveði að kaupa réttinn á „Iceland Fashion Week“ og selji erlendum blaðamönnum og bransafólki þá hugmynd að um hefðbundna tískuviku sé að ræða, eins og skipulagðar eru um allan heim, er fátíðlegt og einfaldlega skemmdarverk fyrir ímynd íslenskrar fatahönnunar. Þessum útlendingum sem Kolbrúna hefur boðið hingað á tískusýningar í gegnum tíðina hefur misboðið hvernig staðið hefur verið að sýningunni. Iceland Fashion Week er einfaldlega hallærislegur viðburður og það er fyrst og fremst þess vegna sem fólk hætti við að vera með,“ segir Linda Björg. Hún hefur ákveðnar skoðanir á því hvernig eigi að standa að tískuviðburðum

á borð við Iceland Fashion Week. Henni finnst að Fatahönnunarfélag Íslands ætti að standa að viðburðinum og innan þess þyrfti að starfa fagrað sem myndi velja efnilega hönnuði á sýninguna. „Fagraðið þarf að vera skipað fólki sem hefur reynslu af tískuviðnaðinum og þekkingu á því hvernig eigi að skipuleggja svona sýningar. Það eru nokkrir aðilar á Íslandi sem hafa þessa reynslu, til dæmis Steinunn Sigurðardóttir fatahönnuður sem starfaði lengi erlendis.“

Það þarf að taka fagið alvarlega

Linda Björg hefur lengi verið ósátt við tískuviðburðinn Iceland Fashion Week. Hún segist hafa fylgst með verkum Kolbrúna Aðalsteinsdóttur í gegnum tíðina og oft hugsað með sér hvenær þessi vitleysa myndi taka enda. Hún er gáttuð á því að íslensk fyrirtæki skuli hafa verið reiðubúin að leggja fé í þetta verkefni allan þennan tíma.

„Ég er búin að svitna yfir þessu dæmi í mörg ár og hef ráðlagt nemendum mínum að taka ekki þátt í þessu. Fatahönnunarfélagið er einnig búin að gefa út yfirlýsingu þess efnis að það sé ekki í samstarfi við hana. Til að

gera þetta almennilega þyrfti að halda samkeppni og svo yrðu nokkrir hönnuðir valdir úr til að sýna. Það á ekki bara að smala þeim saman sem vilja vera með. Það virkar ekki.“ Linda Björg bendir á að Fatahönnunarfélag Íslands sé mjög ungt og það skipti miklu máli að hlutirnir séu kynntir á réttan hátt.

„Þetta er fag og það er fullt af fólki sem vinnur við það. Úti í heimi er tíska stór iðngrein og það er mikið af peningum í húfi, sem gerir það að verkum að fólk tekur fagið alvarlega. Það útskrifast núna tíu fatahönnuðir á ári frá Listaháskóla Íslands. Annað hvort verða þeir að fara út í heim að vinna eða gera eitthvað sjálfir. Þetta er rétt að byrja og það þarf að skapa góða ímynd í upphafi. Þetta er ekki lítið mál og léttvægt, heldur mjög alvarlegt,“ segir Linda Björg og bætir við:

„Útflutningsráð er að gera marga góða hluti fyrir íslenska hönnuði. Það leigir sýningarrými í París á meðan á tískuviku stendur svo hönnuðir hafi tækifæri til að sýna vöru sína án þess að borga fyrir það. Það þurfa að vera fleiri styrkir í boði fyrir hönnuði. Í Hollandi og Belgíu hafa sprottið upp margir frægir hönnuðir í



LINDA BJÖRG ÁRNADÓTTIR Hefur varað nemendur sína við að taka þátt í Iceland Fashion Week.

seinni tíð. Þessum þjóðum hefur tekist að skapa eigin stíl í hönnun og eru Viktor og Rolf gott dæmi um það, en þeir eru stærstu stjórnurnar á síðasta áratug. Þeir hafa verið styrktir af hollenska ríkinu í mörg ár. Það þarf að vera fagrað sem ráðleggur hverja eigi að styrkja. Það þarf að búa til einhvers konar langtíma áætlun um

það hvernig eigi að styðja við bak-ið á hönnun á Íslandi. Hingað til hefur styrkjum verið úthlutað á víð og dreif og það vantar opinbera stefnu varðandi framþróun hönnunar á Íslandi. Hönnuðir eru ekki langlífir á Íslandi vegna þess að þeir komast aldrei upp á næsta stig.“

martamaria@frettabladid.is



DAUÐI OG JARÐARBER Gunnar Björn Guðmundsson og Snorri Engilbertsson tylla landsmenn í sumar með „trúðasýningunni“ Dauði og jarðarber.

Flón flakka um landið

„Við lékum fyrir hundrað manns á Hvammstanga um síðustu helgi og það ætlaði allt um koll að keyra,“ segir leikarinn Gunnar Björn Guðmundsson um „trúðasýninguna“ Dauði og jarðarber sem hann og Snorri Engilbertsson flakka með um landið í sumar.

Samstarf Snorra og Gunnars Björns hófst á trúðanámskeiði hjá leikstjóranum Ágústu Skúladóttur. „Ágústa kynntist trúðavinnu í skóla hjá Philippe Guillier í Frakklandi og hefur mikla reynslu á þessu sviði. Við erum ekki að leika afmælistrúða sem mæta í partí með slaufu og rauða hárkollu heldur er þetta leikstíll í anda Charlie Chaplin og gömlu meistaranna. Upp úr námskeiðinu tókum við ákvörðun um að gera sýningu í samvinnu við Ágústu og eftir hálfis árs æfingartímabil kom út þessi klukkutíma langi grín-harmleikur.“

Dauði og jarðarber fjallar um tvo sígaunbræður sem hafa búið hjá ömmu sinni alla ævi en foreldrar þeirra stungu af til að freista gæfunnar sem listamenn

úti í heimi. „Til að amman missi ekki drengina frá sér reynir hún að bæla niður listræna hæfileika þeirra. Leikritið hefst svo þegar amman er dauð og þá tekur sígaunaæðlið völdin.“

Hver sýning byggist á sambandi trúðanna við áhorfendur hverju sinni. „Við erum ekkert að angra áhorfendur með því að draga fólk upp á svið en trúðurinn hefur alltaf tilhneigingu til að elta hláturinn í salnum og reyna þannig að ganga í augun á áhorfendum. Það einkenni trúðsins gerir sýninguna lifandi og breytilega hverju sinni.“

Félag flóna, en það kallast hóp-urinn sem kemur að sýningunni, skemmtir á Flúðum, Kirkjubæjarklaustri og Sólheimum í Grímsnesi um verslunarmannahelgina og verður svo á Fiskideginum mikla á Dalvík 6. ágúst. Áætlað er að nokkrar sýningar á Dauða og jarðarberjum verði í Reykjavík í september en eftir það heldur Snorri út til Frakklands í leiklistarskóla Philippe Guillier til að kynna sér enn betur vinnuáferðir trúðsins.

Krúttthátíð á Snæfellsnesi

Listahátíðin Krútt verður haldin á Lýsuhóli á Snæfellsnesi helgina 5.-7. ágúst. Á hátíðinni koma fram fánaberar íslenskrar framúrstefnu í myndlist og tónlist auk bandarísku hljómsveitarinnar Mice Parade.

Mice Parade er eitt af aðalmerkjum bresku hljómplötuútgáfunnar Fat Cat, sem meðal annars hefur gefið út hljómsveitir á borð við Sigur Rós, Múm og Animal Collective. Adam Pierce, forsprakki Mice Parade, hefur á skömmum tíma þróað sveit sína frá eins manns hljóðversverkefni yfir í magnaða sjö manna tónleikasveit þar sem austrænum og afrískum áhrifum er blandað saman við klassískan gítar og hljóðgervil.

„Við fengum þessa hugmynd út úr ferðalagi sem við áttum á Snæfellsnesi um páskana,“ segir Svavar Pétur Eysteinnsson úr

hljómsveitinni Skakkamanage, sem er einn af aðstandendum hátíðarinnar. „Við ætluðum að halda risastóra hátíð en á leiðinni til baka föttuðum við að það er ekkert gaman. Við ákváðum að búa til litla hátíð og kalla hana krútt.“

Tónleikar verða haldnir í Lýsuhóli bæði á föstudags- og laugardagskvöldi þar sem meðal annars koma fram auk Mice Parade, hljómsveitirnar Hudson Wayne, Reykjavík!, Skátar, Kimono og Skakkamanage. Myndlistarsýning verður opnuð í hesthúsinu á Lýsuhóli klukkan 15.00 á laugardeginum strax að loknu sundlaugarpartí sem byrjar snemma

morguns sama dag. Þar heldur ónefndur plötusnúður sundfólkinu við efnið.

Á meðal þeirra fimmtán myndlistarmanna sem eiga verk á hátíðinni eru Pétur Már Gunnarsson, Elsa D. Gísladóttir, Berglind Ágústsdóttir og Hugleikur Dagsón. Miðasala á hátíðina fer fram í verslun 12 Tóna, plötubúð Smekkleysu og á Hótel Búðum á Snæfellsnesi en aðeins 500 miðar verða í boði. Miðaverð er 3.900 krónur og þar er innifalið verð á tjaldstæðinu á Lýsuhóli. Miðahafar fá einnig afslátt í rútu hjá Sæmundi frá BSÍ.

freyr@frettabladid.is



SVAVAR OG BERGLIND Svavar Pétur Eysteinnsson og Berglind Hasler eru tveir þriðju af hljómsveitinni Skakkamanage og tveir af fimmm skipuleggjendum Krúttthátíðarinnar.



Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
REYKJAVÍK 4.28	13.34	22.38
AKUREYRI 3.54	13.19	22.40

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er laugardagur 30. júlí, 211. dagur ársins 2005.

KRÍLIN

Mamma, við erum búnar að sitja svo lengi núna, getum við ekki bara gefið þeim pening og farið heim?



Smáauglýsingar

byrja í dag á bls. 4

Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

PÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á VISIR.IS

visir

allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA **BÍLARHÚS** NÁM FERÐIR MATUR **ATVINNA** BRÚÐKAUP FJÁRMÁL TILBOÐ o.fl.

bílar o.fl.

Volkswagen Touareg reynsluekið

BLS. 2



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 OG Á visir.is



Maggi Kjartans segist vera svolítið „kanamella“, sem hann rekur til æskustöðvanna í Keflavík. Hann gleðst yfir því að amerískir pickup-bílar séu í tísku.

Þversögn í teppa- lögðum truck

Magnús Kjartansson tónlistarmaður á þriggja ára pickup-bíl og telur að hann sé „trendsetterinn“ í þessari tísku. Að minnsta kosti var hann fyrstur í sínum vinahópi.

„Þetta er Chevrolet Silverado, það dugir sko ekkert minna,“ segir Magnús. „Hann er ekkert rosalega sætur, en ágætur ef horft er framan á hann. Þetta er náttúrulega dísil-bíll og þrátt fyrir að við séum að upplifa rosalegar breytingar mun ég halda mig við dísil. Ég er að draga hestakerrur og dísil-vélarnar vinna bara öðruvísi. Bíllinn nýttist mjög vel í hestamenskunni og pallurinn er ægilega finnr fyrir hnakka, reiðtygi og annan útbúnað. Það er fínt að þurfa ekki að hafa þetta dót inni í bílnum. Svo er annað flott við þennan bíl en það er gúmmígólf sem hægt er að skúra. Það myndi ég halda að hestamenn kynnu vel að meta. Pickup-trukkur með teppi, það er einhver þversögn í því.“

Magnús og pickup-inn eru þó ekki á leið í ferðalag um verslunarmannahelgina. „Ég

ætla að vera heima og slaka mikið á, kannski hendi ég einhverju á grillið og æfi mig svolítið á píanó. Ég hef sjaldan getað notið hvíldar um þessa helgi, þess vegna nýt ég þess svo vel núna. Það var samt yndislegt að vera á ferðinni á sínum tíma.“

Magnús hefur verið farsæll bílstjóri og þakkar það árvekni sinni. „Mér hættir til að vera örllítið á öndverðum meiði við afstöðu Íslendinga í umferðarmálum og alla þessa gífurlegu forsjarhyggju. Óstýriláti unglingurinn verður vitlausastur ef mamma er í mjög ströngu skapi. Ég er líka meðmæltur því að sett verði lög á þá sem ætla að vanda sig svo ofboðslega að þeir eru beinlínis hættulegir öðrum. Þessa sem safna í röð fyrir aftan sig og valda spennu og tauga-veiklun.“

En hvað er flottasta verslunarmannahelgarlag allra tíma?

Þjóðhátíðarlög Vestmanneyinga standa upp úr, þeir eiga heiðurinn af að skapa þessa hefð. Lag Oddgeirs Kristjánssonar og Ása í Bæ, Ég veit þú kemur í kvöld til mín, hlýtur að eiga vinninginn.“

edda@frettabladid.is

LIGGUR Í LOFTINU

í atvinnu

Orlofsupp- bót 2005

fyrir orlofsárið sem hófst 1. maí 2005 er kr. 21.800 miðað við fullt starf fyrir flestar starfsgreinar nema verslunarmenn. Greiða á upphæðina út í upphafi orlofstöku en í síðasta lagi 15. ágúst. Það borgar sig því að fylgjast með því hvort uppbótin er komin inn eða ganga á eftir henni öðrum kosti. Ranghermt var í nýjasta tölublaði VR blaðsins að verslunarmenn ættu von á 45.000 krónum en rétt mun vera að orlofsuppbót verslunarmanna er 16.500 krónur.

Innheimutilraun

STEF vegna sumarbústaða Orlofsjóðs BHM stenst ekki laga-lega að mati fráfarandi fram-



kvæmdastjóra sjóðsins. STEF sendi Orlofsjóðnum bréf þar sem gerð er krafa um að sjóðurinn greiði gjöld til STEFs þar sem opinber flutningur um útvarp og sjónvarp fari fram í sumarbústöðum BHM.

Frídagur verslunarmanna er á mánudaginn og eins og venjulega heldur VR upp á daginn með fjölskylduhátíð í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í Laugardal. Þúsundir félagsmanna og aðrir gestir hafa skemmt sér í garðinum á þessum háttisdegi á undanföllum árum. Aðgangur að garðinum er ókeypis og tilboð er á dagpössun í leiktækin.

atvinna@frettabladid.is

Njóttu frelsisins...



MAZDA TRIBUTE

Eigum til afhendingar strax nokkra bíla á afar hagstæðu verði!

Ríkulega útbúin fjórhjóladrifnir MAZDA TRIBUTE árg. 2005 verð frá kr. 2.550.000.-
2ja ára verksmiðjuábyrgð.



Malarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími: 565 2500
Netfang: x4@x4.is - www.x4.is

Lofþrýstingur

Áður en lagt er af stað í lengri ferðir er gott að athuga loftið í dekkjunum. Það er mikið öryggisatriði að hafa réttan lofþrýsting í dekkjunum enda getur of mikið eða of lítið loft beinlínis verið slysgilðra. Gættu þess einnig að hafa jafnan lofþrýsting í öllum dekkjum.



Bílar & Sport 588 7888 **NYTT**

askrift@bilarogsport.is

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS

TOYOTA viðgerðaraðili **Almennar bílaviðgerðir**

Skemmuvegí 16 (Blá gata) • 200 Kópavogur • Sími 587 1350

olis **SMURSTÖÐIN** **Vogar**

20 ára reynsla - Fljót og örugg þjónusta

Knarrarvogi 2 • 104 Reykjavík • sími 553 2205

VÉLASTILLING S.F.

AUÐBREKKU 16 - 200 KÓPAVOGI
SÍMI 554 3140 - FAX 564 4460

Vélastillingar - Hjólastillingar
Tímareimar - Almennar viðgerðir

Framkvæmum véla og hjólastillingar með fullkomnum stillitækjum

Bónarinn 554 1091 663 5282

Mössun • Bón • Alþrif
Afþreinsun merkinga
Djúphreinsun

Skemmuvegí 28 - Bleik gata - Kópavogur

RÉTTINGAVERKSTÆÐI
HJARTAR

Hágæða verkstæði með nútíma tækjabúnaði.

- Réttum og málum allar tegundir bíla.
- Þjónustum öll tryggingafélögin.
- Útvegum bílaleigubíla.
- Tjónaskoðun.

TOYOTA ÞJÓNUSTA

Viðurkennt **CABAS** verkstæði

Smíðjuvegí 56 (rauð gata) • 200 Kópavogi
Sími 587 9020 • Fax 587 9021 • rettingar@rettingar.is



REYNSLUAKSTUR

Volkswagen Touareg svipar um margt í útliti til annarra lúxusjeppa. Volkswagensvipurinn leynir sér þó ekki.

Jafnvígur á allan akstur

Volkswagen Touareg er einn þeirra bíla sem sameinar marga kosti. Sama er hvort ekið er innanbæjar, úti á þjóðvegi eða á fjöllum, alltaf stendur Touaregin sig vel og jafnvel gott betur.

Volkswagen Touareg telst í flokki lúxusjeppa. Einkenni þeirra bíla er að vera liprir og þægilegir um leið og þeir eru kraftmiklir og yfirleitt allstórir. Touaregin hefur notið mikilla vinsælda eftir að hann kom fyrst á markað fyrir rúmum tveim-

ur árum. Biðlistar hafa verið eftir bílunum, og eru enn í Evrópu, ekki síst eftir díselbílunum. Hér hafa þeir þó verið fánlegir um hríð án biðar og fyrirsjáanlegt að svo verði áfram. Og vinsældir bílsins eru ekki sprottnar af engu. Volkswagen Touareg er margbrotinn bíll. Þegar ekið er innanbæjar er hann þægilegur og lipur lúxusbíll, á vegum liggur hann eins og klettur og er framúrskarandi ferðabíll og þegar komið er á grófari vegi reynist hann líka ágætur fjallabíll.

Áð innan er bíllinn vel búinn. Sætin eru einstaklega þægileg og takkar og mælur sem bílstjóri þarf að nota afar aðgengilegir. Þrátt fyrir tiltölulega margbrotið mælaborð með margskonar stjórnrofum tekur það nýjan bílstjóra ekki nema stutta stund að átta sig. Bíllinn er búinn lágu drifi, stillanlegum höggdeyfum (sport, confort og auto) og stórskemmtilegri hækkanlegri lofþúðafjöðrun (aukabúnaður í þessum bíl) sem óneitanlega bæði bætir akstursgæði hans og gerir hann um leið að skemmtilegu leikfangi þess sem hefur gaman af því að aka bíl. Í hæstu stöðu fer veghæðin frá 237 mm upp í 300.

Þegar tveir sitja í aftursæti má fella niður breiðan armpúða sem gerir að verkum, ásamt góðu plássi fyrir fætur, að bíllinn er lúxusfarartæki fyrir fjóra fullorðna. Það eina sem mætti finna að er að glasahaldara vantar aftur í en frammi í eru

VOLKSWAGEN TOUAREG

Þriggja lítra 225 hestafla sex cylindura TDI díselvél
Meðaleyðsla 10,9 lítrar á hundraði
Eyðsla í utanbæjarakstir 8,7 lítrar á hundraði
sex þrepa sjálfskipting með handskiptivali
Grunnverð: Kr. 9.590.000

AUKABÚNAÐUR Í BÍLNUM SEM REYNSLUKID VAR

Leðuráklæði og rafstýrð sæti: 455.000
Lofþúðafjöðrun með stillanlegri veghæð: 335.000
Lykillauast aðgengi: 125.000

þeir fyrir hendi og ágætir. Sömu leiðis er nokkuð lágt undir loft í bílnum þannig að mjög hávaxið fólk gæti rekið sig uppundir. Öryggisbúnaður í Touaregnum er allur er eins og við er að búast í lúxusbíl, stöðugleikastýring, rafstýrð driflæsing og aflhemlar, svo eitthvað sé nefnt.

Volkswagen Touareg er skemmtilegur valkostur fyrir þá sem hafa gaman af að aka bíl og vilja sameina margskonar aksturseginnleika í einum bíl. Hækkunarbúnaðurinn og stillanlegir höggdeyfur eru hér punkturinn yfir i-ö, ásamt því að bíllinn er sparneytinn miðað við það afl sem hann skilar. Hér gildir þó það sama og svo oft að verðið er ekki á allra færi.

steinunn@frettabladid.is



Evrópa kann að meta Megane

RENAULT MEGANE ER SÖLUHÆSTI BÍLL EVRÓPU EN FAST Á HÆLA HANS FYLGJA FORD FOCUS OG VOLKSWAGEN GOLF.

Söluhæsti bíll Evrópu er Renault Megane með 4,5 prósent markaðshlutdeild eins og kemur fram á heimasíðu B&L, bl.is. Í öðru sæti er Ford Focus með fjögur prósent markaðshlutdeild og í því þriðja er Volkswagen Golf með 3,5 prósent.

Renault Megane hefur verið geysilega vinsæll í Evrópu og var meðal annars útnefndur Bíll ársins árið 2003 í álfunni. Megane spannar verulega breidd og er bíllinn fánlegur þriggja, fjögurra eða

10 SÖLUHÆSTU BÍLAR EVRÓPU:

Renault Megane	4,5%
Ford Focus	4,0%
Volkswagen Golf	3,5%
Peugeot 206	3,2%
Opel Astra	3,2%
Citroen Xsara + C4	2,6%
Peugeot 307	2,5%
Ford Fiesta	2,3%
Renault Clio	2,1%
Opel Corsa	2,0%



Renault Megane Sport er nýleg viðbót í línanu.

fimm dyra og sem Sport Tourer langbakur. Allar útgáfurnar eru gæddar öryggi og góðum aksturseginnleikum en línan hefur einmitt unnið fjölda verðlauna fyrir tæknilegar útfærslur og framúrskarandi hönnun.

FRÉTTABLAÐIÐ/JAK



Daniél Ingimundarson hendist yfir vatnið á green thunder.

Yfir hóla og hæðir á sérsmíðuðu tryllitæki

Torfærukappinn Daniél Ingimundarson segir torfæruna skemmtilega íþrótt sem ætti að falla flestum í geð.

Daniél Ingimundarson er torfærurkappi sem keppir á bílnum „Green thunder 2“ sem er bíll sem hann smíðaði sjálfur frá grunni, eins og gjarnan tíðkast í torfærurni. „Ég byrjaði að keppa í torfæru árið 1998 en þá keypti ég bara gamlan bíl og keppti á honum í götubílaflokk, með misjöfnum árangri. Fjórum árum seinna ákvað ég að færa mig um set og fara í sérútbúna flokkinn og þá smíðaði ég Green thunder 2, en götubíllinn minn hét líka Green thunder,“ segir Daniél. Nafnið á bílnum segir hann einfaldlega hafa komið frá konunni hans og hafi nú sennilega mest með litinn á bílnum að gera.

„Það er lítið hægt að undirbúa sig fyrir keppni, helst að maður taki einn rúnt á bílnum til að ganga úr skugga um að allt virki. Þegar maður er búinn að spenna á sig beltið og setja upp hjálminn er maður tilbúinn að keppa,“ segir Daniél og hlær. Hann segir torfæruna hafa átt erfitt uppdráttar upp á síðkastið og hafa keppnum farið fækkandi. „Því miður hefur það verið erfitt að ná athygli fólks, sem er miður þar sem

þetta er svo skemmtileg íþrótt. En ég hvet fólki til að kynna sér torfæruna,“ segir Daniél en á vefsíðu hans greenthunder.tk er að finna ýmislegt fróðlegt og skemmtilegt um torfæruíþróttina.

„Þetta er alíslensk akstursíþrótt og hefur hún smitast yfir til Norðurlandanna. Til stóð að halda heimsmeistarakeppni í Noregi í næsta mánuði en henni hefur verið frestað vegna skipulagsklúðurs hjá mótshöldurum þar,“ segir Daniél sem er að vonum svekktur yfir að komast ekki í keppni utanlands.

„Það kemur að því að maður ke, st út, það er mun skemmtilegra að keppa erlendis, miklu betri brautir og gryfjur sem fara ekki illa með dekkinn,“ segir Daniél. ■



Bíllinn green thunder í lausu lofti.



Porsche er þekkt fyrir kraftmikla sportbíla eins og 911 Carrera.

Nýr sportbíll

PORSCHE LEGGUR MIKLA FJÁRMUNI Í NÝJAN SPORTBÍL SEM MUN TIL DÆMIS KEPPA VIÐ ASTON MARTIN.

Þýski bílaframleiðandinn Porsche ætlar að leggja milljarð evra í þróun fjögurra dyra sportbíls sem kemur á götuna árið 2009. Nýi fjólsbílur gengur undir heitinu Panamera og verður fjórða grunnmódel Porsche sem fer í framleiðslu en hin þrjú eru 911, Boxster og Cayenne. Mikinn tíma hefur tekið að þróa bíllinn og mikil leynd hvílir yfir honum en eitt er þó ljóst – bíllinn mun rúma fjóra fullorðna og farangur sem fylgir þeim.



Lexus GS300 árgærd 2006.

Lexus lúxus í Japan

EFTIR 16 ÁR Í SÖLU ER LEXUS LÚXUSMERKIÐ KOMIÐ Í SÖLU Í JAPAN

Lúxusmerkið Lexus hjá Toyota var kynnt í Japan fyrir skemmstu þegar þrjár tegundir voru frumsýndar, sextán árum eftir að merkið var fyrst kynnt í Bandaríkjunum. Ástæða þessarar stefnumótunar er sú að yfirstéttarfolk í landinu er tilbúið að eyða meiri fjármunum en áður þegar lúxusbílar eru annars vegar.

birta

SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR »

RESCUE ME
MIÐVIKUDAGA KL. 21:00



SIRKUS ER KOMINN Í LOFTIÐ!



Áfram veginn

Einar Elí Magnússon kemst leiðar sinnar

Á ferðinni um verslunarmannahelgina

Þessi helgi verður stærsta ferðahelgi ársins. Stór hluti landsmanna bregður sér af bæ til að taka þátt í skipulögðum og óskipulögðum hátíðahöldum, eða til að njóta samvista með vinum og vandamönnum. Margir eru strax farnir að hlakka til og sumir hafa verið að skipuleggja helgina í heilt ár, vonandi þó bara í hjáverkum.

Því miður kennir sagan okkur að við megum búast við óhöppum í umferðinni þegar svo margir eru á ferðinni, svo langt og svo hratt. Til að minnka líkurnar á þeim getum við sameinast um nokkrar reglur sem eru til þess fallnar að koma öllum klakklaut að heiman og heim aftur.

Fyrst og fremst er bannað að flýta sér. Það er ekkert atriði að koma tíu mínútum fyrr á áfangastað og þess vegna höldum við framúrakstri í algjöru lágmarki. Fyrir þá sem verða endilega að keppast við klukkuna má benda á þann möguleika að fara fyrr af stað. Það er rétt að taka sér góðan tíma í ferðalagið, njóta ferðarinnar og halda bili á milli bíla. Við getum líka huggað okkur við að á jöfnum og hóflegum hraða eyðum við minna eldsneyti og ekki er vanþörf á, á þessum síðustu og verstu.

Í öðru lagi ætlum við að taka tillit til annarra sem eru á ferðinni. Það felur til dæmis í sér að þeir sem vilja ferðast í rólegra lagi ættu að vika reglulega út í kant til að hleypa fram úr sér. Þannig myndast ekki hægfara bílalestir og við losnum við langan framúrakstur.

Í þriðja lagi þá keyrir enginn eftir að hafa drukkioð áfengi. Ekki einu sinni eftir nokkra sopa. Það er ekki nóg að vera sama um sjálfan sig í umferðinni, því að maður ber líka ábyrgð gagnvart öðrum sem eru á ferðinni.

Í fjórða lagi notum við beltin, tölum ekki í síma undir stýri, gefum stefnuljós og högum ferðahraða eftir aðstæðum.

Án þess að ég skilji almennilega af hverju, virðist vera línuleg fylgni á milli fjölda bíla í umferðinni og þess, hversu hægt hún fer. Látum það ekki fara í taugarnar á okkur og enn síður þó að við lendum á eftir einhverjum sem fer örlítið hægar en við gætum hugsað okkur að fara. Með því að taka höndum saman og taka umferðinni af stóískri ró getum við minnkað stórlega líkurnar á slysum um næstu helgi. Og alla aðra daga ársins líka.

Á leið minni um Svínahraunið í vikunni blasti við mér minnisvarði um þann fjölda sem hefur látið lífið í umferðinni það sem af er árinu. Er ekki algjör óþarfi að hækka þá tölu? ■

B LADELLUDAGAR
50% afsláttur

AFSLÁTTUR AF BÍLASMÁAUGLÝSINGUM
SEM BIRTAST Í FRÉTTABLAÐINU Á
LAUGARDÖGUM OG Í HEILA VIKU Á VISIR.IS.
GILDIR TIL LAUGARDAGSINS 6. ÁGÚST.

FRÉTTABLAÐIÐ

– stærsti fjálmíðillinn

PANTAÐU S MA 550 5000
EÐA Á VISIRÍSI



Talstöðin
FM 90,9

MARKAÐURINN

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarinnar
fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins.
Alla virka daga kl. 17:30

Tölvupóstur

Þegar þú sendir formlegan tölvupóst í vinnunni skiptir máli að hann sé vel skrifaður og stafsetning og málfar séu til fyrirmyndar. Spurðu einhvern ráða ef þú ert í vafa.



Vilja fjölga íbúðum og auka slysavarnir

Ný stefnumörkun OBHM felur í sér að möguleikar á nýrri sumarhúsabyggð verði kannaðir.

Orlofssjóður Bandalags háskólanna, OBHM, mun ákveða í haust hvort tekið verður upp orlofsávisanakerfi í einhverju formi hjá sjóðnum sem rekið yrði samhliða orlofshúsakerfi sjóðsins.

Þetta kemur fram í nýrri stefnumörkun fyrir komandi ár sem greint er frá á heimasíðu Bandalags háskólanna, bhm.is. Sjóðsstjórnin hefur samþykkt stefnumörkunina og starfað verður eftir henni þar til annað verður ákveðið.

Í stefnumörkuninni kemur fram að stefnt er að fjölgun íbúða í Reykjavík og hugsanlega á Akureyri. Vegna vaxandi áhuga sjóðsfélaga verði skoðað hvort mögulegt sé að byggja nýjan kjarna sumarhúsa á Vesturlandi, en ekki rekin stök hús framvegis.



Vegna vaxandi áhuga sjóðsfélaga verði skoðað hvort mögulegt sé að byggja nýjan kjarna sumarhúsa á Vesturlandi.

Valkvæðni verður aukin varðandi orlofskosti, þó með þeim formerkjum að það flæki umsóknir og afgreiðslu þeirra. Enn fremur er stefnt að því að auka slysavarnir.

Mörg atriði úr fyrri stefnu sjóðsins eru staðfest og ítrekuð í stefnumörkuninni. Meðal annars að sjóðurinn skuli gæta þess að starfa í sátt við umhverfið sitt, nágranna og náttúru. ■



Eysteinn Sigurðsson hefur rekið Krambúðina í tíu ár. Hann leggur áherslu á persónulega þjónustu í sínu starfi.

Nándin í starfinu gefur mér mest

Krumbúðin á Skólavörðustígnum er rekin í anda „kaupmannsins á horninu“ enda gríðarlega vinsæl. Eysteinn Sigurðsson eigandi verslunarinnar nýtur hvorrar mínútu í vinnunni.

„Ég var að leita mér að vinnu og sá þetta auglýst til sölu fyrir tíu árum,“ segir Eysteinn. „Í húsnæðinu var rekin lítil matvöruverslun sem hét einmitt Krumbúðin og ég vildi reka hér búð sem bæri nafn með rentu. Hér fást allar helstu matvörur en að auki erum við með myndbandaleigu og leigjum út ódýrar spólur.“

Eysteinn gerði búðina upp í júlí en þá fagnaði verslunin einmitt tíu ára afmæli. „Það var nú ekkert húllumhæ, en aldrei að vita hvað við gerum. Ég vil að þetta sé notað verslun þar sem öllum finnst gott að koma og ég held að það hafi alveg gengið eftir. Ég á fastan kúnnahóp og það gefur mér mest í þessu starfi, að umgangast fólk og þjónusta það.“

Eysteinn hefur verið óhræddur að ráða til sín fólk sem af einhverjum ástæðum á erfitt uppdráttar á vinnumarkaði. „Það verður að gefa fólk tækifæri og þetta hefur alltaf gengið mjög vel,“ segir hann og hyggst eins og svo margir verslunarmenn hafa opið á frídegi verslunarmanna á

mánudaginn. „Það er ekki hægt annað. Fólk hér í kring reiðir sig á þessa verslun og svo þarf að vera opið fyrir ferðamennina. Þeir eru stór kúnnahópur hjá mér, ekki síst á sumrin. Ég er alltaf með opið frá átta á morgnana til hálf tólf á kvöldin og þannig verður það á mánudaginn.“

Aðspurður segist Eysteinn ekkert ætla að færa út kvíarnar og örugglega ekki að gera Krumbúðina að verslanakeðju. „Nei, það finnst mér ekki spennandi tilhugsun. Aðalatriðið í þessu starfi er nándin og það gefur mér mest. Að kynna fólk og finna að það kann að meta það sem ég er að gera.“

edda@frettabladid.is

Atvinnuleysi minnkar í Þýskalandi

HAGFRÆÐINGAR TAKA ÞESSARI MINNKUN MEÐ FYRIRVARA.

Samkvæmt árstíðarleiðréttnum tölum minnkaði atvinnuleysi í Þýskalandi í júlí, fjórða mánuðinn í röð en er samt mjög nálægt metinu frá því skömmu eftir seinni heimsstyrjöldina. Atvinnuleysisfækkun um 42 þúsund og voru þeir 4,8 milljónir. Ef lítið er til óárstíðarleiðréttra talna um atvinnuleysi þá jókst það um 68 þúsund og í 4,77 milljónir. Þessar tölur koma tveimur mánuðum fyrir kosningar í landinu.

Atvinnuleysi eykst yfirleitt í Þýskalandi í júlí þar sem lærlingar sem hafa lokið iðnnámi sínu snúa þá aftur á vinnumarkaðinn. Fyrirtæki vilja einnig ekki taka við nýju starfsfólki í sumarfríinu. Minnkun árstíðarleiðrétts atvinnuleysis gæti bent til batnandi vinnumarkaðar í Þýskalandi en hagfræðingar taka þessum tölum með fyrirvara. Víst er þó að ástand á vinnumarkaðinum verður eitt af hitamáluðum í komandi kosningabaráttu.



Leitað að vinnu á þýskri vefsíðu á atvinnuleysisríkistofu í Luneburg í Þýskalandi.

Fötluðum leikurum mismunað

Samtök bandarískra leikara, Screen Actors Guild, gáfu út skýrslu í vikunni þar sem kemur fram að fatlaðir leikarar þjást oft í starfi.

Leikarar og skemmtikraftar sem þjást af fötlun eiga fáa fulltrúa í sjónvarpsþáttum, eru líklegri til að vera mismunað á vinnustað og eru hræddir við að biðja um sérstakan aðbúnað vegna hræðslu við að missa hlutverk.

Þetta kemur fram í skýrslu sem bandarísku leikarasamtökin Screen Actors Guild gáfu út í vikunni. Þar kemur fram að tuttugu prósent Bandaríkjamanna þjást af andlegri eða líkamlegri fötlun en minna en tvö prósent sjónvarpspersóna séu fötluð og aðeins 0,5 prósent af fötluðum leikurum fá að segja eitthvað í þáttunum.



Ætli Verne Troyer, sem leikur Mini Me í Austin Powers-myndunum, hafi einhvern tímann sætt mismunun vegna hæðar sinnar?

Skýrslan sýnir einnig að fatlaðir leikarar eru rúmlega fimmtíu prósent líklegri til að verða fyrir mismunun á vinnustað en hinir. ■

LAGERSTARF

Óskum eftir vönum og duglegum lagermanni í heildverslun í Reykjavík.

Stundvísi, reglusemi og jákvæðni eru skilyrði. Vinnutími er frá kl. 8-18. Mikil yfirvinna í boði. Reyklauss vinnustaður.

Vinsamlegast sendið umsóknir á box@frett.is eða til Fréttablaðsins merkt: "Lagerstarf 26".



Fæðingarorlof er ekki sjálfsgætur hlutur.

Barist fyrir lengingu fæðingarorlofs

Bandarískar mæður þurfa oft að láta börnin frá sér í pössun nokkrum vikum eftir að þau fæðast.

Bandaríkin hafa markað sér eigin stefnu þegar kemur að fæðingarorlofum. Á meðan Íslendingar una glaðir við feðra- og mæðraorlof fá Bandaríkjamenn ekkert fæðingarorlof svo heitið geti. Í ákveðnum kjarasamningum hefur verið samið um rétt mæðra til að fá tólf vikna ólaunað fæðingarleyfi en samningarnir ná einungis til þeirra sem vinna á stærri vinnustöðum. Börnin þurfa því að fara í pössun til ókunnugra allt niður í nokkurra vikna gömul.

Ekkert þarf þó að fara langt því rétt handan við landamærin í

Kanada fá mæður fjórtán mánaða orlof eftir fæðingu. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknar sem var gerð í Harvard-háskólanum virðist fæðingarorlof vera viðmiðið. Í henni kom fram að af 168 löndum sem voru rannsökuð voru 163 með einhvers konar launað fæðingarorlof. Bandaríkin eru þar eitt fimm ríkja sem ekki bjóða upp á slíkt og eru þar til dæmis í hópi með vanþróaðri löndum eins og Svasílandi og Nýju-Gíneu.

Hópar femínista í Bandaríkjunum hafa lengi barist fyrir því að fæðingarorlof verði tekið upp en eru ekki allt of bjartsýnir. Ljóst þykir að bandarískir vinnuveitendur muni ekki í bráð samþykkja bæði að greiða fólk laun og láta það halda vinnunni á meðan börn þess eru nýfædd. ■

Peysukvótinn búinn

KÍNVERJAR MEGA AÐEINS FLYTJA ÚT 69 MILLJÓN PEYSUR TIL LANDA INNAN EVRÓPUSAMBANDSINS.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur hindrað innflutning á peysum sem framleiddar eru í Kína eftir að innflutningakvótanum var náð mánuði eftir að kvótakerfið var samþykkt. Kínverjar var leyft að flytja út 69 milljónir peysur til Evrópusambandslanda frá 11. júní til loka þessa árs. Stjórnin hætti hins vegar að gefa út innflutningsleyfi þann 12. júlí því Kína hafði náð takmörkunum. Mikil uppsveifla varð í kínverskum textílútflutningi í byrjun ársins þegar heimskvótakerfi var afnumið. Fjöldinn allur af fólk vinnur í verksmiðjum þar sem vestræn vörur eru fjöldaframleiddar og talsvert ódýrara er fyrir vestræn ríki að láta framleiða vöru sína í Kína en í heimalandinu.



Fjölmarginir vinna við textíllíðnað í Kína og gæti atvinnu þeirra verið í hættu með tilkomu kvótakerfisins.

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

Lausar stöður í leik- og grunnskólum

Hlíðarberg (565 0556 hlidarberg@hafnarfjordur.is)

Leikskólakennarar
Deildarstjórar

Hörðuvellir (664 5845 horduvellir@hafnarfjordur.is)

Leikskólakennarar
Annað uppeldismenntað starfsfólk

Norðurberg (555 3484 nordurberg@hafnarfjordur.is)

Matreiðslumeistari

Smáralundur (565 4493/664 5853)

smaralundur@hafnarfjordur.is

Leikskólakennarar
Almennir starfsmenn
Aðstoð í eldhúsi
Skilavaktir

Vesturkot (565 0220 vesturkot@hafnarfjordur.is)

Leikskólakennarar
Einnig lausar skilavaktir

Áslandsskóli (664 5501 leifur@aslandsskoli.is)

Heimilisfræðikennsla

Hraunvallaskóli (664 5872 ainar@hraunvallaskoli.is)

Almenn kennsla yngri nemenda
Umsjónarmaður heilsdagsskóla
Skólaliðar

Lækjarskóli (664 5877 haraldur@laekjarskoli.is)

Deildarstjóri sérkennslu
Kennari í móttökudeild nýbúa

Víðistaðaskóli (664 5891 annakr@vidistadaskoli.is)

Heimilisfræðikennsla

Öldutúnsskóli (664 5896 herla@oldtunsskoli.is)

(555 1546 maria@oldtunsskoli.is)
Almenn kennsla yngstu nemenda og á miðstigi
Skólaliðar

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði



VELKOMIN TIL HAFNARFJÖRÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri þegar í síma 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is

Ert þú,

duglegur, stundvís, reglusamur ?

Hefur þú,

áhuga á að starfa í litlu framsæknu fyrirtæki ?

Steinsmiðjan Rein leitar af starfsfólki til framtíðarstarfa. Starfið felst í vinnslu á náttúrustein í borðplötur, legsteina o.m.fl.

Reynsla er ekki nauðsynleg en viðkomandi þarf að eiga auðvelt með að tileinka sér starfsaðferðir og vera lærdómsfús.

Starfið er jafnt í smiðju okkar að Viðarhöfða 1 og við verk efni víðsvegar um höfuðborgarsvæðið. Launakjör eru samkvæmt samkomulagi.



Viðtöl veitir starfsmannastjóri á staðnum.

Rein ehf. -Steiniðnaður Viðarhöfða 1, 110 Reykjavík 566-7878

Aðstoðarmaður viðskiptafulltrúa

Sendiráð Bandaríkjanna óskar eftir að ráða aðstoðarmann viðskiptafulltrúa.

Atvinnuauklýsing og starfslýsing er að finna á heimasíðu sendiráðsins www.usa.is.

Síðasti umsóknardagur er 3. ágúst 2005.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Droplaugarstaðir hjúkrunarheimili

Óska eftir að ráða til starfa sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi:

Hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða og starfsmenn í aðhlyningu.

Verið er að taka nýja starfseiningu í notkun með haustinu. Unnið er að breytingum á skipulagi umönnunar og starfsemi starfseininganna.

Markmið Droplaugarstaða er veita íbúum heimilisins hjúkrun og þjónustu sem byggir á sjálfræði íbúans og að koma til móts við óskir hans eftir því sem frekast er unnt. Því vantar áhugasamt starfsfólk til starfa á heimilið, jafnt nýju starfseininguna sem og þær eldri.

Sjúkraþjálfari

Laus er til umsóknar staða sjúkraþjálfara við sjúkraþjálfun heimilisins.

Metnaðarfullt starf í gangi og þátttaka í uppbyggingu á starfsemi sjúkraþjálfunar.

Nánari upplýsingar veita:

Ingibjörg Bernhöft, forstöðumaður

Sími: 4149502

Veffang: ingibjorg.bernhof@reykjavik.is

Ingibjörg Þórisdóttir, deildarstjóri starfsamanna og gæðamála

Sími: 4149503

Veffang: ingibjorg.halla.thorisdottir@reykjavik.is

Bryndís Erlingsdóttir sjúkraþjálfari

Sími: 4149508

Veffang: bryndis.erlingsdottir@reykjavik.is

Einnig er möguleiki á að senda inn umsókn frá heimasíðu heimilisins www.droplaugarstadir.is

Á heimasíðunni er einnig að finna ýmsar upplýsingar um heimilið og starfsemi þess.

REYÐARFJÖRÐUR

Oliudreifing ehf. óskar eftir að ráða starfsmann við starfsstöð sína á Reyðarfirði.

Viðkomandi þarf að hafa meirapróf.

Æskilegt er að viðkomandi sé með ADR-réttindi, en það er ekki skilyrði.

Starfið stendur báðum kynjum jafnt til boða.

Starfssvið: Afgreiðsla og dreifing á fljótandi eldsneyti og öðrum vörum.

Allar nánari upplýsingar veitir: Mór Magnason í síma 474-1525

Oliudreifing ehf. sér um dreifingu á fljótandi eldsneyti fyrir Oliufélagið ehf. og Öliuverzlun Íslands hf. Félagið hefur starfað frá 1. janúar 1996 Sjá nánari upplýsingar um fyrirtækið á www.oliodreifing.is



Löggiltur fasteignasali / lögmaður

Löggiltur fasteignasali / lögmaður óskast til starfa á fasteignasölu.

Góð vinnuástaða og sveigjalegur vinnutími. Vel launað starf.

Umsóknir sendist á box@frettabladid.is eða til Fréttablaðsins, Skaftahlíð 25, 105 Reykjavík merkt „Löggiltur 45“.



Varmárskóli, Mosfellsbæ

auglýsir laus störf skólaárið 2005-2006.

Staða stuðningsfulltrúa í yngri deild ca. 60-70% stöðu-hlutfall.

Staða stuðningsfulltrúa í námsveri/sérdeild ca. 75% starf.

Staða sérkennara/kennara í sérdeild ca.75% starf.

Staða almenns bekkjarkennara og/eða stuðningskennara í 60-70% starf á mið- og yngsta stigi.

Æskilegt að viðkomandi geti tekið nokkra tíma í textíl.

Staða bókasafnskennara eða bókasafnsfræðings í 50-60% starf á skólasafni.

Stundakennsla í spænsku á unglíngastigi.

Stundakennsla í tónmennt á yngsta stigi

(m.a. flautukennsla).

Umsóknarfrestur er til 8. ágúst 2005.

Nánari upplýsingar gefa skólastjóri, Víktor A.

Guðlaugsson í síma 8950701 og 5250700 og einnig aðstoðarskólastjórnarinn Pórhildur Elfarsdóttir og Helga Richter í síma 5250700 eftir 3.ágúst.

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

Staða fulltrúa

Staða fulltrúa á Skólaskrifstofu er laus til umsóknar.

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt við ritun og skjalavörslu auk annarra almennra skrifstofustarfa.

Umsækjandi þarf að hafa gott vald í íslensku máli, vera vandvirkur og reglusamur og hafa til að bera lipurð og jákvæðni í samskiptum.

Æskilegt að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst.

Allar upplýsingar veitir Ingibjörg Einarsdóttir, skrifstofustjóri í síma 585 5800/664 5814.

Umsóknarfrestur er til og með 8. ágúst.

Umsóknum skal skila á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, Strandgötu 31, 220 Hafnarfjörður eða á netfangið ingibje@hafnarfjordur.is

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði



VELKOMIN TIL HAFNARFJÖRÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri þegar í síma 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is



Viltu sveigjanlegan vinnutíma?

Við leitum að starfsfólki í hlutastörf í verslun okkar í vetur, virka daga sem og um helgar. Einnig leitum við að starfsfólki í fullt starf. Viðkomandi þarf að vera samvísikusamur, stundvís og þjónustulipur. Við bjóðum mjög sveigjanlegan vinnutíma og fjölbreytt vinnuumhverfi.

Umsóknareyðublöð er að finna á www.IKEA.is og þjónustuborði IKEA, tilgreina þarf starfið sem sótt er um.

IKEA býður upp á fjölbreytt og lifandi starfsumhverfi. Starfsfólki gefst tækifæri til að vaxa í starfi, axla ábyrgð og vera mikilvægur hlekkur í kraftmiklu og ört vaxandi fyrirtæki.

... þjónn?

Framreiðslumenn eða þjónar starfa á veitingahúsum eða hótélum. Starf þeirra er fólgið í því að taka á móti gestum, færa þeim mat og drykk, ásamt því að halda reikning yfir úttektir gesta og taka við greiðslu. Framreiðsla er löggilt iðngrein og er námið bæði bóklegt og verklegt. Starfið er fjölbreytt og gerir kröfu til þess að sá sem sinni því sé fær í vinnuskipulagi og hafi góða yfirsýn yfir starf sitt. Auk þess krefst framreiðsla þess að viðkomandi hafi góða samskiptahæfileika, hvort sem er í samskiptum við kunnann eða samstarfsfólk sitt.

Nám

Framreiðslunám er þriggja ára samningsbundið iðnnám þar sem þrjár annir eru innan skólans og aðrar þrjár eru starfsnám undir handleiðslu meistara. Menntaskólinn í Kópavogi hefur lengi starfrækt framreiðslubraut en einnig er grunnur að matvælatækni kenndur í Verkmenntaskólanum á Akureyri. Nám í skólanum er sextíu og fimm einingar, það er metið með verklegum og skriflegum prófum og lýkur með sveinsprófi.

Helstu námsgreinar

Nám í framreiðslu er fjölbreytt og reynir á ýmsa þætti. Framleiðslumaður þarf að



Í störfum þjóna felst að geta ráðlagt gestum hvaða vín passar með hverjum rétti.



Þjónar leggja á borð og undirbúa salinn fyrir gestina.

kunna skil á helstu tungumálum til að geta tjáð sig við gestinn. Hann þarf að þekkja meðhöndlun hráefnisins sem hann ber fram og er því örverufræði og hreinlætisfræði á námsskrá. Fagfræði framreiðslu er stór hluti bóklegra námsins og reynir þar á þekkingu á vörnum sem borin er fram, sölutækni, ferðamannalandafræði Íslands og þekkingu á mismunandi neyslunum þjóða.

Inntökuskilyrði

Nemi í framreiðslu þarf að hafa lokið grunnskólaprófi og vera kominn á námssamning hjá meistara í iðninni. Í Menntaskólanum í



Samskipti við samstarfsfólk skipta miklu máli í starfinu.

Kópavogi er ekki gerð krafa um annað aldurstakmark en felst í grunnskólaprófinu en þekkt er að sumir meistara vilji ekki taka að sér nema nema þeir séu orðnir eitthvað eldri en sextán ára.

Að loknu námi

Starfsvettvangur framreiðslumanna er mjög misjafn. Störf á veitingahúsum felast í daglegum undirbúningi á salnum, skreytingu og matseðlagerð, framreiðslunni sjálfri, áfengisþjónustu og kaffilögun. Störf í sal á hóteli eru svipuð þeim. Fólk með framreiðslumenntun vinnur einnig oft í veisluþjónustu og er þjónustan þar töluvert annars eðlis. Margir þjónar bæta við sig námi í stjórnun og rekstri til að styrkja undirstöðurnar í þeim greinum í því skyni að geta tekið fullan þátt í rekstri veitingahúsa og hótela. Rekstrarstjórnar í veitingageiranum hafa því iðulega framreiðslumenntun.

Laun og kjör

Hægt er að hafa ágætlega mikið upp úr því að vera framreiðslumaður. Vissulega fer það eftir því hvar unnið er og stjórnunarábyrgð viðkomandi hvers konar laun eru í boði. Þó ber að hafa í huga að vinnutíminn er sérstaklega óhentugur því mesta álagið á framreiðslumönnum er að sjálfsgöðu á kvöldmatartíma. Af því leiðir að setið er um verkfærni í veisluþjónustu og önnur störf þar sem ekki þarf að vinna framtíðir á hverju kvöldi.



Hjúkrunarritari óskast

til skrifstofustarfa á skilunardeild á Landspítala - háskólasjúkrahúsi, Hringbraut sem fyrst.

Starfið felst aðallega í sjúklingabókhalddi og ýmiskonar ritvinnslu. Vinnutími er frá kl. 8-14.25 alla virka daga og er starfið 80% starf.

Óska eftir lítilli íbúð til leigu í Lækjar-skólalhverfi í Hafnarfirði. S. 893 5255.

25 ára gamall nemi í HÍ óskar eftir 2ja-3ja herb. íbúð á sv. 101, 105 eða 107. Reglusamar, reyklusar og pottþéttar greiðslur. Uppl. í s. 867 1701 e. kl. 18, Magnús.

Fjölskylda óskar eftir stúdíó eða 2ja herb. íbúð frá ágúst. 50-60 þús. Reykl. og reglus. S. 692 4869.

Hákólanemi óskar eftir stúdíóíbúð eða herbergi með baði og eldhúsi. Reyklaus. Uppl. í s. 865 1620.

Óska eftir 4ra herb. íbúð á svæði 101/105/107/104. Greiðslugeta 100 þús. Langtímaleiga. Skilvísar greiðslur, reykleysi og góð umgengi. Uppl. í síma 848 4941.

Stúdíóíbúð nálægt HÍ
27 ára gömlum málvísindanema vantar stúdíóíbúð/gott herbergi nálægt HÍ. Skilvísar greiðslur, meðmæli. Einar Örn sími 661 7324.

Atvinnuhúsnæði

Vantar 70-100 fm atvinnuhúsnæði, helst í Hfj., en ekki skilyrði. Ath. til leigu eða kaups. S. 555 3672, 690 3672 eða jakob@internet.is

Geymsluhúsnæði



Þinn eigin geymslubílskur. 7, 10 og 17 m2. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað www.heymsla.is. S. 564 6500.

Gisting

Gistiheimili Halldoru Hvidovre/Köben Ódýr og góð gisting www.gistiheimil-id.dk 0045-24609552

Ódýr gisting í Kaupmannahöfn, miðsvæðis, LaVilla Uppl. s:0045 32975530 gsm:0045 28488905 www.lavilla.dk

ATVINNA

Atvinna í boði

Óskum eftir að ráða menn í eftirfarandi stöður

Óska eftir að ráða grófumann sem fyrst, um er að ræða vinnu á höfuðborgarsvæðinu og úti á landsbyggðinni, vinnuvélapróf áskilið. Verkamenn óskast í jarðvinnu, um er að ræða vinnu á höfuðborgarsvæðinu. Einnig óskast maður á jarðótu til að vinna við plægingar, um er að ræða vinnu á ýmsum stöðum á landinu.

Rafstrengir ehf. Tunguhálsi 7, 110 Reykjavík. Upplýsingar í síma 822 1551 & 595 1500.

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.Hall-doraBjarna.is

Getum bætt við vönum starfsmönnum á hjólbardaferkstæði og smurstöðvar á Akureyri og Egilsstöðum. Dekkjahöllin, s. 462 3002 & 471 2002.

Hótel Valhöll, Þingvöllum leitar að einstaklingum sem hafa áhuga á að starfa í skemmtilegu umhverfi. Ath: aðeins 20 ára og eldri. Umsóknun skal skilað á hotelvalholl@hotelvalholl.is fyrir 04/08 nk. Óskað er eftir áreiðanlegu fólki í framtíðarstörf. Nánari uppl. í síma 480 7100 (Aníta/Kristbjörg)

Húshjálp og barnagæsla

Leitum að góðri manneskju til að hjálpa til á heimili okkar á höfuðborgarsvæðinu og sækja 2 litla stráka í leikskóla. Um er að ræða hálf dags vinnu. Viðkomandi þarf að hafa bíl til umráða. Áhugasamir hafið samband í S. 846 2190.

Barngóð Au þakast til hálf íslenskrar fjölskyldu á rólegum og öruggum stað í Ísrael. Uppl. í síma 867 4891.

Vélavörð vantar á tæplega 200 tonna netabát sem gerður er út frá Suðurnesjum. Uppl. í s. 892 5522.

Pizza Höllin Mjódd
Óskar eftir að ráða starfsmann í helgar og kvöld vinnu. Uppl. veitir verslunarstjóri í s. 577 6868.

Grandakaffi óskar eftir starfskrafti í eldamennsku. Upplýsingar í síma 892 5549.

Óska eftir vönum járnbindingarmönnum. Einnig óskast klippur og beygjuvél til járnbindinga á sama stað. Uppl. í síma 897 1995.

Bakarí
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí í Breiðholti hálfan daginn og aðra hvora helgi, ekki yngri 20 ára, helst reyklusar. Uppl. í s. 820 7370.

Bakarí Kaffihús
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í Bakarí í Skipholti. Ekki yngri en 20 ára, hálfan daginn og aðra hvora helgi. Uppl. s. 820 7370.

Verkamannavinnu. Vantar duglega menn í vinnu í 3 vikur. Frá og með 4. ágúst. Eingöngu eldri en 20 ára koma til greina. Upplýsingar í síma 896 9507.

Járnsmiður óskast
Viljum ráða vanan járnsmið eða suðumann. Vélvök ehf. Höfðabakka 1. Sími 587 9960.

Atvinna óskast

28 ára kk óskar eftir atvinnu sem gæti hentað með kvöldnámi í vetur, t.d. 8-17. Helst ekki byggingavinnu, er með meirapróf og reynslu af útkeyrslustörfum (litlum/stórum). Nánari uppl. í s. 694 3480 Ólafur.

TILKYNNINGAR

Tapað - Fundið



Hefurðu séð Lubba?
Lubbi hvarf frá heimili sínu Njálsgötu 84 á þriðjudag. Hann er svartur með bláa ól, gæfur og fer aldrei langt að heiman. Hans er sárt saknað. Allar upplýsingar vel þegnar. Fundarlaun í boði. S. 660 2002

Við skorum á ættingja og vini manneskjunnar sem ók utanveggar á Frostastaðahálsi 26. júlí og reif upp hálfra aldar gömul sár að reyna að koma fyrir hana vitinu. Nina og Smári í Landmannalaugum.

Einkamál

TANTRA ERÓTISK VERSLUN

LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD, OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA OPÍD MAN - FÖS 12:00 - 20:00 OG LAUGARD. 12:00 - 18:00

KOMIÐ Í VERSLUN OKKAR AÐ FÁKAFENI 11 Eða SKIÐIÐ HEIMASÍÐU OKKAR

WWW.TANTRA.IS
SÍMI 588 6969.

XXX DVD

BESTA VERÐIÐ
DVD frá kr. 1990 nýjar myndir frá USA 2950, allar VHS á 1498.

grensasvideo.is
Grensásvegi 24 s. 588 6635
Opíð 15.00 - 23.30

Vil kynnst konu á aldrinum 60-65 ára ekki síður utan að landi. Fyrirspurn berast til FBL Skafthlíð 24 merkt "Kona 60-65 ára".

póst húsið

Ef þú hefur áhuga að slást í hóp blaðbera hafðu þá endilega samband í síma **5858330**.

Okkur vantar blaðbera í eftirtalin hverfi:

Á virkum dögum:	
101-13 Laugavegur Snorrabraut	113-02 Mariúbaugur
101-20 Framnesvegur	113-05 Ólafsgesli
101-21 Blómvallagata Brávallagata Hringbraut Ljósvallagata Ásvallagata	113-08 Gvendargeisli
101-22 Hávallagata Túngata	113-09 Grænlandsleið Jónsgeisli
101-27 Eggertsgata	170-02 Lambastaðabraut Nesvegur Tjarnarból Tjarnarstígur
101-39 Bjarkargata Hringbraut Suðurgata Tjarnargata	170-05 Fornaströnd Látraströnd Víkurströnd
101-40 Bergþórugata Njálsgata Snorrabraut	200-17 Hjallabrekka Nýbýlavegur
101-44 Bræðraborgarstígur Drafnarstígur	200-26 Hvannhólmi Starhólmi Stórihjalli Vallhólmi
101-47 Laugavegur	200-45 Brekkutún Bæjartún Grænatún
101-49 Aðalstræti Lækjargata Pósthússtræti Tryggvagata	200-48 Kársnesbraut Litlavör
104-02 Brúnavegur Dyngjuvegur Kleifarvegur Kleppsvegur Vesturbúnað	200-58 Auðbrekka
104-03 Laugarásvegur Sönnuvegur	200-60 Bjarnhólastígur Hátröð Álfhólsvegur
104-07 Langhóltsvegur	210-01 Haukanes Prastanes
104-14 Drekaogur Hlunnavogur Njörvasund Sigluvogur	210-04 Kríunes Súlunes Þernunes
104-20 Skeiðarvogur	210-06 Marargrund Sjávargrund Ægisgrund
105-02 Flókgata Hrefnugata Kjartansgata	210-12 Iðnbúð Smiðsbúð Ásbúð
105-06 Hjálmholt Skipholt Vatnsholt	210-15 Garðafliot Smárafliot Stekkjarfliot
105-07 Flókgata	210-18 Garðafliot Lindarfliot
105-08 Einholt Meðalholt Stórholt	210-25 Asparlundur Einilundur Hvannalundur Skógarlundur Víðilundur
105-12 Langahlíð Skaftahlíð	210-28 Garðatorg Heiðarlundur Hofslundur Kirkjulundur
105-29 Gullteigur Hrísfateigur Kirkjuteigur Silfurteigur	210-29 Hrísmóar Kjarnmóar
105-39 Blönduhlíð	210-30 Hlíðarbyggð Lyngmóar
105-40 Hamrahlíð Stigahlíð	210-31 Brekkubyggð
105-43 Engjateigur Sigtún	220-11 Smyrlahraun Vitastígur Álfaskeið
107-01 Hringbraut	220-31 Brekkugata Lækjargata Suðurgata
107-02 Reynimelur	220-33 Hringbraut Reynihvammur Strandgata
107-07 Birkimelur Reynimelur Víðimelur	220-55 Suðurgata
107-08 Tómasarhagi	221-18 Blómvellir Burknaveilir
107-10 Dunhagi Fálkagata Smyrilsvegur Prastargata	240-05 Blómstuvellir Efstahraun Gerðavellir Hólavellir Höskuldavellir Iðavellir Litluvellir Sólvellir
107-17 Kaplaskjólsvegur Nesvegur	240-06 Amarahraun Borgarhraun Leynisbraut Leynisbrún Staðarhraun
107-20 Boðagrandi Fjörugrandi Keilugrandi	260-03 Hlíðarvegur Holtsgata Hraunsvegur Hólagata Móavegur
107-26 Grandavegur	260-09 Fítjabraut Klapparstígur Sjávargata Tunguvegur
107-27 Starhagi Lambhóll Ægisíða	600-22 Aðalstræti Duggufjara Lækjargata
109-20 Lindarsel Látrasel Lækjarsel Melsel Mýrarsel	810-05 Breiðamörk Heiðmörk Hveramörk Reykjamörk
110-03 Hraunbær	
110-09 Klapparás Kleifarás Lækjarás Malarás	
110-25 Hraunbær	
110-26 Seiðakvísl Árvör	
112-26 Dofraborgir Dvergaborgir Goðaborgir	
112-36 Bakkastaðir	
112-37 Bakkastaðir Barðastaðir	
112-49 Frostafold	

MARKAÐURINN

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ymsa þætti viðskiptalífsins. Alla virka daga kl. 17:30

90,9

Breyttur opnunartími í afgreiðslu

Mán.-mið. 8.00 - 18.00
Fim. og fös. 8.00 - 19.00
Lau. 9.00 - 17.00 og sun. 11.00 - 16

Smáauglýsingasíminn er 550 5000
og er opinn alla daga frá 8.00 - 22.00

FRÉTTABLAÐIÐ **birta** **DV** **Í** **Taboðin** **visir**



!
90,9

LAUGARDAGSMORGUNN
í umsjón Eiríks Jónssonar.
Á Talstöðinni alla laugardaga kl. 10.

GOTT EÐSK. ÞÓRVAR.

atvinna o.fl.

Ertu að leita að góðum starfsmanni?

Hvar ætlar þú að auglýsa?

Á sunnudögum fylgja bæði Morgunblaðinu og Fréttablaðinu sérblöð sem fjalla um atvinnumál og eru atvinnuauglýsingar helsta efni þeirra. Bæði blöðin eru svokölluð innblöð, þ.e. þau eru í miðju aðalblaðanna þannig að lesendur þeirra rekast á atvinnublöðin og ákveða þá hvort þeir skoða þau eða ekki.

LESTUR: DÆMI ÚR NÝRRI GALLUP KÖNNUN *

	20-40 ára
Sunnudagsblað Fréttablaðsins	60,4%
Sunnudagsblað Morgunblaðsins	37,0%
Styrkur Fbl. umfram Mbl.	54,8%

* Upplýsingarnar í þessari auglýsingu eru fengnar úr nýfstaðinni fjölmiðlakönnun Gallup í júní sl. Ekki er tekið tillit til frídreifingar Morgunblaðsins.

Rúmlega helmingi fleiri Íslendingar á aldrinum 20-40 ára lesa sunnudagsblað Fréttablaðsins framyfir Morgunblaðið. Um 60% Íslendinga á sama aldri fletta ekki sunnudagsblaði Morgunblaðsins, sem getur varla hljómað vel fyrir fyrirtæki í leit að góðum starfsmönnum.

allt

- markvissar auglýsingar -

AMERICAN DAD
FRÁ FRAMLEIÐENDUM „FAMILY GUY“
MÁNUDAGA KL. 21:00



SJÓNVARPSSTÖÐIN
SIRKUS ER KOMIN
Í LOFTIÐ

FYLGSTU MED!



SIRKUS

Sjónvarpsstöðin Sirkus er alltaf í ólæstri dagskrá. Stöðin er á rásinni þar sem Popp Tívi var áður. Popp Tívi er á annarri rás á Digital Ísland.

SJÓNARHORN



FRÉTTAABÍÐ/HARI

„Himininn heiður og blár, hafið var skínandi bjart...“ Svo ekki sé minnst á öll litbrigðin af grænu. Þessi einmana hjól benda til þess að kannski hafi hjólreiðakapparnir ákveðið að fleygja sér í grænkuna smástund áður en þeir héldu ferð sinni áfram eitthvað út í þennan stórkostlega blá.

Vissir þú ...

... að Adriaan van der Donck var fyrsti og eini lögfræðingurinn í New York-borg árið 1653?

... að grænir demantar eru sjaldgæfastir?

... að Sahara-eyðimörkin þenst út um einn kílómetra í hverjum mánuði?

... að 1.040 eyjur eru í kringum Bretland og ein af þeim er sú minnsta í heiminum, Bishop's Rock?

... að þrettán þúsund jarðskjálftar verða á hverju ári að meðaltali?

... að Dauðahafið er 365 metrum fyrir neðan sjávarmál?

... að hestar sofa oft standandi?

... að gerviauga var eitt sinn grætt í snák í dýragarðinum í London?

... að það var 1964 sem fyrstu tölvurnar komu til Íslands?

... að í bænum Tidikelt í Sahara eyðimörkinni rignði einu sinni ekki í tíu ár?

... að orðið Síbería þýðir „sofandi land“?

... að alls hafa tólf manns komið til tunglsins?

... að einu sinni voru 3.110 gallsteinar fjarlægðir úr gallblöðru þýskrar konu?

... að Alice Walton er ríkasta kona heims? Hún er dóttir Sam Waltons sem stofnaði Wal-Mart verslunarkerðjuna.

... að 70 prósent jarðarbúa, sama hveurrar trúar þeir eru, trúa á líf eftir dauðann?

... að við það að kyssa einhvern í eina mínútu brennir maður allt að 26 hitaeiningum?

birta

SJÓNVARPSDAGSKRÁ
VIKUNNAR »

OPIÐ ALLA HELGINA STÓRÚTSALA HEFST 30. JÚLÍ

Yfirhafnir í úrvali
20 - 50% afsláttur

Vesti og peysur 2000 kr

Opnunartími:

Laugardag: 11-16

Sunnudag: 12-16

Mánudag: 10-18

Toppúsið - Mörkinni 6 - S: 588 5518

KOLAPORTIÐ

OPIÐ

verslunarmannahelgina

laugardag og sunnudag frá kl. 11-17
lokað mánudag

Krómagnonmenn og Öskjuhlíðin

HVERJIR VORU KRÓMAGNONMENN?

Hugtakið krómagnonmenn á rætur sínar að rekja til fornleifafundar í Cro-Magnon hellisskútanum við bæinn Les Eyzies í Dordogne-héraði í suðvesturhluta Frakklands árið 1868. Verkamenn sem unnu við lagningu járnbrautar komu niður á mannabein og að lokinni rannsókn á staðnum höfðu bein úr fimm til átta einstaklingum verið grafin upp, auk ýmissa dýrabeina og steinverkfæra. Dýrabeinin, meðal annars úr mammútum, bentu til þess að fundurinn væri frá síðasta hluta ísaldar. Steinverkfærin sýndu að auki að hann væri frá því menningarsögutímabili sem kallað er Aurignacien, en það hófst fyrir um 36 þúsund árum og stóð yfir í 6 þúsund ár.

Nútímamaðurinn og neanderdalsmaðurinn

Það vakti strax athygli vísindamanna að beinin frá Cro-Magnon voru af nútímamönnum (Homo sapiens sapiens). Þróunarkenningin var enn ung og mjög umdeild og þessi niðurstaða var því vatn á myllu andþróunarsinna sem töldu að nútímamaðurinn hefði verið skapaður í sinni núverandi mynd og væri ekki afkomandi frumstæðari manntegunda, svo sem neanderdalsmannsins (en uppgötvun hans varð árið 1856 og var því aðeins rúmlega tíu ára gömul). Reyndar kom snemma í ljós að beinin í Cro-Magnon voru 10 til 20 þúsund árum yngri en fundur neanderdalsmannsins úr Feldhofer-hellinum í Neanderthal.

Í dag eru fundarstaðir steingervinga nútímamannsins í Evrópu orðnir þónokkuð margir. Auk Cro-Magnon eru þeir elstu í Móravíu í Tékklandi, það er í Mladec (um 33 þúsund ára) og Predmostí (um 28 þúsund ára). Fornleifafræðingar og þróunarmannfræðingar eru sammála um að Aurignacien-menningarskeiðið sé skeið nútímamannsins en fornleifafundir frá því tímabili eru allt að því 40.000 ára gamlir. Einnig er nú vitað að nútímamaðurinn og neanderdalsmaðurinn lifðu saman í Evrópu í um 7 til 10 þúsund ár, en yngsti fundur neanderdalsmannsins, í Zafarraya á Suður-Spáni, er um 30 þúsund ára gamall.

Nútímamenn kenndir við Cro-Magnon hellisskútann

Snemma skapaðist sú hefð að kenna alla forna nútímamenn við hellisskútann í Les Eyzies og kalla þá krómagnonmenn. Sumir vísindamenn vilja líka kalla frumgerðir nútímamannsins sem fundist hafa í Miðaustralíu (til dæmis í Qafzeh og Skuhl í Ísrael) og eru um 100.000 ára gamlar, frum-krómagnonmenn (e. Proto-Cromagnoids). Mörgum þykja þessar nafngiftir aftur á móti svöltilið villandi þar sem hinir eiginlegu krómagnonmenn eru aðeins fulltrúar nútímamannsins sem settist að í Evrópu.

Afríkuútrásin

Ýmsar rannsóknir hafa sýnt að á þessu tímabili var formfræði nútímamannsins nokkuð einsleit sem þýðir að líkamsgerð hans í Afríku, Evrópu, Asíu og Ástralíu var mjög svipuð. Þetta styrkir stöðir þeirrar tilgátu um uppruna nútímamannsins sem jafnan er kennd við Afríkuútrásina (e. the Out-of-Africa Hypothesis). Samkvæmt henni þróaðist nútímamaðurinn (Homo sapiens sapiens) í Afríku fyrir um

200 þúsund árum. Fyrir rúmum 100 þúsund árum hóf hann svo útrás sem náði til flestra meginlandanna fyrir um 40 til 50 þúsund árum. Síðast náði hann þó til Ameríku en þangað kom nútímamaðurinn fyrst fyrir um það bil 20 þúsund árum.

Evrópubúar í dag eru töluvert ólíkir krómagnonmönnum og í raun má segja það sama um skyldleika íbúa annarra heimsálfa við fyrstu nútímamenn hvers svæðis fyrir sig, eins og til dæmis Asíubúa við hina tæplega 30 þúsund ára gömlu steingervinga úr Efrihelli í Zhoukoudian nálægt Peking. Fjölbreytileiki mannkyns er tilkominn á síðustu 10 þúsund árum. Við erum afkomendur einsleits hóps nútímamanna sem var uppi á síðasta hluta ísaldar. Krómagnonmennirnir voru hluti þessa hóps.

Kristján Mímísson, fornleifafræðingur og þróunarmannfræðingur á Fornleifafræðistofunni.

HVERS VEGNA HEITIR ÖSKJUHLÍÐ Í REYKJAVÍK ÞESSU NAFNI?

Öskjuhlíð getur verið gamalt nafn. Hún hefur vafalaust tilheyrtilandnámsbænum Vík (Reykjavík) frá upphafi. Nafnið Víkurholt, sem nefnt er í máldaga Víkur frá 1379, gæti átt við Skólavörðuholt en þó fremur Öskjuhlíð, þar sem segir: „Víkurold með skóg og selstöðu“ (*Íslenskt fornbréfasafn III*, bls. 340).

Öskjuhlíð í heimildum frá 19. öld

Elín Þórðardóttir hét síðasta selráðskonan í Víkurseli. Árið 1828 gaf hún vitnisburð um landamerki Reykjavíkur og Skildinganes, meðal annars með þessum orðum: „Sel hafði faðir minn og allir hans forfeður vestan og sunnan undir Öskjuhlíð“ (Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson, *Öskjuhlíð, náttúra og saga*. Reykjavík 1993, bls. 24). Nafnið hefur stundum verið stýtt því að í áreiðargerð vegna landamerkjia, þar sem farið er eftir landamerkjum jarða til upprifjunar eða staðfestingar, frá 1787 er talað um „Trevarder paa Hlidi“ (Ólafur Lárusson, *Byggð og saga*. Reykjavík 1946, bls. 106). Jónas Hallgrímsson nefnir Öskjuhlíð í dagbók sinni frá 1840 (*Ritverk II* (1989), bls. 364).

Öskjuhlíð / Eskihlíð

Að minnsta kosti frá því um miðja 19. öld þar hæðin einnig nafnið Eskihlíð. Á korti frá 1850 er nafnið Öskjuhlíð aðalnafnið en Eskihlíð smáletrað (*Öskjuhlíð, náttúra og saga*, bls. 7). Býlið Eskihlíð (síðar við Miklatorg) var þó ekki stofnað fyrr en 1891.

Eski (eskigras) hefur fundist í hlíðinni en líklegra er að nöfnin Öskjuhlíð/Eskihlíð séu dregin af líkingu við öskjur, sem höfðu kúpt lok og voru notaðar meðal annars til að geyma í lín, einkum höfuðbúnað kvenna. Orðin askja, eski og eskja merkja hið sama, oft notað í fleirtölu, trafaöskjur = trafeskjur. Eski er upphaflega trjátegundin askur, en síðan haft um ílát úr þeim viði. Tvímyndir nafnsins kunna því að hafa þekkt frá fornu fari: Eskihlíð og Öskjuhlíð, samanber Eskiholt (Eskjuholt) og Öskjuholt á Mýrum (*Íslenskt fornbréfasafn XV*, bls. 258).

Svavar Sigmundsson, forstöðumaður Örnefnastofnunar.

Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem nefnast. Að jafnaði birtast þar 15-20 ný svör í hverri viku. Meðal spurninga sem

þar hefur verið glímt við að undanfögnu eru: Hvaðan kemur nafnið Garður á byggðarlaga á Suðurnesjum, eru til vampírir, af hverju fer að rigna ef maður drepur járnsmíð, hvar geta Reykjavíkingar skoðað stjörnuhimininn, er til steinn sem flýtur og hvað er einn rúmklómeter af lofti þungur? Hægt er að lesa svör við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum á slóðinni www.visindavefur.hi.is.




BEST Í BÆNUM ROKKAÐU Í REYKJAVÍK

**+ DAGSKRÁ
INNIPUKANS**

**ÍSLENSKIR SENDIHERRAR OG PÓLÍTÍSKAR RÁÐNINGAR
EINKAVIÐTAL VIÐ RAVEONETTES | VAKNAÐ MEÐ KLÁMKÓNGI ÍSLANDS
PARÍSARDAMAN HUGRÚN DÖGG ÁRNADÓTTIR
ROKK, RÓSIR OG GUCCI TÖSKUR + SIRKUSMIDINN**

**KEMUR ÚT ALLA FÖSTUDAGA
VERÐ KR. 300
FÆST Á ÖLLUM HELSTU
BLAÐSÖLUSTÖÐUM LANDSINS**

SIRKUS[®]
NÝTT TÍMARIT. NÝR TÓN.

Skáldskapurinn, baðverðir og vitleysa

Sex erlend skáld eru stödd hér á landi sem gestir á ljóðahátíð félagsskapparins **Nýhils**. Meðal þeirra eru kanadískt metsöluljóðskáld, finnsk skáldkona sem yrkir á sænsku og Bandaríkjamadur sem hrífst af fornsögunum og hegðun íslenskra baðvarða.

Fyrsta alþjóðlega ljóðahátíð félagsskapparins **Nýhils**, *Alljóðlega ljóðahátíðin*, fer fram núna um helgina í Klink og Bank og Norræna húsinu. Sex erlend skáld hafa verið fengin hingað til lands til að taka þátt í hátíðinni. Skáldin sex heita Anna Hallberg (Svíþjóð), Christian Bök (Kanada), Catharina Gripenberg (Finnland), Billy Childish (Bretland), Jesse Ball (Bandaríkin), og Lone Hørslev (Danmörk).

Metsöluskáld

Meðal skáldanna er kanadísk skáldið Christian Bök, sem hlaut hin alþjóðlegu Griffin-verðlaun fyrir ljóðabók sína *Eunoia* árið 2002. Þessi bók Böks er fyrsta og eina kanadísk ljóðabók sem hingað til hefur komist á kanadískum metsölulistanum. Hún var á listanum í fimm vikur og seldist í 15.000 eintökum á einu ári, sem þykir ansi mikið. Jesse Ball er bandarískt skáld sem einnig kemur fram á hátíðinni og fylgdi hann orðum Christians eftir þar sem við sátum yfir kaffibolla og spjöllum: „Það eru mikil tíðindi að 15.000 manns kaupir og lesi bók sem eitthvað er varið í því oftast eru það lélegar bækur sem selst þetta mikið af.“

„Skáldskapur minn er tilraunakenndur, ég skrifa ekki um einkalíf mitt eða náttúruna heldur rannsaka ég tungumálið. Ég er

eins og brjálaður vísindamaður tungumálsins. Ég reyni að teygja út landamæri þess og hvernig það er notað, nota það á óvanalegan og óvæntan hátt,“ segir Christian.

Í kvöld klukkan 23.50 í Klink og Bank ætlar Christian aðallega að flytja hljóðskáldskap sem hefur ekkert endilega merkingarfræðilegt inntak heldur hljómar bara vel, er meira í líkingu við tónlist en skáldskap. „Ef skáldskapurinn hefur einhverja merkingu þá er það bara ágætis viðbót,“ segir Christian og hlær.

Tungumálið og margræðni

Annað skáld sem kemur fram á ljóðahátíðinni er Catarina Gripenberg sem kemur frá Finnlandi og tilheyrir minnihluta í landinu sem talar sænsku. „Ég hef áhuga á tungumálinu og hvernig því er beitt, það er mikið um samtöl í skáldskap mínum. Mér finnst áhugavert hvernig hægt er að láta fólk ljúga í ljóðum, ég reyni að snúa orðunum á hvolf eins og í ævintýri, eins og í Lísu í Undralandi eða eitthvað slíkt,“ segir Catarina, sem annars hélt sig nokkuð til hlés meðan á samtalinu stóð.

„Ástandið í heiminum er margrætt og því þarf að túlka heiminn á margræðan máta. Besta leiðin til að tjá heiminn er ekki að gera að á vísindalegan hátt með staðreyndum heldur að

skapa hugverk sem eru margræð og sýna hlutina í margbreytileika sínum,“ segir Jesse. „Mér líkar venjulega ekkert sérlega vel við önnur skáld og rithöfunda, mér finnst þau reyna svo mikið að vera eitthvað merkileg þannig að oftast hef ég mig hægan í kringum þannig fólk,“ segir Jesse og Christian hlær eins og galinn en yfirgnæfir samt ekki hvellina í naglabyssunni sem verið er að nota til að reisa vegg nærri borðinu á útikaffihúsinu.

Ísland og sundlaugar

„Mér líður eins og ég sé kominn nærri uppruninum þegar ég er hér á landi því Kanada er tæknilega séð norrænt land þrátt fyrir að það sé einnig fjölmenningsarlegt,“ segir Christian, sem rak upp roknahlátur þegar honum var sagt að einungis tæplega 300.000 manns búi á Íslandi og Jesse grípur þráðinn og spyr í kaldhæðni hvort Christian sé að segja að Ísland sé land en ekki einhvers konar risastór innsetning á listasafni því landslagið og umhverfið hérna sé svo rosalegt.

„Eitt það skemmtilegasta sem ég geri þegar ég er hérna á Íslandi er að horfa á baðverðina í laugunum skamma fólk fyrir að þvo sér ekki nægilega vel áður en það fer ofan í. Það þyrfti að festa það á filmu þegar þeir öskra svona á fólk jafnvel þó að ég myndi ekki vilja vera sá sem héldi á vélinni. Annars skil ég vel að það sé ætlast til þess að fólk þrifi sig vel áður en það fer ofan í því í almenningssundalaugunum í New York þaðar fólk sig ekki áður en það fer ofan í og því er notað mikið magn af klór til að draga úr



ÞRjú af erlendu skáldunum Pau Catharina Gripenberg, Jesse Ball og Christian Bök eru öll gestir á alþjóðlegri ljóðahátíð félagsskapparins **Nýhils** sem fram fer í Reykjavík um verslunarmannahelgina.

óhreindunum í vatninu og hárið á manni og húðin verða ógeðsleg af klórinu,“ segir Jesse.

„Hið mikilvægasta við að vera rithöfundur er að setja markið eins hátt og maður getur, setja það svo hátt að maður sjálfur hafi jafnvel ekki trú á því að manni geti tekist að gera það sem maður stefnir að og svo þegar manni mistekst hefur maður í höndunum eitthvað verk sem er strangt til tekið misheppnað en þrátt fyrir það alveg afskaplega fallegt,“ segir Jesse og hér grípur Christian inn í og segir að skáld séu píslar-

vottar tungumálsins, þeir sem eru alltaf að reyna að gera eitthvað sem gengur aldrei alveg upp.

Catarina mun koma fram í Klink og Bank klukkan 21:40 og Jesse klukkan 22:50. Auk þremmenningana munu íslensk skáld eins og Valur Brynjar Antonsson, Davíð A. Stefánsson, Þórunn Valdimarsdóttir og Oberdada von Brutal troða upp og hefst dagskráin klukkan 21. Skúli Þórðarson og Sökudólgarnir slá svo botn í dagskránnu sem sem lýkur einhvern tímann eftir miðnætti.

ingi@frettabladid.is

Tími Sigurjóns mun koma

Búið er að ráða í stöðu útvarpsstjóra. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra skipaði Pál Magnússon, fyrrverandi sjónvarps- og fréttastjóra Stöðvar 2, í starfið til fimm ára og mun hann hefja störf 1. september. Hann tekur við af Markúsi Erni Antonssyni, sem horfinn er til annarra starfa.

Alls sóttu 23 um starfið, sem verður að teljast nokkuð mikið. Einn þeirra sem töldu sig eiga ágæta möguleika var Sigurjón Kjartansson, dagskrárgerðarmaður og grínisti. „Ég var ekki látinn vita,“ sagði hann þegar Fréttablaðið bar undir hann fregnina um að Páll hefði verið ráðinn.

„Þeir höfðu lofað mér að láta mig vita,“ bætti hann við og augljóst að honum var brugðið. Sigurjón hefur í fjölmiðlum undanfarið látið í ljós miklar hugmyndir um hvernig RÚV eigi að vera. „Mér líður þokkalega en þetta eru viss vonbrigði,“ sagði hann en var þó viss um að það sem hefði skipt sköpum í þessu hefði verið viðtal sem Páll hefði fengið. „Það er ekki sama Jón eða Sigurjón,“ sagði hann en bætti þó fljótlega við að kannski væri erfitt að losna við galgopastimpilinn.

Sigurjón var þess þó fullviss að lífið gengi sinn vanagang. „Það er spurning hvernig það gangi uppi á RÚV. Ég þekki reyndar Pál ágætlega, óska honum til hamingju og vona að hann njóti velfarnaðar í nýju starfi,“ sagði Sigurjón auð-

mjúkur. „Fyrst ég fékk ekki starfið var ágætt að hann fékk það,“ bætti hann við og sagðist vona að Páll myndi ekki láta sömu embættisslíkju liggja yfir starfinu.

Sigurjón er þó hvergi af baki dottinn og segist enn eiga fullt inni. „Ég á tæp fimmtán ár í Pál,“ sagði hann. „Minn tími mun koma.“



SIGURJÓN KJARTANSSON Náði ekki að hlera hver hefði verið ráðinn í útvarpsstjóra-stöðuna. Sagðist líða þokkalega þrátt fyrir að hafa ekki fengið starfið.



BERGHILDUR E. BERNHARÐSDÓTTIR Hún er ritstjóri timaritsins Uppeldi og hún sér um Uppeldisþáttinn á Talstöðinni klukkan tvö á sunnudögum.

Líflegar helgar á Talstöðinni

Umsjónarmenn Talstöðvarinnar leggja mikinn metnað í að gera helgardagskrá stöðvarinnar sem áheyrilegasta og nú er svo komið að þar er valinn maður í hverju rúmi. „Illugi útvarpsstjóri sér aðallega um að velja bætti og ráða þeim í dagskrána,“ segir Oddrún Vala Jónsdóttir hjá Talstöðinni. „Svo er auðvitað eitthvað um það að fólk hafi samband og bjóði fram hugmyndir sínar.“

Talstöðin hefur verið starfrækt síðan í febrúar á þessu ári og leggur aðaláherslu á talað mál. Nú virðist vera komin endanleg mynd að helgaruppröðuninni en fyrir skemmstu höfu þrír nýir

þættir göngu sína. Þar má fyrst nefna Barnatímamann í umsjón Elísabetar Brekkan.

„Í Barnatímamannum tek ég viðtal við hressa krakka og þeir segja mér frá áhugamálum sínum og sérgreinum. Svo er lesin upp saga og sagðir nokkrir brandarar,“ segir Elísabet. „Þetta er barnaefni með hefðbundnu sniði.“

Uppeldisþáttur Berghildar E. Bernharðsdóttur er önnur nýjung. Þar er fjallað um ýmis mál tengd uppeldi og líðan barna og unglunga. Að lokum það svo Bókmenntaþátturinn sem Gunnar Þorri Pétursson sér um en hann er frumfluttur klukkan eitt eftir hádegi á laugardögum.

AMERICAN DAD
MÁNUDAGA KL. 21:00



FYLGSTU MED!



Fínir bílar

Gerðu góð kaup!



→ 5.400 þ.

BMW X3
Nýskr. 10.2004 3000cc,
4 dyra, sjsk., ekinn 3 þ.



→ 3.690 þ.

LAND ROVER
RANGE ROVER
Nýskr. 10.2000 4600cc,
5 dyra, sjsk., ekinn 68 þ.



→ 3.200 þ.

BMW 120i
Nýskr. 12.2004 2000cc,
4 dyra, sjsk., ekinn 1 þ.




→ 7.980 þ.

BMW X5 4.6i - Einn með öllu
Nýskr. 12.2003, 4600 cc,
5 dyra, sjsk., ekinn 18 þ.



→ 8.990 þ.

LAND ROVER RANGE ROVER
Nýskr. 10.2003, 4400cc,
5 dyra, sjsk., ekinn 23 þ.



→ 3.230 þ.

Audi A4
Nýskr. 11.2003, 2000cc,
5 dyra, sjsk., ekinn 18 þ.




Grjóthálsi 1
bilaland.is

Opið mán-fös 10-18

575 1230

FRÉTTABLAÐIÐ/ARI MARG



” Að bera virðingu fyrir náttúrunni merkir fyrst og fremst að viðurkenna að hún lýtur ekki vilja okkar og vitund, hún er sjálfstæður veruleiki sem við uppgötuum.

PÁLL SKÚLASON Í nýrri bók sem heitir *Hugsáð með Páli fjalla vinir*, samstarfsmenn og fyrrum nemendur Páls Skúlasonar heimspekings um heimspeki hans. Páll er einn af brautryðendum akademískrar heimspekis á Íslandi því hann kom því leiðar ásamt Þorsteini Gylfasyni að byrjað var að bjóða upp á heimspeki til BA-prófs við HÍ á fyrri hluta áttunda áratugarins.

Gangráður í heilbrigðu hjarta Íslands

Út var að koma hjá Háskólaútgáfunni safn með ritgerðum tileinkuðum Páli Skúlasyri sextugum. Í ritgerðunum fjalla vinir, samstarfsmenn og fyrrum nemendur Páls á gagnrýninn hátt um heimspeki hans og hugðarefni.

Síðastliðinn apríl stóðu Heimspækistofnun Háskóla Íslands og Siðfræðistofnun fyrir tveggja daga málþingi, Pálsstefnu, til heiðurs Páli Skúlasyri heimspekingi og þáverandi rektor í tilefni af sextugsafmæli hans. Á málþinginu voru flutt fimmtán erindi sem nú hafa verið gefin út á bók ásamt grein eftir Róbert H. Haraldsson, sem ekki flutti erindi á málþinginu. Bókin heitir *Hugsáð með Páli* og er ritstýrt af Róberti H. Haraldssyni, Salvöru Nordal og Vilhjálmi Árnasyni.

Í formálsorðum að bókinni segir Vilhjálmur Árnason frá því hvernig Páll og Þorsteinn Gylfason unnu að því að koma á fót heimspekinámi til BA-prófs við HÍ, sem hófst árið 1972, og hvernig þeir ásamt Mikael Karlssyni byggðu upp heimspekinámið við skólann.

Vilhjálmur segir frá því að Páll hafi stungið upp á því að fram-sögumenn á málþinginu tækjust á við eitthvað úr höfundarverki hans og tengir Vilhjálmur þennan vilja Páls við eitt þekktasta atriðið í heimspeki hans; mikilvægi gagnrýninnar hugsunar. Vísad er til orða Páls í því sambandi: „ein mikilvæg leið til að sýna fólki virðingu og tillitssemi (...) er að gagnrýna hugmyndir þess og skoðanir, enda leitast vinir við að leiðbeina hver öðrum.“

Um fjöllun um gagnrýna hugsun er annað af helstu umfjöllunarefnum bókarrinnar en hitt er náttúrusiðfræði Páls.

Gagnrýnin hugsun

Greinar Guðmundar Heiðars Frímannssonar, Mikaela Karlssonar og Björns Þorsteinssonar fjalla allar um gagnrýna hugsun í heimspeki Páls Skúlasonar en gagnrýnin hugsun hjá Páli er hugsun sem „fellst ekki á neina skoðun eða fullyrðingu nema hún hafi fyrst rannsakað hvað í henni felst og fundið fullnægjandi rök fyrir henni“. Þetta felur í sér að mönnum beri að gagnrýna skoðanir annarra viti þeir að skoðanirnar séu rangar því Páll segist aldrei hafa heyrt neinn rökstuðning fyrir því, sem oft er haldið fram á mannamótum, „að virða beri skoðanir annarra“. Hin gagnrýna hugsun Páls á því bæði við um það hvernig maðurinn sér eigin skoðanir og eins hvaða augum hann lítur skoðanir annarra.

Ein þekktasta grein Páls er greinin „Er hægt að kenna gagnrýna hugsun?“ sem fjallar um hvort hægt sé að kenna þá hugsun sem var gróflaga lýst hér að ofan. Mikael telur Pál ekki hafa svarað spurningunni um hvort hægt sé að kenna gagnrýna hugsun og að gaman væri ef hann tæki upp þráðinn aftur og reyndi að klára

verkið. Hann er auk þess efins um að hægt sé að tala um gagnrýna hugsun, því hugsun sé í edli sínu gagnrýnin og því væri fjarstæða að tala um ógagnrýna hugsun.

Guðmundur Heiðar tekur í sama streng og Mikael og telur að Páll hafi ekki svarað spurningunni en telur jafnframt að líklega sé það ekki hægt. Samkvæmt Guðmundi beitum við alltaf gagnrýninni hugsun þegar við hugsum en við gerum það bara misvel.

Náttúran sem sjálfstæð heild

Þorvarður Árnason ræðir ítarlega um náttúrusiðfræði Páls í greininni „Hvernig kemur heimurinn okkur við“. Þar vitnar hann meðal annars til orða Páls um að það að bera virðingu fyrir náttúrunni merki að viðurkenna að hún lúti ekki vilja mannsins og vitund heldur sé hún sjálfstæður veruleiki sem maðurinn uppgötvar.

Í greininni „Staður, Náttúra og Umhverfi“ beitir Ólafur Páll Jónsson einum af hornsteinum siðfræði Immanuel Kants á náttúruna. Samkvæmt Kant á aldrei að koma fram við aðrar manneskjur sem tæki heldur ávallt sem sjálfstæð markmið. Þetta felur meðal annars í sér að við eigum ekki að beita eða spilla öðrum mönnum okkur til miklunar. Af orðum Ólafs má ætla að við megum heldur ekki nota náttúr-

una á þennan hátt því að gildi náttúrunnar sé í vissum skilningi aftengt mannlegum hagsmunum. Gildi manna og gildi náttúrunnar ræðst því ekki af þeirri gagnsemi sem aðrir menn geta haft af þeim.

Þótt grein Þorsteins Gylfasonar fjalli ekki um sýn Páls Skúlasonar á náttúruna heldur um *tákn* er í henni hugsun sem tengja má við þælingar Páls. Til að undirstrika hvað tákn sé segir Þorsteinn að það hafi verið hugmynd Guðjóns Samúelssonar að Þjóðleikhúsið ætti að tákna álfhamar. Svo nefnir hann til sögunnar silfurbergið í hvelvingunni í loftinu yfir anddyri Háskólans og segir það vera *minni* um hlutverk Íslensks silfurbergs í sögu ljósfræðinnar og ljóstækinnar en að hvelvingin sé ekki táknmynd því hún sé ekki mynd af neinu.

Þorsteinn segir að það geti dregið mátt úr hlutunum að tala um þá sem tákn og vísar hann til þess að hafa heyrt Eyjabakka og Þjórsárver kölluð „tákn örfæanna“ í útvarpinu. Það finnst Þorsteini vera máttlítill náttúruverndarstefna, því frekar ætti að friða þessa staði fyrir eigin mátt þeirra eða vegna þess að þeir eru atkvörð fyrir gæsir en vegna þess hvernig maðurinn tákngerir þá. Með því að tákngera staði í náttúrunni er verið að draga úr gildi þeirra sem sjálfstæðra náttúru-fyrirbæra.

Sigríður Þorgeirsdóttir notar sambærileg rök þegar hún talar um samband manna og dýra. Hún vitnar til orða ástralska heimspækingsins Peters Singers um að „bæði menn og dýr búi þetta land“ og að mennirnir geti ekki verið einráðir um not á náttúrunni því ef þeir geri það brjóti þeir á henni og dýrunum sem þar búa. Sigríði er mikið niðri fyrir og endar grein sína á því að lýsa þeirri skoðun sinni að þegar Háslón við Kárahnjúkavirkjun verði fyllt muni það blasa við eins og „skítabali í stásstofu landsins“. Sigríður setur að lokum fram eftirfarandi spurningu: „Hvernig datt ykkur í hug að setja gangráð í heilbriggt hjarta?“

Í umfjöllunum heimspekinganna eru því sameiginleg stefna enda fjalla greinarnar að meira eða minna leyti um heimspeki Páls. Það eru þessi sameiginlegu stef í máli heimspekinganna sem gera bókina þéttari og áhugaverðari aflestrar, því í henni er skýr rauður þráður þótt efnistöð og höfundar séu afar ólíkir.

Sérhæfðari umræða, skemmtilesning og gagnsemi

Í öðrum greinum bókarrinnar en minnst hefur verið á hér er kafað djúpt í einstök atriði í heimspeki Páls. Svavar Hrafn Svavarsson og Kristján Kristjánsson taka fyrir einstök atriði í siðfræði hans og Eyjólfur Kjalar Emilsson fjallar um hamingjuhugtakið í heimspeki Páls, Platóns og Aristotelesar.

Gunnar Harðarson rifjar upp bakgrunn heimspekikennslunnar við HÍ í greininni „Hugsáð við Lögberg“ og það hvernig Páll, Þorsteinn og Mikael komu honum fyrir sjónir sem ungum manni.

Auk þess ber að nefna skemmtilega grein eftir Jón Kalmansson um heimspekina í kvikmyndinni Groundhog Day þar sem hann greinir einstök atriði í myndinni og tengir þau við heimspeki Páls.

Bók þessi ætti bæði að geta gagnast sem inngangsrít fyrir þá sem vilja aðeins kynna sér helstu atriði heimspekis Páls Skúlasonar og einnig fyrir þá sem sem þekkja til heimspekis hans og vilja sökkva sér ofan í ákveðin atriði hennar. Hér er því miður aðeins rúm til að reifa helstu atriði sumra ritgerðanna en bókinn er fróðleg, skemmtileg og litrík hvað varðar efnistöð og stíl höfundanna því þeir eru á mismunandi aldri, hafa mismunandi bakgrunn og hugsa á mismunandi máta, þótt allir séu þeir að fjalla á einn eða annan hátt um heimspeki Páls. Bókin er því einnig ágætis inngangur að hugsun íslenskra heimspekingsa því margir af helstu heimspek-ingum þjóðarinnar eiga ritgerðir í bókinni.

ingi@frettabladid.is

KOMMIN Í SKÍFUNA

á sumartilboði aðeins **1999 kr.**



1.999 kr.

POTTÞÉTT 38 2 FÖLD GEISLAPLATA

PLATA I

1. The Black Eyed Peas
Don't Phunk With My Heart 3:59
2. Wig Wam
In My Dreams 3:02
3. D.H.T.
Listen To Your Heart 4:32
4. Akon
Lonely 3:57
5. Keane
This Is The Last Time 3:29
6. Hildur Vala
Í fylgnum hjartans 3:18
7. 3 Doors Down
Let Me Go 4:00
8. FM All-Stars
Sumarið er tíminn 3:30
9. Backstreet Boys
Incomplete 3:59
10. Destiny's Child
Girl 3:44
11. Nelly feat Tim McGraw
Over & Over 4:14
12. Heitar lummur
Vertu ekki að plata mig 3:43
13. Kylie Minogue
Giving You Up 3:31
14. Joss Stone
Don't Cha Wanna Ride? 3:31
15. Anastacia
Heavy On My Heart 4:27
16. Will Smith
Switch 3:17
17. Amerie
1 Thing 4:01
18. Davíð Smári
You Do Something To Me 3:27
19. Elena Paparizou
My Number One 2:55
20. Modest Mouse
The World At Large 4:32

PLATA II

1. Coldplay
Speed Of Sound 4:49
2. Gorillaz
Feel Good Inc. 3:41
3. Jakob Sveistrup
Talking To You 3:01
4. James Blunt
You're Beautiful 3:36
5. Sálin hans Jóns míns
Þú færð bros 4:01
6. BodyRockers
I Like The Way 3:23
7. Queens Of The Stone Age
Little Sister 2:56
8. Jamiroquai
Feels Just Like It Should 3:40
9. Selma
If I Had Your Love 3:11
10. Snoop Dogg
Let's Get Blown 4:41
11. Jennifer Lopez feat. Fat Joe
Hold You Down 3:55
12. Ryan Cabrera
True 3:24
13. Oasis
Lyla 5:12
14. Ashanti
Don't Let Them 4:25
15. Avril Lavigne
Fall To Pieces 3:28
16. Írafár
Alla tíð 3:21
17. Max Graham vs. Yes
Owner Of A Lonely Heart 2:48
18. The Coral
In The Morning 2:33
19. The Killers
Smile Like You Mean It 3:55



...skemmtir þér ;)

Fullkomin fjölskylduíþrótt?

Frisbeegolf hefur verið að ryðja sér til rúms hér á landi og nú þegar eru komnir upp fjórir vellir. Freyr Gígja Gunnarsson hitti Hauk Árnason frisbeegolfara og fræddist aðeins meira um þessa sérstöku íþrótt.

Þrátt fyrir að frisbeegolf sé langt frá því að vera ný íþrótt úti í hinum stóra heimi er hún það hér á landi. Á undanföllum árum hefur frisbeegolfvöllur farið fjölgandi og eru þeir núna fjórir talsins. Sá fyrsti var byggður við Gufunes-

bæ ÍTR þar sem gestir geta spreytt sig á þessari íþrótt, sem er alls ekki jafn auðveld og hún lítur út fyrir að vera í fyrstu.

Haukur Árnason hefur stundað íþróttina í rúm tvö ár og hefur þegar keppt á nokkrum mótum. Hann var með á opna belgíska mótinu og er á leiðinni við annan mann á opna breska mótið.

Íþróttin á rætur sínar að rekja til Bandaríkjanna og er „bjór- og chillsport“, svo vitnað sé í Hauk sjálfan. Það var vissulega skemmtilegt að röltu um og fleygja frisbeedisk í áttina að þar til gerðum holum. Sjálfur segist Haukur hafa prófað hið hefðbundna golf en ekki náð í bakkerfuna. „Svo prófaði ég þetta og hef eiginlega verið uppi á velli síðan,“ segir hann og hlær. Það leynir sér ekki að hann hefur náð umtalsverðum hæfileikum með frisbeediskinn. Undirritaður þóttist vera sjálfskipaður snillingur í kasti með þessu vinsæla leikfangi en áttaði sig fljótlega á því að það er mikill munur á að kasta bensínstöðvardski og sérsmíðuðum frisbeegolfdiski. „Það tekur smá tíma að átta sig á þessu en flestir sýna miklar framfarir eftir einn hring,“ sagði Haukur hughreystandi þegar frisbeediskur-



GRÍPIÐ Ekki er sama hvernig haldið er á disknum þannig að sem bestur árangur náist.

inn flaug inn í trjálund hjá blaðamanni.

Reglurnar eru svipaðar og í venjulegu golfi. Talað er um par og fugl, menn fara holu í höggi og holustaðsetningar eru mismunandi. Þá eru holurnar mislangar en þegar frisbeegolfarar hafa náð ákveðinni hæfni eru allar holurnar par 3. Haukur var sjálfur með „sett“ þar sem finna mátti mismunandi diska. „Ég er með einhverja sem sveigja til hægri og aðra sem sveigja til vinstri. Þá er ég líka með disk sem ég nota þegar vindurinn er í bakið,“ segir hann.

Þegar líða tekur á hringinn nást ágætis tök á frisbeedisknum þó skorið sé ekki upp á marga fiska. Stutta spilið gengur þó ágætlega.




HAUKUR ÁRNASON Íslandsmótið verður haldið í byrjun september og ekki loku skotið fyrir það að einhverjir erlendir frisbeegolfarar komi hingað til lands.



DISKARNIR Þeir eru sérhannaðir diskarnir fyrir frisbeegolf og það er hægt að fá slíka diska hjá Enso-fyrirtækinu.

„Það hefur verið mikil aukning í íþróttinni á undanföllum árum þó að þetta sé kannski ennþá hálfgerð njarðaíþrótt,“ segir Haukur en telur þó þetta vera hina fullkomnu fjölskylduíþrótt.



DÆMI UM BRAUT Líkt og í hefðbundnu golfi eru gefnar upp lengdir og þar á hverri braut. Rauðir eru fyrir þá sem eru lengra komnir en bláir fyrir þá sem eru styttra á veg komnir.

Audiojunkies fjallar um Bigital

Fjallað er um tónlistarmanninn Birgi Örn Steinarrson úr Maus, sem kallar sig Bigital, á heimasíðunni audiojunkies.net.

Birgir er búsettur í London og hefur verið að leggja lokahönd á sína fyrstu sólóplötu, sem mun líklega heita I Surrender.

„Ég vildi alltaf vera tilraunakenndari með Maus en það er erfíðara þegar þú þarft að fá samþykki þriggja annarra,“ segir Birgir í viðtalinu. „Í Maus þurftu öll lögin að hafa bassa, trommur og tvo gítara. Við gátum ekki breytt út af þeim vana og það truflaði mig alltaf.“

Birgir segist hafa flutt til London til að leita nýrra leiða til að búa til tónlist og um leið að reyna að framfleyta sér með henni. „Peningarnir trufla menn ekki á Íslandi því það er engir peningar til staðar. Markaðurinn þar er svo lítill að það er ekki hægt að lifa af tónlistinni.“

Í Surrender er væntanleg í haust en upptökustjóri er Tim Simenon sem tók m.a. upp plötuna Ultra með Depeche Mode, sem er ein af uppáhaldsplötum Birgis, og lagið Play Dead með Björk.



BIGITAL Tónlistamaðurinn Bigital er að leggja lokahönd á sínu fyrstu sólóplötu.

Ótroðnar slóðir

[TÓNLIST]

UMFJÖLLUN

Hafi einhverjum þótt Björk skrítnin í gegnum tíðina ætti þessi nýjasta plata hennar að vera enn frekari staðfesting á því.

Eftir að Björk gaf út hina frábæru Medúllu á síðasta ári ákvað hún að fara lengra með þær þælingar sem voru þar í gangi og prófa sig meðal annars áfram með japanska þjóðlagatónlist. Afraksturinn notaði hún á plötu við kvikmynd eiginmanns síns, listamannsins Matthew Barney, sem er þekktur fyrir að fara ótroðnar slóðir í listskópun sinni, rétt eins og Björk í tónlistinni. Fyrir fram þjóst maður því við heldur óvenjulegri plötu frá Björk og sú er einmitt raunin. Sum lögin eru ósungin, önnur eru nokkurs konar einsöngur hjá henni eða undarlegum hjálparkokkum hennar. Oft hljóma lögin líka eins og tilraunaupptökur þar sem spuninn er í fyrirrúmi og svipar þannig til nokkurra laga á Medúllu. Aðgengilegasta og jafnframt besta lagið á plötunni er upphafslagið Gratitude þar sem Íslandsvinurinn og konungur framúrsteftu-kántrísins, Will Oldham, syngur á angurværan hátt við fagra hörpu-tóna. Jafnframt nýtur hann að-



BJÖRK: DRAWING RESTRAINT 9

NIDURSTADA: Björk fer lengra með þælingarnar á Medúllu og skilar frá sér skrítnni plötu, sem þó á sín aðgengilegu augnablik. Eflaust á þessi plata vel við kvikmynd eiginmannsins en ein og sér er hún ekkert sérlega heillandi.

stoðar barnakórs í ágætum lokakafla. Lagið Storm er einnig gott þar sem falleg rödd Bjarkar nýtur sín vel auk þess sem fínar raftónlistarþælingar má heyrja í Ambergris March. Eftir þessa plötu má búast við því að Björk vendi kvæði sínu í kross og prófi eitthvað algjörlega nýtt á næstu sólóplötu sinni, eiginlegu framhaldi Medúllu. Eflaust á þessi plata vel við kvikmynd eiginmannsins en ein og sér er hún ekkert sérlega heillandi.

Freyr Bjarnason

BALLET – NÚTÍMA – JAZZ NÁMSKEIÐ

Í Borgarleikhúsinu 8-19 ágúst


Kennarar:

Auður Bjarna
Lauren Hauser
Katrín Hall
Katrín Ingva
María Gísla

Píanisti:

Olga Bragína

Innritun í síma: 864 5315 & 846 1970
Frá kl. 16:00 – 18:00



Brim með „surfpartí“

Brimbrettahljómsveitin Brim heldur „surfpartí“ á skemmtistaðnum 22 annað kvöld. Brim, sem er að halda upp á tíu ára afmæli sitt um þessar mundir, spilar á Innipúkanum klukkan 1.30 í nótt. Þar sem uppselt er á Innipúkanum vildu liðsmenn Brims að fleiri aðdáendur fengju að heyrja í sér og ákváðu því að halda aukatonleika.

„Surfpartíð“ á 22 er haldið í samstarfi við dj. Palla Maus sem ætlar að spila tónlist frá sjöunda áratugnum í hléinu og tekur svo við eftir ballið og mun spila indítonlist fram á rauða nótt. Frítt er inn á 22 til kl. 1.00.

BRIM Hljómsveitin Brim er að halda upp á 10 ára afmæli sitt um þessar mundir.



Frummenn hita upp fyrir Stuðmenn

Ein uppáhaldshljómsveit Íslendinga, Stuðmenn, mun skemmta gestum í Húsdýragarðinum í dag. Þeir hefja leikinn klukkan níu og munu í fyrstu spila í upprunalegri mynd Stuðmanna. „Þetta verða mennirnir sem stofnuðu Stuðmenn en það eru hið mikilhæfa söngvaskáld Valgeir Guðjónsson, söngvarinn geðþekki Gylfi Kristinsson, Ragnar Daniélsson og svo ég sjálfur,“ segir Jakob Frímagnússon. „Þessi hljómsveit hlaut sína eldskírni á Hótel Sögu þar sem fram fór árshátíð Menntaskólans við Hamrahlíð árið 1970 en frummennirnir verða í dag eins konar upphitunarsveit fyrir seinni tíma Stuðmenn. Í gegnum tíðina bættust í hópinn Þórður Árnason, Tómas Tómasson, Egill Ólafsson,



JAKOB FRÍMANN MAGNÚSSON Mun ásamt hljómsveit sinni skemmta gestum í Húsdýragarðinum um helgina.

Sigurður Bjóla og fleiri. Frummennirnir munu flytja fá en vel valin lög í upphaflegum frumútgáfum eins og þau voru þegar þau fæddust í þessum unglingskvartett. Sjarminn við þá ungu hljómsveit var meðal annars sá að ekki var endilega gerð krafa um að menn kynnu vel á hljóðfæri sín heldur vorum við einfaldlega skapgóðir og skemmtilegir strákar. Við áttum vel skap saman og eigum vonandi enn í dag en það kemur í ljós í dag.“ Að sögn Jakobs verður það svo sérstök hátíðarútgáfa af hljómsveitinni Stuðmönnum sem kemur fram á eftir „frummönnunum“ í dag því auk Hildar Völu Einarsdóttur verða þarna þrír menn úr hljómsveitinni Jagúar sem leggja Stuðmönnum lið.



KVENKLIFURFÖT FRÁ 66°NORÐUR
Fyrirtækið Polartec verðlaunaði 66° norður á dögnum fyrir hönnun á íslenskum kvenklifurfötum.

Íslensk klifurföt verðlaunuð

„Við höfum keypt allt okkar flís efni frá Polartec síðan um árið 1990 en okkur er mikill heiður að því að hljóta þessi verðlaun,“ segir Elmar Freyr Vernharðsson markaðsstjóri 66° norður en fyrirtækið hefur nú hlotið Apex verðlaun framleiðslufyrirtækisins Polartec, eins stærsta flísframleiðanda heims, fyrir framúrskarandi vöruhönnun á kvenklifurfötum. Bergþóra Guðnadóttir á heiðurinn af hönnuninni sem nefnist Women's Glymur Softshell jacket og Women's Glymur Softshell Pants. „Ég byrjaði að vinna jakkann fyrir tveimur árum innan línu sem við köllum Glymur og hannar fyrir fólk sem klífur fjöll og er í jadar-sporti. Formið á fótunum lagar sig vel að hreyfingum fjallafólks og svo höfum við gengið lengra í að gera sniðið kvenlegra en önnur útvistarfyrirtæki,“ en fötin vann Bergþóra upp úr nýju efni sem kallast Power Shield. „Þetta er bræðingur af regnheldum öndunarefnum og flísi en efnið er líka 98% vindhelt. Með því að sameina þetta í eitt fæst tiltölulega vatnsfráhrindandi og einangrandi flík sem andar vel. Ég notaði líka teygjanlegt efni í vöruna því það býður upp á þrengra snið án þess að það sé óþægilegt fyrir þá sem stunda mikla hreyfingu.“ Verðlaunajakinn er jafnframt saumlaus á öxlunum þannig að hann hentar vel fyrir bakpöknotkun og undir öllum rennilásnum er vindlisti, gat á innanverðum brjóstvasa fyrir heyrnartól á GSM eða MP3 spilara.“ Elmar segir að Ísland sé eins konar prufumarkaður fyrir útflutningsvörur 66° North og að fyrsta sendingin af jökkunum sé því sem næst uppseld. Buxurnar eru væntanlegar á markað í haust. Meðal þeirra sem hlutu einnig Apex-verðlaunin í ár voru klifurjakki frá The North Face og snjóstrigaskór frá Timberland.

Ferðataskan í sumar

Besti ferðafélaginn
Léttur öllari

Sjokkrokkarinn Alice Cooper, sem spilar í Kaplakrika 13. ágúst, hefur gefið út tugi platna á 35 ára ferli sínum. Á meðal þekktustu laga hans eru Poison og School's Out en auk þess hefur hann komið fram í nokkrum hryllingsmyndum í gegnum tíðina. Einnig muna margir eftir honum úr kvikmyndinni Wayne's World þar sem hann lék sjálfan sig.

Fallaxir og spennitreyjur

Hlakkarðu til að koma til Íslands?

„Það verður frábært. Við höfum aldrei farið þangað áður en við höfum heyrt mikið um landið. Auðviðtað þekkja flestir bara Björk en við vitum samt að Reykjavík er mjög svöl rokk og ról-borg.“

Við hverju mega íslenskir áhorfendur búast á tónleikumum?

„Viðbrögð þeirra verða í góðu samræmi við það sem við berum á borð til þeirra. Síðustu 35 ár hefur Alice Cooper verið með aðeins eina tegund af tónleikum, þar sem við göngum algerlega fram af áhorfendum. Þetta verður allsherjar leikhús- og tónlistarsýning. Við spilum 28 lög og flest fólk hefur heyrt svona 20 af þeim í útvarpinu. Það verður mikið um leikhúsatriði eins og notkun fallaxar og spennitreyju og síðan verða þarna vampírir. París Hilton mætir þarna og lætur bita á sér hálsinn og við verðum með gerviblód og blóður. Í lok tónleikanna líður þér eins og þú hafir farið í besta partíð þitt á öllu árinu. Það er það skemmtilega við þetta. Áhorfendur eiga ekki eftir að fá neina stund til að kasta mæðinni. Ég hef verið að gera þetta síðan 1964 eða '65. Einhver gæti haldið að maður væri kominn með leið á þessu en spurðu bara Ozzy eða McCartney að því sama. Ef þú ert rokkari og átt góð lög á lager færðu aldrei leið á þessu.“

Þú varst fyrstur til að blanda saman leiksýningu og tónleikum, ekki satt?

„Við vorum fyrstir til þess, á undan Bowie og langt á undan Kiss. Enginn hafði áður notað leikmuni eða farða á undan Alice Cooper þannig að við brutum ísinn og fundum upp þennan nýja miðil. Síðan kom Bowie á eftir okkur.“

Hvernig fékkstu þessa hugmynd?

„Í menntaskóla voru listir mitt aðalfag og ég var mikill aðdáandi Salvador Dali, eins og bassaleikarinn minn og gítarleikarinn. Við fórum allir í sömu tímana. Þegar við byrjuðum í hljómsveitinni urðum við sjónrænir og fannst það alveg eðlilegt en það sem við gerðum á sviði var ekki eðlilegt. Á þessum tíma fannst mér rokkið þurfa á þorpurum að halda. Það var nóg af hetjum en það vantaði þorpara. Þess vegna skapaði ég Alice til að búa til Kaftan Krók roksins. Í 35 ár hefur Alice verið aðalvampírinn og erkióvinurinn. Það er gaman að leika þennan karakter vegna þess að ég þarf ekki alltaf að vera hann. Á kvöldin er ég Alice en þegar ég fer af sviðinu verð ég venjulegur aftur.“

Þriggja barna faðir

Hvernig ertu þegar þú ert venjulegur?

„Bara eins og allir aðrir. Ég á þrjú börn og hef verið kvæntur í 29 ár. Ég er dálítið sérvitur og fjölskyldan mín kannski líka en



ALICE COOPER Sjokkrokkarinn ætlar ekkert að gefa eftir í Kaplakrika 13. ágúst.

AÐALVAMPÍRAN Í 35 ÁR

Sjokkrokkarinn heimsfrægi Alice Cooper heldur tónleika hér á landi hinn 13. ágúst næstkomandi. Cooper, sem er á tónleikaferð um Evrópu, var staddur í Barcelona að búa sig undir tónleika kvöldsins þegar Freyr Bjarnason ræddi við hann.

það merkilega er að börnin mín hafa aldrei lent í neinum vandræðum. Þau hafa aðlagast mjög vel. Þú þarft að eyða miklum tíma með börnunum þínum til að þau aðlagist umhverfinu. Konan mín er þekktur ballettkennari þannig að hún er fræg líka. Dætur mínar eru að læra að verða ballerínur og síðan er sonur minn, sem er tvi-tugur, með sína eigin hljómsveit (Runaway Phoenix) sem er frekar góð.“

Hefurðu gaman af ballett?

„Ég hef farið að sjá ballett og skil hann miklu betur núna. Margt af því sem ég hef séð þar hef ég fært yfir í rokkið, til dæmis varðandi lýsinguna uppi á sviðið og leikrænu tilþrífing. Ég hitti konuna mína þegar hún var ballettdansari á Welcome to My Dramaticstúrnum 1975 til '76. Þá hitti ég hana first. Þetta virkaði líka vel því Alice er svo mikið skrímsli á sviðinu en á sama tíma er þessi ballett í gangi fyrir aftan hann. Núna er 24 ára dóttir mín að dansa sama ballettinn við lagið Only Women Bleed eins og konan mín gerði. Ég reyni að halda svona löguðu í fjölskyldunni,“ segir hann og hlær. „Nú á bara tólf ára dóttir mín eftir að bætast í hópinn.“

Þú ert ekkert á leiðinni að setjast í helgan stein?

„Ef þú hugsar um menn eins og Bowie, Mick Jagger, Rod Stewart, McCartney og mig þá er þetta fyrsta kynslóðin af tónlistarmönnum sem veit ekki hvenær hún á að hætta. Ég veit það að plöturnar mínar eru alltaf að verða betri og betri og tónleikarnir mínir eru betri en á áttunda

áratugnum, þannig að ég sé enga ástæðu til að hætta. Sem betur fer lít ég líka út eins og ég gerði árið 1975. Ég er með svipaðan líkama, hef aldrei þurft að glíma við aukakílóin eða misst hárið. Ég er heldur ekki með mikið af hrukkum og er eiginlega bara alltaf eins.“

Stundarðu líkamsrækt?

„Ég fæ nóg af henni á tónleikum. En þegar ég var í menntaskóla var ég langhlaupari og það hefur hjálpað mér að halda þetta allt saman út.“

Góðvinur Bitlanna

Þú hefur hitt margar þekktu tónlistarmenn á þínu ferli. Hver er sá eftirminnilegasti?

„Ég hef hitt alla sem vert er að nefna. Þegar þú varst krakki í menntaskóla hefðirðu aldrei trúað því að þú myndir hitta Bitlana en á endanum urðu þeir góðir vinir okkar. Ég og John Lennon drukkum oft saman og ég hef farið nokkrum sinnum í mat til McCartney. Ég og George vorum líka vinir og fórum oft út að skemmta okkur og ég hitti Ringo oft. Hefði einhver sagt mér þetta þegar ég var 16 ára hefði ég sagt að hann væri brjáláður. Ég hef hitt Stones, þeir eru vinir okkar og líka Led Zeppelin. Við eyddum miklum tíma með þeim því við byrjuðum í þessu á sama tíma. Við bjuggum líka í sama húsi og Pink Floyd. Bob Dylan er eina persónan sem ég hefði viljað kynna aðeins betur. Ég hitti hann nokkrum sinnum en okkur gafst ekki tími til að setjast niður og spjalla.“

Hvað um Jim Morrison?

„Hann var einn af þeim sem

höfðu slæm áhrif á mig þegar ég var ungur,“ segir Cooper og hlær. „Ég fór til Los Angeles þegar hljómsveitin var að reyna að slá í gegn og hver heldurðu að hafi verið fyrsta hljómsveitin sem við hittum? The Doors. Ég eyddi tíma með Morrison og drakk allt of mikið. Við hittum mjög oft hann, Janis Joplin og Jimi Hendrix. Þú getur rétt ímyndað þér að drykkjan hafi farið úr böndunum,“ segir hann og hlær á ný.

Gæðin skipta ekki máli

Þú hlýtur að vera ánægður með farsælan feril?

„Ef þú nærð plötu sem slær í gegn í þessum bransa er það eins og að vinna í lottói. Það er mjög erfitt, en að ná 10-11 plötum í viðbót er ótrúlegt. Það eina sem skiptir máli er að trúa því að þú þurfir að semja góð lög til að halda dampi. Núna eru hljómsveitir heppnar ef þær ná tveimur vinsælum plötum. Mér finnst samt margar af þessum nýju sveitum góðar eins og The White Stripes, Jet, The Vines, The Strokes og The Hives en eftir svona fimm ár veit ég ekki hvort þær verði ennþá til. Þær hafa hæfileikana en eins og plötubransinn er og útvarpið er eins og að eftir tvær plötur sé farið að leita að nýjum hljómsveitum. Ef Paul McCartney semdi plötu núna sem væri betri en Sgt. Peppers yrði hún ekki spiluð í útvarpi, sem er fáránlegt. Ef U2 reyndi að fá plötusamning og enginn hefði heyrt í þeim fengju þeir ekki samning því þær væru of gamlir. Gæðin skipta ekki máli núna heldur það sem er nýtt. Ég bara skil ekkert í þessu. Ég gæti gefið út

mína bestu plötu en hún yrði aldrei spiluð. Núna geri ég bara plötur fyrir aðdáendur mína, sem eru milljón manns. Mér dettur ekki í hug að þær komist í útvarpið og það er frekar fúlt. Í staðinn spila þeir bara ungar hljómsveitir sem hljóma alveg eins og Blink 182.“




Hvað finnst þér um poppið í dag?

„Ég hef alltaf gaman af góðu popplagi. Þegar ég heyrði Oops I Did It Again fannst mér það ansi gott og ég gerði alls ekki lítið úr því. Í poppi er margt rusl og líka í þungarokki, kántrí og hip hoppi. En stundum kemur frábært lag fram, eins og þegar ég heyrði My Sherona fyrst og líka þegar ég heyrði Vertigo með U2. Ég hef aldrei verið mikill aðdáandi U2 en þegar ég heyrði lagið fannst mér það frábært. Mér er alveg sama hver það er, ef hann gerir góða plötu hlusta ég á hana.“

Hvað finnst þér um sveitir eins og Marilyn Manson og Slipknot?

„Þær eru auðvitað algjörar eftirlíkingar af Alice Cooper, en það er allt í lagi. Það eina sem þær þurfa að læra er að ef þær ætla að halda velli verða þær að semja góð lög. Það eina sem vantar í þessar sveitir er þessi klassísku lög en þær eru ungar og hafa tíma. Það eru margar athyglisverðar hljómsveitir þarna úti. Mér finnst Rob Zombie til dæmis mjög góður. Hann hefur gert athyglisverða hluti.“

Þar með voru mínar fimmtán mínútur með Alice Cooper liðnar og hann gat farið að leiða hugann að því að ganga fram af rokkþyrstum spænskum áhorfendum í enn eitt skiptið.



ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á **VÍSIR** VEFTV



HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

Horfðu á sjónvarpið í tölvunni – horfðu á tölvuna í sjónvarpinu. Þú horfir á það sem þér sýnist, þegar þér sýnist, þar sem þér sýnist.

**Yfir 300 sjónvarpsþættir
og kvikmyndir**

í stafrænum gæðum á **VÍSIR.IS**



Ekki Íslandsmet hjá Hirti

Hjörtur Mór Reynisson, sundkappi úr Ægi, keppti í gær í 100 metra flugsundi á heimsmeistaramótinu í sundi í Montreal í Kanada. Honum tókst ekki að fylgja eftir Íslandsmeti sínu í 50 metra flugsundi en hann var í gær fjórðung úr sekúndu frá meti sínu er hann synti á 55,37 sekúndum. Hann var í 35. sæti af 86 keppendum.

sport
sport@frettabladid.is

UEFA-BIKARINN: KEFLVÍKINGAR DRÓGUST GEGN ÞÝSKA LIÐINU MAINZ

Verður mikil upplifun að taka þátt

Guðmundi Steinarssyni, fyrirliða Keflavíkur, leist vel á andstæðing liðsins í 2. umferð forkeppni UEFA-bikarkeppninnar en dregið var í keppninni í gær. Keflavík gat mætt fimm liðum, þremur Norðurlandaliðum, Dundee frá Skotlandi og Mainz frá Þýsklandi. Keflavíkingar mæta því síðastnefnda, sem er klárlega sterkasta liðið af þeim fimm enda leikur það í efstu deild, Bundesligunni, í Þýsklandi.

„Það verður mikil upplifun að fá að taka þátt í þessu ævintýri,“ sagði Guðmundur. „Það er klárt að báðir þessir leikir verða erfiðir, hvort sem er á útivelli eða hér heima.“ Aðspurður segir Guðmundur að hann hafi ekki átt neina óskamótherja áður en dráttur-

inn fór fram. „Það hefði líka verið skemmtilegt að fá FC Kaupmannahöfn og leika á Parken. Þá held ég að okkar stærstu möguleikar að fara áfram hafi legið í að mæta Dundee frá Skotlandi. En þótt Mainz sé mjög sterkt lið byrjar leikurinn í stöðunni 0-0 og það eru ellefu leikmenn í báðum liðum. Það er aldrei að vita hvað gerist,“ sagði Guðmundur.

Í fyrstu umferð mættu Keflavíkingar liði Etzella frá Lúxemborg og vann liðið tvo fremur auðveldi sigra og samanlagt 6-0. Árangur var reyndar metjöfnun íslensks félagsliðs í markaskorun í

Evrópukeppninni. Þar var það Hörður Sveinsson sem skoraði fimm markað liðsins en þrátt fyrir mörg góð færi virtist Guðmundi hreinlega fyrirmunnað að skora í leiknum. „Þetta voru tvö stangarskot og svo smaug boltinn rétt fram hjá í eitt skiptið,“ segir Guðmundur. „En leikurinn hér heima gekk ágætlega, sérstaklega í síðari hálfleik.“


Aðeins Guðmundur og Gestur Gylfason hafa tekið þátt í Evrópukeppninni og því er um frumraun annarra í Keflavíkurlíðinu um að ræða. „Þetta verður mikil upplifun. Við munum spila á velli í Þýsklandi sem verður notaður á HM á næsta ári og var einmitt notaður í Álfukeppninni nú fyrr í sumar. Þetta er alvöru völlum og ekki væri verra að fá nokkra áhorfendur á leikinn.“

> Við finnum til með ...

... Gardari Jóhannssyni en norska félagið Lyn, sem í vikunni gerði KR tilboð í Garðar, hefur ákveðið að skoða betur mál hans eftir læknisskoðun Garðars hjá félaginu. Hann hefur átt við þrálát meidli að stríða undanfarin tvö ár og lítið getað beitt sér á knattspyrnuvelliðum þar til í ár. Það yrði mikil synd ef hann gæti ekki nýtt þetta tækifæri sem honum býðst.

> Við hrósum ...

... Íslensku sundköppnum sem keppa nú á HM í sundi í Montreal í Kanada og þá sérstaklega Jakobi Jóhanni Sveinssyni sem í fyrakvöld komst í undanúrslit í 200 metra bringusundi. Allir Íslensku keppendum hafa verið landi og þjóð til sóma.



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚLÍ

27 28 29 30 31 1 2

Laugardagur

■ ■ SJÓNVARP

- 10.50 Formúla 1 á RÚV.
- 13.30 Íslandsmótið í golfi 2005 á Sýn.
- 13.30 HM í sundi á RÚV.
- 14.30 US PGA golf á Sýn.
- 15.25 Strandblak á Sýn.
- 16.00 Gullmót í frjálsum íþróttum á RÚV.
- 16.25 Landsbankadeildin 7-12. umferð á Sýn.
- 17.25 Motorworld á Sýn.
- 18.25 Bandaríska mótardöðin í golfi á Sýn.
- 19.00 Spænski boltinn á Sýn.
- 20.40 Hnefaleikar á Sýn.
- 22.40 Hnefaleikar á Sýn.
- 01.30 HM í sundi á RÚV.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚLÍ

28 29 30 31 1 2 3

Sunnudagur

■ ■ SJÓNVARP



- 11.30 Formúla 1 á RÚV.
- 14.00 HM í sundi á RÚV.
- 14.50 Chelsea - AC Milan á Sýn.
- 16.30 US PGA Tour í golfi á Sýn.
- 17.25 Gillette sportpakkinn á Sýn.
- 17.55 Bandaríska mótardöðin í golfi
- 18.50 AC Milan - Chelsea á Sýn.
- 21.00 US PGA Buick Open á Sýn.
- 22.45 HM í sundi á RÚV.
- 00.00 NBA á Sýn.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

AGÚST

29 30 31 1 2 3 4

Mánudagur

■ ■ SJÓNVARP

- 16.05 AC Milan - Chelsea á Sýn.
- 17.45 Gillette-sportpakkinn á Sýn.
- 18.15 US PGA Buick Open á Sýn.
- 22.00 AC Milan - Chelsea á Sýn.
- 23.10 Einvígið á Nesinu á Sýn.
- 23.40 Álfukeppnin á Sýn.

Enginn Liverpool-slagur

Dregið var í þriðju umferð forkeppni Meistaradeildar Evrópu í gær og kennir þar ýmissa grasa þó svo að draumaleikur margra um slag Liverpool og Everton hafi ekki orðið að veruleika.

FÓTBOLTI Þeim sem vildu að Liverpool og Everton drægjust saman í 3. umferð forkeppni Meistaradeildar Evrópu varð ekki að ósk sinni þó svo að möguleikinn hafi vissulega verið fyrir hendi. Þess í stað fékk Everton það erfiða verkefni að mæta spænska liðinu Villarreal og Liverpool mætir sigurvegurinum úr viðureignum Tirana KF og CSKA Sofia en síðarnefnda liðið vann fyrri leikinn, 2-0, á útivelli og mun því sennilega mæta Evrópumeisturinum. Kristinn Jakobsson dæmdi téðan leik og komst vel frá því verkefni.

Ef Everton ber sigur úr bítum gegn Diego Forlan og félagnum í Villarreal er enn möguleiki á því að það dragist í riðið með nágrannaliði sínu í Liverpool, það er að segja beri síðarnefnda liðið sigur úr bítum í sínum leik.

Manchester United mætir sigurvegurinum úr leik Hajduk Split frá Króatíu og Debrecen frá Ungverjalandi, sem vann fyrri leik liðanna á heimavelli, 3-0. Það verður því að teljast líklegt að leikmenn United fari til Ungverjalands í næsta mánuði en þar töpuðu þeir óvænt fyrir Zalaegerszeg í sömu keppni árið 2002. Þá unnu þeir síðari leikinn á Old Trafford en fyrrgreind úrslit voru engu að síður pinleg fyrir Alex Ferguson og hans menn.

Rick Parry, framkvæmdastjóri Liverpool, var viðstaddur dráttinn og kvaðst vera sæmilega sáttur. „En við þurfum nú fyrst að vinna okkar vinnu gegn Kaunas



LIVERPOOL GEGN KAUNAS Jamie Carragher fagnar marki sínu gegn Kaunas frá Litháen í leik liðanna í 2. umferð forkeppni Meistaradeildar Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/NORDIC PHOTOS/GETTY

og eftir þann leik getum við byrjað að hugsa um næsta andstæðing,“ sagði hann. „Þegar þar að kemur munum við afla okkur upplýsinga um andstæðinginn eins og við gerum alltaf. Við komum fram við alla okkar andstæðinga af virðingu og vanmetum þá aldrei.“

Andstæðingar Everton voru spútniklið síðustu leiktíðar á Spáni þar sem fyrrum framherji

Manchester United, Diego Forlan, sló rækilega í gegn og skoraði 25 mörk í deildinni og var markahæstur. „Þetta verða tveir góðir leikir – en erfiðir,“ sagði Bill Kenwright, stjórnarmaður í Everton. „En það er stórskemmtilegt að fá að mæta svona góðu liði og frábært að sjá nafn Everton í drætti Meistaradeildarinnar í fyrsta sinn.“ eirikurst@frettabladid.is

Hernan Crespo:

Var nálægt því að hætta

FÓTBOLTI Argentínamaðurinn Hernan Crespo, sem leikur með Chelsea á Englandi, viðurkenndi nýlega að hann hefði næstum því hætt að leika knattspyrnu eftir dvöl sína hjá Chelsea fyrir tveimur árum, en hann lék sem lánsmaður hjá AC Milan á síðustu leiktíð.

„Ég átti við persónuleg vandamál að stríða. Ég kunní ekki ensku og átti afskaplega erfitt með að aðlagast breyttum aðstæðum. Ég fékk litla hjálp frá félaginu, en það er allt annað uppi á teningnum núna. Ég næ ágætis sambandi við leikmennina og hef nú þegar keypt mér íbúð hérna. Fjölskylda mín flytur svo til mín frá Ítalíu þegar öll okkar mál eru komin á hreint.“

Crespo hefur leikið ágætlega með Chelsea í æfingaleikjunum og er viss um að Chelsea nái góðum árangri á næstu leiktíð. „Ég var næstum því hættur að leika knattspyrnu síðast þegar ég var hérna, þar sem ég féll svo illa inn umhverfið hérna. En núna ætla ég að standa mig vel.“

Chelsea er í æfingaferð um Bandaríkin:

Góð innkoma Eiðs Smára

FÓTBOLTI Eiður Smári Guðjohnson byrjaði á varamannabekknun en átti fína innkoma þegar Chelsea sigraði bandaríska liðið DC United í æfingaleik í Bandaríkjunum í fyrrinótt, 2-1. Eiður kom inn á þegar rúmur hálf tími var eftir af leiknum og samkvæmt leikskýrslu á opinberri heimasíðu Chelsea batnaði leikur ensku meistaranum til mikilla muna með innkomu Eiðs.

Jose Mourinho, stjóri Chelsea, var annars ekki ánægður með frammistöðu sinna manna, en hafa verður í huga að hann stillti upp hálfgerðu B-liði í leiknum. „Við vorum skelfilegir í fyrri hálfleik. Í seinni hálfleik vorum við skárrí en samt mjög lélegir,“ sagði Mourinho. DC komst yfir í leiknum með marki eftir hornspyrnu en Damien Duff jafnaði aðeins fimm mínútum síðar með stórklegu marki eftir góðan undirbúning Shaun Wright-Phillips. Það var síðan Hernan Crespo sem skoraði sigurmarkið á 57. mínútu eftir að hafa komið inn á sem varamaður skömmu áður.



EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN Hefur fundið sig afar vel með Chelsea á undirbúningstímabilinu og fengið mikið hrós frá Jose Mourinho. NORDIC PHOTOS/GETTY

ÚR SPORTINU

Lee Bowyer, hinn skapstóri leikmaður Newcastle United, segir **Freddy Shepherd**, stjórnarmann hjá Newcastle, hafa reynt að koma sér að hjá öðru félagi. „Það er ekki gott fyrir sjálfstraustið þegar menn vinna að því hörðum höndum að koma mér frá félaginu. Þótt ég hefði alveg getað hagað mér betur finnst mér ekki sjálfsagt að ég sé seldur á útsöluverði án þess að ég sé hafður með í ráðum.“ Bowyer hefur oft verið til vandræða hjá félaginum sem hann hefur spilað með. Skemmt er að minnast þess þegar hann réðst á **Kieron Dyer**, samherja sinn hjá Newcastle, í leik gegn Aston Villa á síðustu leiktíð og var sektaður um 250 þúsund pund fyrir.

Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal, segir Hollendinginn **Robin van Persie** vera að standa sig vel á undirbúningstímabilinu, en hann fékk lengra frí eftir að lögreglan í Rotterdam hélt honum í gæsluvarðhaldi í tvær vikur fyrir áskanir um nauðgun. „Van Persie á eftir að verða frábær knattspyrnumaður. Hann hefur alla burði til þess að verða einn besti leikmaður í ensku knattspyrnunni. Hann er að ná sér eftir mikið áfall sem þessi upplögn sanga um nauðgun var. Að vera í fangelsi er erfitt fyrir alla unga menn og þessar tvær vikur voru honum virkilega erfiðar. Ég hef séð hvernig hann er að bregðast við og hann verður klár í slaginn eftir tvær til þrjár vikur.“



Milan Baros, framherji Liverpool og landsliðs Tékklands, hefur að undanförnu verið orðaður við brottför frá liðinu, en hann hefur færst neðar í goggunarröðina eftir að **Peter Crouch** gekk til liðs við félagið. Þýska úrvalsdeildarfélagið Schalke hefur þegar lagt fram tilboð í leikmanninn, og hefur Baros látið hafa eftir sér það yrði erfitt að neita þýska félaginu. „Schalke er spennandi kostur. Félagið mun leika í Meistaradeild Evrópu á næstu leiktíð og hefur alla burði til þess að standa sig vel heima fyrir. En ég get þó vel sætt mig við að vera áfram hjá Liverpool. Leikmannahópurinn er að styrkjast og ég er ekkert hraddur við samkeppnina sem myndast. Ég er tilbúinn að berjast fyrir sæti mínu hvar sem er.“

Válerenga, lið Árna Gauts Arasonar, mætir Club Brugge í þriðju umferð forkeppni Meistaradeildar Evrópu ef liðið heldur forskoti sínu gegn FC Haka en Válerenga vann fyrri viðureignina 1-0. Árni Gautur er ekki ókunnugur Meistaradeildinni þar sem hann stóð oft á milli stanganna hjá Noregsmeisturum Rosenborg í leikjum liðsins þar.



VILTU VERA ÞEKKTUR FYRIR HVAÐ SEM ER?

BEST Í BÆNUM

ROKKAÐU Í REYKJAVÍK



**+ DAGSKRÁ
INNIPUKANS**

**KEMUR T ALLA FÖSTUDAGA
VERÐ KR. 300
FÆST Á ÖLLUM HELSTU
ÚLADSÖLUSTÖÐUM LANDSINS**

SIRKUS

NÝTT TÍMARIT. NÝR TÓN.

STUÐ MILLI STRÍÐA · Nett útileguskítkast

RÓSA SIGNÝ GÍSLADÓTTIR ER BORGARBARN.



MYND: HELGI SIGURSSON

Jæja, nú er verslunarmannahelgi og ég er á leiðinni í ræktina. Það er voða kósi að vera í Laugum þessa dagana þegar það er svona fámennt. Ég hlakka til að dunda mér í bænum yfir helgina með vinum og vandaðmönnum, enda hef ég aldrei verið útilegumanneskja.

Ég á reyndar mjög bágð með að skilja sjarmann í kringum útihátíðir og útilegur almennt, sérstaklega um verslunarmannahelgina. Í fyrsta lagi er alltaf vont veður um þessa helgi. ALLTAF. Í síðustu útilegu sem ég fór í, fyrir einum eða tveimur árum, var mjög gott veður en samt sem áður

var ég að krókna um kvöldið í allri múnderingunni. Ég býð ekki í það hvernig það er að vera í rigningarútlegu a la verslunarmannahelgi. Svo vaknar maður í svitabaði um morguninn, sem er ekki kræsilegt. Að fólk skuli hlakka til að hössla í þessari stemningu er mér óskiljanlegt.

En aðalmálið er auðvitað að ég er ekki nógu mikið fyrir sopann. Eflaust hlýnar fólk við maraþondrykkjuna um verslunarmannahelgina og áfengið gerir rigningarsvaðið og svitasvallið í tjöldunum aðeins girnilegra. En þá er ekki hægt að koma í veg fyrir þynnku og ógeð næsta dag svo ég sé ekki snilldina í því.

Ég er bara eka borgarbarn og viðurkenni það hér með. Ég vil fara í mína daglegu sturtu, borða minn

venjulega mat, sofa í RÚMI. Ég hef aldrei verið náttúrubarn og kæri mig lítið um að bonda við náttúruna í gönguferðum og guð má vita hvað. Það er svona „look, but don't touch“-samband á milli okkar; það er gaman að keyra um landið og hoppa út úr bílnum af og til til að berja náttúruundrin augun en það er alveg óþarfi að vera eitthvað að vasast í henni meira.

Er ég pempíusnobbhæns? Ef svo er, þá eru ansi mörg pempíusnobbhæns í heiminum. Það vill nefnilega svolítið gleymast í sveita- og útilegurómantikinni að það eru ansi margir sem hafa einfaldlega önnur áhugamál. Það heyrir bara minna í okkur. Ég er Innipúki og ég er stolt af því. Sjáumst á Nasa... ■

myndasögur

■ PONDUS

Eftir Frode Överli



■ GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ PÚ OG PA

Eftir SÖB



■ KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



■ BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott





Síðasta sumartónleikahelgin við Mývatn er nína um helgina. Í Reykjahlíðarkirkju klukkan 21 í kvöld flytur kór Áskirkju íslenska kórtónlist undir stjórn Kára Þormars. Á morgun verður svo helgistund í kirkjunni í Dimmuborgum klukkan 14 í umsjá séra Örnólfs J. Ólafssonar þar sem almennur söngur og tónlistarflutningur verður í umsjá nemenda Tónlistarskóla Mývatnssveitar ásamt Valmar Völjots. Dagskránni lýkur svo með tónleikum klukkan 21 í Skútustaðakirkju þar sem Wolfgang Tretzsch orgelleikari frá Berlín mun leika fjölbreytta tónlist.

menning

menning@frettabladid.is

Kvartett Dorthe Højland á Jómfrúnni

Á níundu tónleikum sumartónleikaraðar veitingahússins Jómfrúarinnar við Lækjargötu í dag kemur fram kvartett danska saxófónleikarans Dorthe Højland. Auk hennar skipa kvartettinn þeir Jacob Højland á píano, Andreas Dreier á bassa og Søren Olsen á trommur. Kvartettinn mun flytja djasstandarda í bland við eigin tónsmíðar Dorthe Højland. Tónleikarnir hefjast kl. 16 og standa til kl. 18. Tónleikarnir fara fram utandyra á Jómfrúartorginu ef veður leyfir, en annars inni á Jómfrúnni. Aðgangur er ókeypis.



KVARTETT DORTHE HØJLAND Leikur á níundu tónleikum sumartónleikaraðar veitingahússins Jómfrúarinnar.

EKKI MISSA AF...



...ljóðahátíð **Nýhils** sem hófst í gær og lýkur í nótt í **Klink og Bank**. Dagskráin hefst í dag klukkan 12 með málþingi í **Norræna húsinu**.

...tónleikum danska orgelleikarans **Anne Kirstine Mathiesen** í **Hallgrímskirkju** klukkan 12 í dag.

...dagskrá sumartónleika í **Skálholtskirkju** sem standa yfir alla helgina og fram á mánudag.



BACHSVEITIN Í SKÁLHOLTI Flytjendur á tónleikum í Skálholtskirkju um helgina verða þeir Dean Ferrell kontrabassa- og víóloneikari, Bachsveitin í Skálholti, djúpstrengjahópurinn Lilja og einsöngvararnir Hlín Pétursdóttir, Marta Guðrún Halldórsdóttir og Eyjólfur Eyjólfsson.

Fjórða tónleikahelgin í Skálholtskirkju

Um helgina verður sannkölluð maraþonhelgi á Sumartónleikum í Skálholtskirkju því þar verða haldnir sex tónleikar í kirkjunni og verður dagskrá þeirra einkar fjölbreytt.

Nú um helgina fer fram fjórða tónleikahelgi Sumartónleika í Skálholtskirkju í ár en um helgina verða alls sex tónleikar haldnir í Skálholtskirkju.

Dagskráin í dag hefst að venju á fyrirlestri í Skálholtsskóla klukkan 14 en þá mun Steinunn Stefánsdóttir sellóleikari fjalla um tónskáldið

Luigi Boccherini.

Klukkan 15 í dag verður flutt efnisskrá undir yfirskriftinni Aðall og alþýða, England á 17. öld. Þá munu hljóma verk eftir tónskáldin William Lawes, Tobias Hume og Nicholas Lanier. Bachsveitin í Skálholti flytur. Leiðari verður Jaap Schröder og Eyjólfur Eyjólfsson tenór syngur.

Á öðrum tónleikum laugardagsins kl. 17 flytur djúpstrengjahópurinn Lilja efnisskrá sem heitir Boccherini ungur að árum og áhrifavaldar hans. Einleikarar á tónleikum eru Hanna Loftsdóttir og Steinunn Stefánsdóttir sellóleikarar.

Þriðju tónleikar laugardagsins fara fram klukkan 21. Þá flytur Bachsveitin í Skálholti Stabat Mater eftir Boccherini. Leiðari verður Jaap Schröder og einsöngvarar

Hlín Pétursdóttir sópran, Marta Guðrún Halldórsdóttir sópran og Eyjólfur Eyjólfsson tenór.

Á sunnudag kl. 15 verða tónleikarnir Aðall og alþýða, fyrstu tónleikar laugardagsins endurteknir.

Í messunni kl. 17 á sunnudag frumflytur Bachsveitin í Skálholti, ásamt einsöngvurunum þremur, þeim Hlín Pétursdóttur, Mörtu Guðrúnu Halldórsdóttur og Eyjólf Eyjólfssyni, sálminn Önd mín og sala upp sem fyrst í útsetningu Þóru Marteinsdóttur. Þóra er eitt af staðartónskáldunum í Skálholti í ár en hún er úr hópi okkar yngstu tónskálda.

Á mánudaginn 1. ágúst kl. 15 verða kvöldtónleikar laugardagsins endurteknir.

Frekari upplýsingar um Sumartónleika í Skálholti má finna á www.sumartónleikar.is. ■

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚLÍ
28 29 30 31 1
Laugardagur

TONLEIKAR

- 12.00 Tónleikar danska orgelleikarans **Anne Kirstine Mathiesen** sem leikur á tónleikum á vegum Sumarkvölds við orgelið í **Hallgrímskirkju**.
- 15.00 Tónleikar sem bera yfirskriftina **Aðall og alþýða, England á 17. öld** haldnir í **Skálholtskirkju**. Þá munu hljóma verk eftir tónskáldin William Lawes, Tobias Hume og Nicholas Lanier. Bachsveitin í Skálholti flytur. Leiðari verður Jaap

Schröder og Eyjólfur Eyjólfsson tenór syngur.

- 16.00 Á níundu tónleikum sumartónleikaraðar veitingahússins **Jómfrúarinnar** við Lækjargötu, kemur fram kvartett danska saxófónleikarans **Dorthe Højland**. Auk hennar skipa kvartettinn þeir Jacob Højland á píano, Andreas Dreier á bassa og Søren Olsen á trommur. Kvartettinn mun flytja jazzstandarda í bland við eigin tónsmíðar Dorthe Højland. Tónleikarnir standa til kl. 18.

- 17.00 Hljómsveitin **Kimono** heldur tónleika í garðinum á skemmtistaðnum **Sirkus**.

- 17.00 Djúpstrengjahópurinn **Lilja** flytur efnisskrá sem heitir **Boccherini ungur að árum og áhrifavaldar hans**. Einleikarar á tónleikum eru

Hanna Loftsdóttir og Steinunn Stefánsdóttir sellóleikarar.

- 21.00 **Bachsveitin í Skálholti** flytur Stabat Mater eftir Boccherini í **Skálholtskirkju**. Leiðari verður Jaap Schröder og einsöngvarar Hlín Pétursdóttir sópran, Marta Guðrún Halldórsdóttir sópran og Eyjólfur Eyjólfsson tenór.

OPNANIR

- 15.00 **Guðrún Pálína Guðmundsdóttir** opnar 2 sýningar í **Ketilhúsinu**, „Anna bara Anna“ í aðalsal og „Svipir“ á svölum. Sýningin stendur til 21. ágúst og er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 13 til 17.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

birta

SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR »

KRINGLUKRÁIN

Karma ásamt Labba í Mánum í kvöld

Léttir sumarréttir pizzur, salöt, súpur og bökur

Borðapantanir í síma 568 0878 www.kringlukrain.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

KALLI Á ÞAKINU

e. **Astrid Lindgren** • í samstarfi við **Á þakinu**

Lau 13/8 kl 14, Su 14/8 kl 14, Lau 20/8 kl 14, Su 21/8 kl 14

Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is

Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:

5/7, 11/7, 12/7, 13/7 kl. 14-18 6/7, 7/7, 8/7, 14/7, 15/7, 17/7, 22/7, 28/7 kl. 14-20
10/7, 17/7 kl. 12-18 LOKAÐ 18/7 - 21/7, 23/7-27/7, 29/7-11/8

Annie

í Austurbæ

Næstu sýningar eru:

5. sýn. laug. 6/8 kl. 14 sæti laus
6. sýn. sun. 7/8 kl. 14 sæti laus
7. sýn. fim. 11/8 kl. 19 sæti laus

midl.is
551 4700 & 551 0200

Sumaropnun á Draugasetrinu

Alla daga frá kl. 14:00 - 21:00

Pakkatilboð fyrir hópa Kaffiveitingar í hliðarsal Hlaðborð um helgar



Draugasetrid
Stokkseyri
S. 483-1202

www.draugasetrid.is
draugasetrid@draugasetrid.is



Ísland, sækjum það heim!



MÓÐUR VIKUNNAR

> MARTA SMARTA FER YFIR MÁLIN

Útilegutískukrísá

Verslunarmannahelgin hefur aldrei skipað sérstakan sess í lífi mínu og ég er búin að fatta að ég vil vera í Reykjavík þegar „allir“ leggjast í svefnpoka. Auðvitað datt ég í ferðagírinn á mínum yngri árum enda ekki á hverjum degi sem maður gat farið í foreldralaus ferðalög. Ég fór til dæmis nokkrar helgar til Akureyrar, mig minnir að hátíðin hafi heitið „Halló Akureyri“, og svo hef ég farið til Eyja.

Í fyrsta skipti sem ég fór til Akureyrar um verslunarmannahelgi hélt ég að við vinkonurnar værum að fara í útilegu enda ekki hægt að halda annað þar sem við gistum í tjaldi. Þegar ég mætti í tjaldið (sem var tjaldað á „besta“ stað á stóra tjaldstæðinu á Akureyri) degi seinna en hinar vinkonurnar brá mér ískyggilega. Fortjaldið var fullt af háhæluðum þæjuskóm og þegar ég kom inn í tjaldið héngu þar sparikjólur og kápur. Ef mig minnir rétt var ein að reyna að mála sig þarna í appelsínugulu tjaldbirtunni. Gáfulegt! Í fyrstu fannst mér mjög lélegt af vinkonunum að segja mér ekki frá „dresskóðinu“ sem ríkti í þessari ferð.

Þegar fólk kemst á unglingsaldur á það til að ruglast pínulítið, þá sérstaklega í klæðaburði, og sumir eru ekki alveg dómbærir á hvað sé við hæfi og hvað ekki. Um daginn fór ég á tónleika. Þar var hersing af unglingsstelpum sem voru í allt of stuttum þilsum, engum sokkabuxum og flegnum toppum. Slíkur klæðaburður flokkast undir tiskuslys. Ég ætlaði að fara að hneykslast á því hvar mæðurnar hefðu eiginlega verið þegar dómurnar yfirgáfu heimili sín á leið á tónleika og af hverju þær hefðu ekki gripið í taumana. En svo gerði ég mér grein fyrir því að mömmurnar eru kannski ekki sérlega áhrifamiklar og þær flokkast ekki undir tiskufyrirmyndir þegar maður er þrettán ára. Þegar öllu er á botninn hvolft er kannski óþarfi að hafa of miklar áhyggjur. Yfirleitt vitkast konur um tvítugt og fatta hvenær þær eiga að vera í hverju. Hjá sumum gerist það síðar. Flestar mæður hafa samt nokkurn veginn sans fyrir því hvað má og hvað má ekki.

Ég var ekkert skárrí, ég hefði mætt í hælaskóm á drullusvaðið á tjaldstæðinu ef ég hefði bara vitað hvernig vinkonurnar ætluðu að vera. Það rennur alltaf upp sá dagur að fólk fattar að útivistar-föt eru ekkert það alljótasta.



Sjóðheitt sixtís

Förðun í anda sjöunda áratugarins kemur sterk inn með haustinu. Einn helsti innblástur stærstu tiskuhönnuðanna fyrir haust og vetur er „60s Mood“ og því kemur förðun í stíl í kjölfarið. Helstu einkenni 60s-förðunar eru mikill augnskuggi og gerviaugnhár en létt húðlitað gloss á varímar.

Nú er verið að ráðast í gerð myndar um Edie Sedgwick, sem varð fræg í New York á sjöunda áratugnum sem ein af „súperstjörnum“ í fylgdarliði Andy Warhol. Mjög líklegt þykir að mikið „sixtís-æði“ brjótist út um það leyti sem myndin kemur í kvikmyndahús.

TWIGGY er ásamt Edie Sedgwick holdgervingur 60s-tiskunnar.



FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



ALLTAF JAFN FÖGUR Claudia Schiffer andlit Mango 2005 er fönguleg í niðurmjóum gallabuxum.



FATAHÖNNUÐURINN Meghan Fabulous er meðlimur í skvísufélaginu.

Pönklegum áhrifum blandað við dömuleg nútíma klæði

Þótt mörgum finnst það alls ekki dömulegt að klæðast gallabuxum er það samt engin lygi að gallabuxur hafa sjaldan verið vinsælli. Síðasta vetur fór að bera á niðurmjóum gallabuxum, ekki ósvipuðum og pönkararnir voru svo hrifnir af í lok áttunda áratugarins. Þótt tiskuspekúlar hafi veðjað á þetta trend var hinn venjulegi borgari lengi að taka við sér. Almenningur sá þetta trend ekki út frá fagurfræðilegu sjónarhorni. Nú er hins vegar annað hljóð í tiskupæjum og þegar stjörnur eru skoðaðar fíla þær niðurmjóu gallabuxurnar vel. Það kemur virkilega á óvart ef niðurmjóar gallabuxur verða ekki aðalbuxurnar þegar það fer að kólna. Þær koma í ýms-um þvottum og litum og er svart liturinn frekar kúl, enda bætir hann einhverju við fataskápinn hjá flestum. Sænska gallabuxna-merkið Acne er á mikilli siglingu en það var með þeim fyrstu sem kynntu þetta trend. Íslendingar hafa tekið gallabuxunum afar vel en þær fást í versluninni Centrum í Kringlunni. Í versluninni Trilogia á Laugavegi er klárlega flott afbrigði af niðurmjóum gallabuxum en þær eru með örlítilli teygju. Þær koma í nokkrum litum eins og svörtum, hvítum, ferskjulitum og koparbrúnum. Margar konur velta því örugglega fyrir sér hvernig eigi að nota herlegheitin. Númer



ACNE JEANS eru frá Svíþjóð. Gallabuxurnar frá merkinu hafa slegið í gegn. Centrum Kringlunni

eitt er málið að vera í flottum topp við sem má vera svolítið víður og jafnvel í vestu yfir. Þessar gallabuxur fara líka vel við rúllukragapeysur og ekki skemmir að bæta nokkrum hálsfestum við. Meðan sólin leikur við landann er málið að vera í opnum fallegum skóm, ýmist flatbotna eða með hæl og leyfa gallabuxunum að krumpast um öklann. Þegar hitastigið lækkar koma stígvél sterk inn og eru þau höfð utan yfir buxurnar. Svo má náttúrulega nota buxurnar innan undir stutta kjóla, breið belti og rokkaralega leðurjakka. Varist þó að fara pönkleiðina því tíska hundaóla og annarra tóla sem þóttu smart á pönktímanum er komin niður fyrir frostmark.

martamaria@frettabladid.is

BRASILSKA ÚTGÁFAN Veit ekki hvort þessar myndu henta á Íslandi en þetta er hugmynd.



Íslenskt grænmeti

sérmerkt þér!



Á ÝMSAN HÁTT Erlendu stjörnur elska niðurmjótt. Þær eru bæði flottar við stígvél og hælaskó.

TÖFFARALEGAR Trilogia á Laugavegi er með mikið úrval af niðurmjóum gallabuxum.

GULLBRÚNAR gallabuxur frá Trilogiu á Laugavegi.

PÖNKLEGAR Acne Jeans voru meðal þeirra fyrstu sem þóðu að stíga skrefið til fulls.


SMEKKURINN KARÍTAS MÖLLER NEMI Í ARKITEKTÚR

Háhælaðir skór í öllum litum

Karítas Möller leggur á veturna stund á arkitektanám í Kaupmannahöfn, þar sem hún þræðir secondhand-búðirnar á milli þess sem hún lærir að teikna hús. Hún virðist spá þó nokkuð í tískumálin og er með skemmtilega krúttlegan og órlítið gamaldags stíl.

Spáir þú mikið í tískuna? Nei, nei. Kannski smá.

Uppáhaldshönnuður? Marc Jacobs.

Fallegustu litirnir? Brúnn, blár, svartur, grár. Og svo einhverjir brjálaðir litir þar á milli.

Hverju ertu mest svag fyrir? Háhæluðum skóm í öllum litum.

Hvaða flik keyptir þú þér síðast? Ljósbrúnan grófrjónaðan peysubolakjól.

Hvað finnst þér mest sjarmerandi í tískunni? Falleg og áberandi belti við annars látlaus fót.

Hvað ætlar þú að kaupa þér fyrir haustið? Ekkert. Ég er svo blönk.

Uppáhaldsverslun? Glam í Kaupmannahöfn. Og reyndar líka Keiserens Klæder á Rosenborggade í sömu borg.

Þar situr alltaf sami miðaldra maðurinn með sígarettuna sína við afgreiðsluborðið og finnst ekkert skemmtilegra en að veita manni hin ýmsu tískuráð með flikunum sem maður kaupir. Þar fást einnig háhælaðir skór í öllum litum. Já, það er eiginlega uppáhaldsbúðin mín.

Hvað eyðir þú miklum peningum í fót á mánuði? Oftast smá, sjaldnast engum.

Hvaða flíkur gætir þú ekki verið án? Svarts leðurjakka sem ég keypti (jafnvel aðeins of) dýrum dómum á flómarkaði í París.



Uppáhaldsflik? Grænblár kjóll með víðum ermum og furðulegu svörtu mynstri sem ég stytta og nota yfir buxur. Ég pikkaði hann út úr haug af ljótum kjólum á sama markaði í París og hann kostaði sama og ekkert. Ég elska að finna falleg fót sem kosta nánast ekkert.

Hvert myndir þú fara í verslunarferð? Til Parísar. Eða bara hvert sem er með stílistanum Patriciu Field.

Ljótasta flik sem þú hefur keypt þér? Ó, svo margt. Úff. Ég færi bara að gráta við að rifja það upp.



BOLUR frá Selmu Ragnarsdóttur fatahönnuði í Kjörgarði.

Fánafjör

Þjóðernisáhrif geta birst í óteljandi myndum. Það er varla til neitt íslenskra en íslenski fáninn. Íslenskir þjóðernissinnar elska rauðan, bláan og hvítan. Hönnuðirnir Selma Ragnarsdóttir og Perla eru alveg með þetta á hreinu og leggja áherslu á íslenska fánann í sinni hönnun. Selma hannar undir Zelma design en Perla perlar endalosa eyrnalokka. Selma er með vinnustofu í Kjörgarði en Perla selur hönnun sína í Oni sem er í bakhúsi við Laugaveg. Þær stöllur taka þjóðhátíðina með trompi en þær ætla að vera með götumarkað fyrir utan Gallerý Heimalist sem er við Bárugötu í Vestmannaeyjum.



PERLU-EYRNALOKKAR frá Perlu hafa fengið góðar viðtökur.

Geggjaður Getz

“Þessi er alveg ótrúlega léttur og auðveldur í akstri, fyrir utan það hvað hann er kraftmikill. Maður finnur strax muninn. Þá eru litirnir flottir og mælaborðið er töff. Þetta er líka sniðugur bíll með alveg ótrúlega mikinn staðalbúnað. Hann er t.d. með geislaspilara, ABS og meira að segja ISOFIX festingar. Og farangursrýmið er tvískipt. Alveg geggjaður bíll!”

Stóri smábíllinn frá Hyundai

» Hyundai Getz
Verð frá kr. 1.270.000

3 ára ábyrgð

Kr. 14.900
á mánn.*

Hyundai Getz, 5 dýra beinskiptur.
1600 cc vél, 104 hestöfl.
Verð kr. 1.440.000

Bilasamningur kr. 14.900 á mánuði.
m.v. 30% útborgun. Við staðgreiðum þann gamla*.

HYUNDAI
hefur gæðin

Með bíllinn handa þér

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

UPPGÖTVUM REYKJAVÍK UPP Á NÝTT!

KEMUR T ALLA FÖSTUDAGA / VERÐ KR. 300
FÆST Á ÖLLUM HELSTU ÚLABSÖLUSTÖÐUM LANDSINS

SIRKUS

NÝTT TÍMARIT. NÝR TÓN.

SMÁRA BÍÓ
SÍMI 564 0000 HUGSADU STÓRT

HVERJU MYNDIR ÞÚ FÓRNA FYRIR FJÓLSKYLDUNA?
MAGNAÐUR SPENNUTRYLLIR AF BESTU GERÐ
MEÐ BRUCE WILLIS Í TOPPFORMI

„ÞRUSIVEL HEPPIÐ SPENNUNYND“
***1/2-ÓÐH K&F

„...MYND SEM HÆGT ER AD LÍKA VÍÐ DIE HARD, SPENNAÐI OG SKEMMTILEG...“
***-ÓÐH DV

BRUCE WILLIS HOSTAGE

SKEMMTILEGASTA STÓRMYND SUMARSINS
ADAM SANDLER CHRIS ROCK
THE LONGEST YARD
Nú eru það fangarnir gegn vörðunum!

blaðió FM 95.7 BÍÓ.IS

Sýnd kl. 3, 5.30, 8 og 10.30
Sýnd í lúxus kl. 3, 5.30 og 8 B.i. 16 ára

Þorir þú í bíó?

AMITYVILLE
Sýnd kl. 8 og 10 B.i. 16 ára

SIN CITY
Sýnd kl. 2.40, 5.20, 8 og 10.40
Sýnd í lúxus kl. 10.40 B.i. 16 ára

Mr. & Mrs. Smith
Sýnd kl. 5.30 B.i. 14 ára - Síðustu sýningar

Tilboð 400 kr.

Sýnd kl. 3 B.i. 10 ára - Síðustu sýningar

DCI Dolby JDDI SDDS Digital Sound TEX BÍÓ.IS - allt á einum stað

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

HVERJU MYNDIR ÞÚ FÓRNA FYRIR FJÓLSKYLDUNA?
MAGNAÐUR SPENNUTRYLLIR AF BESTU GERÐ
MEÐ BRUCE WILLIS Í TOPPFORMI

„ÞRUSIVEL HEPPIÐ SPENNUNYND“
***1/2-ÓÐH K&F

„...MYND SEM HÆGT ER AD LÍKA VÍÐ DIE HARD, SPENNAÐI OG SKEMMTILEG...“
***-ÓÐH DV

BRUCE WILLIS HOSTAGE

SKEMMTILEGASTA STÓRMYND SUMARSINS
ADAM SANDLER CHRIS ROCK
THE LONGEST YARD
Nú eru það fangarnir gegn vörðunum!

blaðió FM 95.7 BÍÓ.IS

Sýnd kl. 6, 8.30 og 11 B.i. 16 ára

Þorir þú í bíó?

AMITYVILLE
Sýnd kl. 8 og 10 B.i. 16 ára

SIN CITY
Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30 B.i. 16 ára

Mr. & Mrs. Smith
Sýnd kl. 5.30 B.i. 10 ára - Síðustu sýningar

Tilboð 400 kr.

BÍÓ.IS - allt á einum stað

- bara lúxus **LAUGARÁS BÍÓ** Sími 553 2075

SÝNINGARTÍMAR GILDA FYRIR LAU.- MÁN.

ADAM SANDLER CHRIS ROCK
THE LONGEST YARD
Nú eru það fangarnir gegn vörðunum
SKEMMTILEGASTA STÓRMYND SUMARSINS
FÜR REINT Á TOPPINN Í USA

WILL FERRELL
KICKING & SCREAMING

Sýnd kl. 1, 3, 5, 7 og 9 Sýnd kl. 12:50, 3, 8 og 10:15

GEGGJUD GRÍNMYND!
WEDDING CRASHERS
FORSÝND SUNNUDAG KL:11
FORSÝND MÁNUDAG KL:11

MADAGASCAR
ÞAU VENUÐ EKKI FRAÐ Í LANGGASTA...
ÞAU YFNU FLUTVÍÐIÐ HANGAÐ

WAR OF THE WORLDS

Sýnd kl. 1, 3, 5 og 6 m/íslensku tölu Sýnd kl. 8 og 10:15. B.I.14

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS - AÐEINS 400KR!
ATH: SÝNINGAR MERKTAR MEÐ RAUÐU

OWEN WILSON VINCE VAUGHN WITH CHRISTOPHER WALKEN

WEDDING CRASHERS

FYNDNASTA GRÍNMYND ÁRSINS

FORSÝND

SUNNUDAG

OG

MÁNUDAG

KL. 23:00

Í LAUGARÁSBÍÓ

MIDASALA HAFIN!

EGO FM 95.7 LAUGARÁS BÍÓ

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS ALLA HELGINA

EITT - BÍÓ

